# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

135. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 10. JÚNÍ 2017



# 23.787

## viðskiptavinir okkar hafa náð í Einkaklúbbsappið

**Við þökkum þessar frábæru viðtökur frá því við settum appið í loftið í febrúar síðastliðnum.**

Í dag geta viðskiptavinir okkar nýtt sér 341 tilboð hjá um 200 fyrirtækjum á öllum sviðum verslunar og þjónustu um allt land. Ný tilboð birtast reglulega og sífellt bætist í hóp samstarfsaðila og notenda Einkaklúbbsappsins.

Allir viðskiptavinir Arion banka eru í Einkaklúbbnum. Ert þú einn af þeim?




Arion banki – fyrir framtíðina

# 341 tilboð í vasanum

**Áhugamál – 33 samstarfsaðilar**

Til dæmis bókaverslanir, hjólabúðir, bíó, hestaleigur, söfn og allskyns afþreying.

**Allt – 194 samstarfsaðilar**

Heildaryfirlit yfir 341 tilboð.

**Börn – 3 samstarfsaðilar**

Bílstólar, afþreying og fatnaður fyrir fólk framtíðarinnar.




**Fatnaður – 19 samstarfsaðilar**

Tískuföt, íþróttaföt, skór, viðgerðir og hreinsun.

**Heilsa og útlit – 30 samstarfsaðilar**

Allt frá gleraugum og linsum til sundlauga og líkamsræktarkorta.

**Heimilið – 8 samstarfsaðilar**

Matur, málning og húsbúnaður, svo nokkuð sé nefnt.

Arion banki
– fyrir framtíðina

**Náðu í appið og njóttu tilboðanna**

Google Play App Store

Hvíta húsið / SÍA

# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

135. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 10. JÚNÍ 2017


## Þernurnar á Gullfossi

Þó að hetjusöngvar um sjómenn fjalli gjarnan um karlmenn þá hafa konur líka starfað um borð í skipum og stigið ölduna. Þeirra á meðal eru þær Svava Gestsdóttir og Rannveig Ásgeirsdóttir. ➜ 32



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON



**Bretland í brennidepli**
Rýnt í niðurstöður kosninganna. ➜ 16

**Ísland – Króatía**
Strákarnir okkar vilja verja heimavígið. ➜ 26



**Sögur af veginum**
Hrjúfir en ljúfir mótorhjólamenn.
➜ 42







TÖFRANDI SUMARFJÖR
HELGINA 10.–11. JÚNÍ
SJÁ DAGSKRÁ Á BLS. 36–37

SMÁRALIND

## Veður




Norðaustan 5-13 og úrkomulítið og bjart með köflum vestan og norðanlands. Hiti 6 til 16 stig, hlýjast SV-til, en svalast á annesjum Norðanlands. SJÁ SÍÐU 58

# Sumar skærustu stjörnur rappsenunnar komu fram



Það var líf og fjör á Esjunni í gærkvöldi þar sem Emmsjé Gauti, sem hér stendur ofan á hátalara á fjallinu, DJ Þura Stína, sem er einn meðlima Reykjavíkurdætra, Úlfur Úlfur og Aron Can tróðu upp. Fjöldi fólks kom saman nálægt Steininum og hlýddi á rapptóna. Einhverjir lögðu ekki í fjallgöngu en fóru upp í þyrlu. Blíðskaparveður var á fjallinu og stemningin einstaklega góð eins og sjá má á myndinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINO

## Þúsundir mæta í Laugardalinn

**ÍÞRÓTTIR** Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu tekur á móti Króatíu í undankeppni HM2018 á Laugardalsvelli á morgun.

Búist er við fullum velli enda topplið riðilsins að mætast. Króatar hafa þriggja stiga forskot á toppnum og geta komist í vænlega stöðu með sigri. Ætli íslenska liðið hins vegar beint inn á HM kemur eiginlega ekkert annað til greina en sigur.

Boðið verður upp á svokallað FanZone í Laugardalnum fyrir leik. Að auki geta þeir sem ekki fengu miða á leikinn horft á hann þar á risaskjá í hópi annarra miðalausra. FanZone verður einnig í boði þegar íslenska kvennalandsliðið mætir Brasilíu í æfingaleik á þriðjudag klukkan 18.30. Þetta er síðasti leikur liðsins áður en það heldur á Evrópumótið í Hollandi í sumar. – jóe / sjá síðu 26

## Yfir helmingur er með áskrift að Netflix

**AFÞREYING** Yfir helmingur Íslendinga er með áskrift að bandarísku efnisveitunni Netflix samkvæmt nýrri könnun MMR sem var framkvæmd dagana 11. til 16. maí. Um er að ræða 25,6 prósentustiga aukningu frá því að síðasta könnun var gerð í janúar í fyrra. Þá sögðu 33,2 prósent aðspurðra að þau eða einhver á heimilinu væri með áskrift að Netflix.

Í könnun MMR sögðust 2,7 prósent aðspurðra ætla að kaupa áskrift að efnisveitunni á næstu sex mánuðum, en hlutfallið var 7,5 prósent í janúar í fyrra. – kij

**» Af þátttakendum 68 ára og eldri sögðust aðeins 28% vera með áskrift á heimilinu.**

## Manning þakkaði Obama í fyrsta viðtalinu

**BANDARÍKIN** Uppljóstrarinn Chelsea Manning kom fram í viðtali við ABC News í gær. Þar þakkaði hún fyrrverandi forseta Bandaríkjanna, Barack Obama, fyrir að gefa sér tækifæri og segir mörg tækifæri í því fólgin að vera sloppin úr fangelsi.

Manning var leyst úr haldi í maí, 28 árum á undan áætlun, að ákvörðun Obama, en þá hafði hún afplánað sjö ár. Hún var sakfelld fyrir að leka hundruðum þúsunda leynilegra gagna, meðal annars um hernaðaraðgerðir Bandaríkjahers í Írak og Afganistan. Í viðtalinu segir hún það hafa verið skyldu sína gagnvart almenningi að leka gögnunum.

Manning gekkst undir kynleiðréttingarferli á meðan hún var í fangelsi, en fékk ekki hormóna hluta tímans. Hún ræddi líka baráttuna fyrir að fá hormónana í viðtalinu. – sg




# Lögreglan kölluð að heimili Fjallsins

**Lögregla var kölluð í þrígang að heimili Hafþórs Júlíusar Björnssonar kraftlyftingamanns vegna heimiliserja. Heimildir herma að mar og áverkar hafi fundist á fyrrverandi kærustu Hafþórs eftir samskipti við hann. Hafþór harmar það að vera talinn vondi karlinn í málinu og segir málið snúast um hundinn Ástrík.**

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan var kölluð að heimili Hafþórs Júlíusar Björnssonar kraftlyftingamanns, sem jafnan er kallaður Fjallið, á fimmtudagskvöld vegna heimiliserja. Heimildir herma að hann hafi meðal annars meinað konu útgöngu úr húsi hans.

Konan komst út við illan leik, en hún stökk út um opinn eldhúsglugga og leitaði aðstoðar hjá nágrönnum Hafþórs. Í kjölfarið var lögreglan kölluð til en Hafþór var ekki handtekinn vegna atviksins. Málið hefur enn ekki verið kært til lögreglu.

Nágrannar Hafþórs urðu vitni að atburðarásinni.

Þetta er í þriðja sinn á rúmu hálfu ári sem lögreglan er kölluð til vegna framgöngu Hafþórs við konuna. Í nokkur skipti hefur konan borið mar um líkamann eftir samskipti við Hafþór. Fyrsta atvikið, þar sem lögregla var kölluð til, átti sér stað 30. desember síðastliðinn en Hafþór og konan slitu samvistum fyrir nokkru síðan.

„Ég hef engan áhuga á að tala um þetta. Þetta er einkamál sem er mjög viðkvæmt. Mér finnst leiðinlegt að ég komi út sem einhver vondur kall,“ sagði Hafþór Júlíus þegar Fréttablaðið leitaði viðbragða hans í gær.

Hafþór segir málið snúast um hund sem hann og fyrrverandi kærastan deila um forræði yfir. „Hann heitir Ástríkur. Á fimmtudag fékk ég að hafa hundinn. Hún vill ekki að ég sé með hundinn og vill fá að koma yfir en ég vildi fá að hafa hundinn um nóttina. Þetta er æðislegur hundur og mér þykir vænt um hann. Þú veist hvernig getur verið í sambandsslitum, það getur verið hiti í kolunum og við förum að þræta. Þá vill hún tala við mig, og ég eins og hálfviti læt blekkjast aftur, sest niður í stól og um leið tekur hún af stað og stekkur út. Við þetta bregður mér rosalega og ég fer á eftir henni. Þegar við erum að hlaupa næ ég í hana og tek í peysuna hennar. Við þetta verða læti og þá er nágranni sem hringir væntanlega á lögregluna og þá sleppi ég henni og lögregla kemur á svæðið,“ segir Hafþór um atvikið á fimmtudag.



Hafþór segir málið snúast um hundinn Ástrík. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hafþór Júlíus er annar sterkasti maður í heimi en hann endaði í öðru sæti í keppninni Sterkasti maður heims fyrir tæplega tveimur vikum. Hafþór var einu stigi frá sigri í keppninni. Hann fékk viðurnefnið Fjallið eftir leik sinn í þáttaröðinni Game of Thrones. Hann hefur verið talsvert til umfjöllunar í íslenskum og erlendum miðlum undanfarin ár. snaeros@frettabladid.is


HÚSASMIÐJAN
blómaval
TILBOÐSHELGI
Í HÚSASMIÐJUNNI OG BLÓMAVALI
Nýtt blað
Húsasmiðjublaðið er komið út
Sprengiverð um helgina
Tilboð á vinsælu Jotun pallaolíunni
Allir fá ís
í Skútuvogi í dag kl. 13-16
Allir fá pylsu og Svala
í Skútuvogi í dag kl. 13-16
JOTUN
Treolje
Träolja/Træolie
Pallaolía Jotun Treolje
1.695 kr
2.385 kr
Pallaolía á gagnvarið efni. Fáanleg gullbrún, græn og einnig í sömu litum og Trebitt hálfþekjandi.
7049123-27
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.
Sláttuvélar
20-30% afsláttur
Háþrýstidælur
20-25% afsláttur
Garðhúsgögn
25% afsláttur
Claber garðvörur
25% afsláttur
Tjöld
20% afsláttur
Jumbo áltröppur
20% afsláttur
Ferðavörur
20% afsláttur
Grillaukahlutir
25% afsláttur
Frá Broil King og Grillpro
Útivistarfatnaður True North
40% afsláttur
Hjálmur fylgir öllum hjólum
Kaupauki
Garðplöntuveisla í Blómavali
SÚPER TILBOÐ
Hortensía í 17 cm potti
3.490 kr
4.990 kr
SÚPER TILBOÐ
Stjúpur, 10 stk.
990 kr
1.790 kr
Byggjum á betra verði
FRÍ HEIMSENDING
Í VEFVERSLUN HUSA.IS
EF VERSLAÐ ER FYRIR 5.990 KR. EÐA MEIRA

**TÖLUR VIKUNNAR** 04.06.2017 TIL 10.06.2017

**109**

landsleiki hefur Fríða Sigurðardóttir, landsliðskona í blaki, leikið.

**380**

milljónir króna greiddu stjórnvöld erlendum ráðgjöfum við afnám gjaldeyrishafta á árunum 2013 til 2015. Greiðslur til innlendra ráðgjafa námu um 73 milljónum.

**15,5**

klukkustundir talaði Kolbeinn Óttarsson Proppé á Alþingi í vetur og var hann ræðukóngur.

**372**

milljóna velta var hjá baðstaðnum Fontana í fyrra. Hagnaðurinn var 90,8 milljónir króna.

**70**

milljónir rukkaði eigandi Kersins í Grímsnesi í aðgangseyri í fyrra. Hagnaðurinn var 30 milljónir.

**70**

milljarðar gæti kostnaður við Borgarlínu á höfuðborgarsvæðinu orðið.

## Þrjú í fréttum
## Hali, kosningar og naglar

**Þórður Snær Júlíusson**
*ritstjóri Kjarnans*



er ósáttur við að siðanefnd Blaðamannafélags Íslands hafi vísað frá kæru hans vegna ásakana í Morgunblaðinu um meint tengsl Kjarnans við kröfuhafa föllnu bankanna. Hann segir frávísunina þýða að hann geti fullyrt að ritstjóri Morgunblaðsins sé með hala og vísar í „prálátan orðróm“ því til stuðnings.

**Laufey Rún Ketilsdóttir**
*aðstoðarmaður dómsmálaráðherra*



gekk í hús í Twickenham með frambjóðanda Íhaldsflokksins daginn fyrir þingkosningar í Bretlandi. Hún kvaðst vera á eigin vegum og fór í örskamma stund til að fylgjast með hvernig Bretar haga kosningabaráttu sinni.

**Halldór Halldórsson**
*oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík*



greiddi atkvæði gegn tillögu meirihlutans um að skora á ráðherra að veita heimild til að rukka sérstaklega þá sem aka um á nagladekkjum. Minnihlutinn sagði að með gjaldtöku væri verið að refsa íbúum fyrir að búa á stöðum þar sem götur væru ekki almennilega færar marga daga í röð þar sem þær eru ekki mokaðar.

# Reyndu að samræma framburð

**Sakborningunum í morðmálinu í Mosfellsdal ber öllum saman í einu veigamiklu atriði við yfirheyrslur. Framburður þeirra er að öðru leyti á reiki. Búið var að velja nafn á nýfædda dóttur hins látna.**



Sexmenningarnir voru allir úrskurðaðir í gæsluvarðhald. Jón Trausti Lúthersson og Sveinn Gestur Tryggvason klæddust ekki eigin fötum þegar þeir voru leiddir fyrir dómara. Föt þeirra voru haldlögð í rannsóknarskyni. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**LÖGREGLUMÁL** Lögregla hefur ástæðu til að gruna að sexmenningarnir, sem nú sitja í gæsluvarðhaldi grunaðir um að hafa banað Arnari Jónssyni Aspar á miðvikudagskvöld, hafi komið sér saman um sögu til að segja lögreglu ef til þess kæmi. Atvikalýsing frá kvöldinu gefur tilefni til að ætla að samræmdur framburður hafi verið ákveðinn áður en sexmenningarnir fóru að heimili Arnars á Æsustöðum í Mosfellsdal.

Heimildir Fréttablaðsins herma að mikið ósamræmi hafi verið í framburði sexmenninganna við fyrstu yfirheyrslu hjá lögreglu aðfaranótt föstudags. Þó hafi þeim öllum borið saman um að þau hafi farið að heimili Arnars og unnustu hans til að sækja þar garðverkfæri í eigu eins í hópnum, Sveins Gests Tryggvasonar. Sveinn Gestur og Arnar voru æskuvinir.

Sú saga kemur þó ekki heim og saman við símtal Sveins við Neyðarlínuna eftir að Arnar hafði misst meðvitund. Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær kynnir Sveinn sig með nafni og óskar eftir sjúkrabíl að Æsustöðum. Því næst heyrist hann leggja símann frá sér og hrópa ókvæðisorð að Arnari, sem þá var án meðvitundar, um meinta fíkniefnaskuld.

Fjölskylda hins myrta þvertekur fyrir að hann hafi verið í neyslu. Hann og unnusta hans hafa verið í sambandi í tæplega eitt og hálft ár og á þeim tíma hafi aldrei sést á honum fíkniefni eða neitt í þá veruna. Eins og fram hefur komið eignuðust Arnar og unnusta hans dóttur í lok maí. Þau höfðu í sameiningu valið nafn á dótturina áður en voðaverkið var framið en hún hefur enn ekki verið skírð.

Heimildir Fréttablaðsins herma að öll sex neiti staðfastlega að hafa átt þátt í dauða Arnars. Þau draga sömuleiðis úr þætti annarra í málinu, að minnsta kosti enn um sinn.

Grímur Grímsson, yfirmaður miðlægrar deildar lögreglunnar, segir að engar yfirheyrslur hafi farið fram fyrripart dags í gær, föstudag. Hann vill ekki tjá sig um það sem fram hefur komið í yfirheyrslunum. „Ég hef ekkert farið út í neitt sem hefur komið fram í yfirheyrslunum. Við erum dálítið að ráða ráðum okkar og safna saman gögnum. Það komu margir að rannsókninni í upphafi þannig að við erum bara að safna gögnum og skoðum síðan framhaldið.“

> **Það komu margir að rannsókninni í upphafi þannig að við erum bara að safna gögnum og skoðum síðan framhaldið.**
>
> Grímur Grímsson, yfirmaður rannsóknarinnar



Allir fimm karlarnir í málinu, Sveinn Gestur, Jón Trausti Lúthersson, Marcin Wieslaw Nabakowski, Rafal Marek Nabakowski og Rúnar Örn Bergmann, hafa verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald til 23. júní. Ásta Hrönn Guðmundsdóttir hefur verið úrskurðuð í gæsluvarðhald til 16. júní. Í samtali við Ríkisútvarpið sagðist Grímur telja að dómari hafi talið að tengsl hennar við atburðarásina væru minni en karlanna og því væri gæsluvarðhald hennar styttra.

Sexmenningarnir eru allir í gæsluvarðhaldi á grundvelli 211. greinar almennra hegningarlaga, sem fjallar um manndráp. ritstjorn@frettabladid.is




Gleðilega hátíð
Fyrsti sjómannadagurinn árið 1938 var ekki aðeins mannfagnaður og hátíð. Til dagsins var stofnað til að sameina sjómenn, krefjast öryggis og menntunar og ekki síst til að heiðra minningu þess fjölda sjómanna sem fórst á hafi úti á hverju ári.
Lestu um sögu sjómannadagsins á Landsbankinn.is/sjomannadagurinn.
Landsbankinn
landsbankinn.is
410 4000

# Velta N1 kemur til með að tvöfaldast

**Hlutabréf í N1 ruku upp um 9,7% í verði eftir að tilkynnt var um kaup félagsins á smásölurisanum Festi, sem á meðal annars Krónuna. Velta sameinaðs félags mun verða um 75 til 80 milljarðar króna. Samlegðaráhrifin eru augljós. Viðræður hófust skömmu fyrir páskana.**




Heildarvirði Festar, sem rekur meðal annars 28 verslanir undir merkjum Krónunnar, ELKO, Nóatúns og Kjarvals, er metið á 37,9 milljarða króna í viðskiptunum. Samlegðaráhrifin eru nokkur, sem dæmi getur N1 staðsett bensíndælur við verslanir Krónunnar, eins og vilji stjórnenda hefur lengi staðið til. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

**VIÐSKIPTI** „Þetta er fyrst og fremst sóknarsamruni. Við erum að kaupa til þess að sækja fram. Við ætlum okkur að verða í forystu í smásölu,“ segir Eggert Þór Kristófersson, forstjóri olíufélagsins N1, spurður um fyrirhuguð kaup félagsins á Festi, næststærsta smásölufélagi landsins, sem tilkynnt var um í gærmorgun. Stjórnendur félaganna sjá mikil tækifæri í að sameina krafta félaganna og ná fram samlegðaráhrifum. Þannig verði til öflugt félag sem sé vel í stakk búið til að takast á við aukna samkeppni á smásölumarkaði.

„Við sjáum fyrir okkur miklar breytingar í smásölu á Íslandi á næstu árum. Þetta tengist ekki komu Costco, heldur hafa kaupin lengi verið á teikniborðinu og eru vel ígrunduð frá a til ö,“ nefnir Eggert Þór.

Fjárfestar tóku fregnunum vel en til marks um það hækkuðu hlutabréf í N1 um 9,7 prósent í verði í 1.171 milljónar króna viðskiptum í gær. Var gengi bréfanna við lok markaðar 124 krónur á hlut.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hófust viðræður á milli félaganna skömmu fyrir páska. Tilkynnt var í gærmorgun um að samkomulag hefði náðst sem tekur á helstu skilmálum kaupanna. Heildarvirði Festar er metið á 37,9 milljarða króna í viðskiptunum, en endanlegt kaupverð mun ráðast af skuldastöðu félagsins við afhendingu. Kaupverðið verður annars vegar greitt með hlutum í N1 að virði 8,75 milljarðar króna og hins vegar með yfirtöku skulda og lántöku.

Stærsti hluthafi Festa er framtakssjóðurinn SÍA II, í rekstri eignastýringarfélagsins Stefnis, en eftir kaupin verður sjóðurinn fjórði stærsti hluthafi í N1 með rúmlega átta prósenta hlut. Lífeyrissjóðir, ásamt Arion banka og VÍS, eru í hópi stærstu hluthafa sjóðsins. Holdor, eignarhaldsfélag Hreggviðs Jónssonar fjárfestis, eignast tæplega 4 prósenta hlut í félaginu og Brekka Retail ehf., sem er meðal annars í eigu Þórðar Más Jóhannessonar, fyrrverandi forstjóra Straums, um 2 prósenta hlut. Komast bæði félögin á lista yfir fimmtán stærstu eigendur N1.

Velta N1 mun væntanlega meira en tvöfaldast við kaupin og verða um 75 til 80 milljarðar króna á ári. Til samanburðar er áætluð velta sameinaðs félags Haga og Olís um 120 milljarðar króna.

## Smásölumarkaðurinn að umturnast

Samruni N1 og Festar er þriðji samruni olíu- og smásölufélags á undanförnum tveimur mánuðum. Í aprílmánuði var tilkynnt um kaup Haga á Olís fyrir um 9,2 til 10,2 milljarða króna, en áður höfðu Hagar fest kaup á Lyfju. Í síðasta mánuði bárust síðan fregnir af því að Skeljungur hefði í hyggju að kaupa Basko, sem rekur meðal annars 10-11 verslanirnar og Iceland, fyrir um 2,2 milljarða króna.

Sveinn segir að þessar hræringar á markaðinum komi ekki á óvart. Um sé að ræða eðlilega þróun sem eigi sér stað um allan heim. „Það er ekki algengt erlendis að það sé til sérfélag sem selur einungis bensín. Olíuframleiðendur eða smásölurisar eins og til dæmis Costco sjá yfirleitt um það. Smásala í heiminum er að þróast mjög hratt, til dæmis með aukinni nýsköpun og tækni, og er Ísland langt á eftir í þeirri þróun. Það fer vonandi að breytast.“

Í byrjun árs kom N1 á fót sérstökum fjárfestingararmi í því skyni að búa félagið undir frekari vöxt. Var hugsunin sú að nýta sterka eiginfjárstöðu félagsins – en eiginfjárhlutfall félagsins var 46,7 prósent í lok mars – til þess að ráðast í fjárfestingar. Eru kaupin á Festi afsprengi þessarar stefnumótunar, en heimildir Fréttablaðsins herma að fleiri fjárfestingar séu til skoðunar hjá stjórnendum félagsins.

Augljós samlegðaráhrif geta falist í kaupunum. Sem dæmi mun N1 geta sett bensíndælur við verslanir Krónunnar, eins og vilji stjórnenda félagsins hefur lengi staðið til, hagræði er fólgið í sameiginlegum innkaupum og þá verður mögulegt að setja upp Krónuverslanir á bensínstöðvum N1 um allt land.

> **Þetta tengist ekki komu Costco, heldur hafa kaupin lengi verið á teikniborðinu og eru vel ígrunduð frá a til ö.**
>
> Eggert Þór Kristófersson, forstjóri N1



Eggert Þór bendir á að mikil tækifæri felist í því að fækka bensínstöðvum á Íslandi og setja þær upp við fjölfarnar verslanir. „Þetta snýst um að þú seljir hvað mest bensín þar sem mesta umferðin er. Þannig höfum við séð þróunina erlendis.“

Undir þetta tekur Sveinn Þórarinsson, sérfræðingur í hagfræðideild Landsbankans. „Fyrirtæki sem selur bara bensín og sjoppuvörur er að verða barn síns tíma á smásölumarkaði. Bensín er að verða eins og hver önnur neysluvara og þarf ekkert að selja í sérbúð. Menn eru að reyna að grípa þessa þróun og það er í rauninni ósköp eðlilegt.“

Festi rekur 28 verslanir undir merkjum Krónunnar, ELKO, Nóatúns og Kjarvals en félagið á einnig vöruhúsið Bakkann. Auk þess á félagið sautján fasteignir, að heildarstærð 71.500 fermetrar, sem eru annaðhvort í leigu til verslana félagsins eða þriðja aðila.

Það er ekki síst umrætt fasteignasafn sem vakti áhuga stjórnenda N1. Ýmsir fjárfestar, þar á meðal stærstu fasteignafélög landsins, hafa rennt hýru auga til safnsins að undanförnu, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. kristinningi@frettabladid.is

FRUMSÝNUM
NÝJAN FIAT
TIPO
Í dag 10. júní
Opið frá 12 - 17




ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ
Umboðsaðili Alfa Romeo, Chrysler, Dodge, Fiat, Fiat Professional, Jeep og Ram Trucks á Íslandi - Þverholti 6
270 Mosfellsbær - s. 534 4433 - www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16



# CEDAR´S HUMMUS

Gegnsæi og heiðarleiki einkennir Cedar´s Hummus. Hráefnin eru vel valin og uppskriftirnar ósviknar. Úr verður gómsætur og bráðhollur hágæða hummus sem tryllir bragðlaukana. Góður í t.d. vefjuna, með Cedar´s Pita chips, salatinu, pastanu, súrdeigsbrauðinu, grænmetinu og snakkinu.



VEGAN

BALSAMIC CARAMELIZED ONION



VEGAN

449 KR/STK

SUNDRIED TOMATO BASIL



VEGAN

GARLIC



VEGAN

AVOCADO



VEGAN

SRIRACHA



499 KR/STK

CEDAR´S SALSA



549 KR/STK

CEDAR´S SPINAT DIP


24 Hagkaup

OPIÐ

allan sólarhringinn

Garðabær, Skeifan, Spöng & Eiðistorg

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

# Íslensku tryggingafélögin mega ekki sofna á verðinum

**Ör tækniþróun mun hafa mikil áhrif á íslenskan tryggingamarkað á næstu árum. Sérfræðingur segir að tryggingafélögin verði að halda vel á spöðunum ætli þau sér ekki að verða undir í samkeppni við erlend félög. Tækniþróunin er hröð og óvíst hver áhrifin verða nákvæmlega á rekstur tryggingafélaganna.**

**VIÐSKIPTI** Útlit er fyrir að vátryggingamarkaðurinn muni taka örum breytingum á næstu árum í takt við miklar tækniframfarir. Ef íslensku tryggingafélögin bregðast ekki við þróuninni gæti skapast svigrúm fyrir erlend félög til að sækja á íslenska markaðinn og ná til sín markaðshlutdeild. Þetta segir Sigurður Örn Karlsson, greinandi hjá IFS, í samtali við Fréttablaðið.

Ör tækniþróun, sem ekki fyrir löngu hljómaði sem músík í eyrum margra, mun hafa veruleg áhrif á íslensku tryggingafélögin á næstu árum. Tæknin mun gera félögin betur í stakk búin til að verðleggja tryggingar, meðal annars eftir notkun og hegðun viðskiptavina, sem ætti að öðru óbreyttu að leiða til þess að iðgjöld af tryggingum lækki hjá þeim sem lenda sjaldan í tjóni en hækki hjá tjónaþungum viðskiptavinum.

Sigurður Örn segir að þeir hjá IFS séu þegar farnir að taka tillit til þessara væntanlegu breytinga við verðmat. „Við höfum aðeins dregið úr iðgjaldavextinum til lengra tíma og lækkað tjónshlutfallið. Við viljum meina að vöxtur iðgjalda gæti orðið minni en að tjónakostnaður félaganna verði að sama skapi lægri,“ nefnir hann.

Takist félögunum að nýta sér þróunina sér í hag aukist með öðrum orðum líkurnar á því að tekjuvöxturinn í minnki í framtíðinni en afkoma vátryggingarekstrarins batni. Hann ítrekar þó að óvissan sé algjör. Þróunin sé hröð og óvíst sé hver áhrifin verða nákvæmlega á rekstur tryggingafélaganna.

Sigurður Örn segir að helsta þróunin varði hlutanetið svonefnda (e. Internet of Things). Hann tekur dæmi: „Allir nýir bílar í framtíðinni verða á einhvern hátt tengdir í gegnum netið, símkort eða GPS. Þannig verður hægt að safna gögnum um akstурslag, til dæmis hversu hratt og mikið er keyrt, og ástand ökutækis. Slíkar upplýsingar auðvelda félögunum að verðleggja tryggingarnar.“

Hann nefnir jafnframt að með auknum öryggisbúnaði, svo sem skynjurum, myndavélum og sjálfvirkum bremsum, séu bílar að verða öruggari með hverjum degi sem líður. Það kalli á lægri iðgjöld vegna lægri tjónakostnaðar.

Tryggingafélög gætu einnig, svo annað dæmi sé tekið, nýtt sér heilsuúr, sem taka niður upplýsingar um heilsufar fólks, til þess að verðleggja sjúkra- og heilsutryggingar.

Mörg erlend félög eru þegar byrjuð að færa sér tæknina í nyt. Í skýrslu IFS frá því í apríl kemur meðal annars fram að sænski bílarisinn Volvo hafi stofnað sitt eigið tryggingafélag í Bretlandi sem bjóði upp á lægri iðgjöld af tryggingum á Volvo-bílum. Tesla hafi gert það sama í Asíu. Þá bjóði fjarskiptafélagið O2 í Bretlandi upp á ódýrar ökutækjatryggingar í gegnum snjallforrit sem viðskiptavinir þurfa að hala niður í símana sína. Snjallforritið getur mælt aksturslag viðkomandi ökumanns og hvatt hann til þess að bæta ráð sitt.

Sigurður Örn segir að ekki muni líða langur tími þar til íslensku tryggingafélögin fari að bjóða upp á lausnir sem þessar. Þau verði að halda vel á spöðunum ef þau ætli sér ekki að verða undir í samkeppninni.

kristinningi@frettabladid.is



Volvo er einn þeirra bílaframleiðenda sem hafa stofnað sérstakt tryggingafélag, en félagið telur bíla sína það örugga að það réttlæti verulega lág iðgjöld á tryggingum þess. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Hærra verðmat á tryggingafélögunum

Greiningarfyrirtækið IFS hækkaði fyrr í vikunni verðmat sitt á hlutabréfum í tryggingafélögunum þremur sem skráð eru á markað. Sérfræðingar IFS benda þó á að átökin sem sett hafa mark sitt á störf stjórnar VÍS undanfarna mánuði kasti skugga á félagið og geti, að minnsta kosti til skemmri tíma, skaðað það.

IFS metur virði félaganna þriggja, VÍS, Sjóvár og TM, samanlagt á 75,1 milljarð króna samkvæmt nýjum virðismötum sem Fréttablaðið hefur undir höndum. Miðað við gengi bréfa í félögunum við lok markaðar á föstudag telur IFS að fjárfestar eigi að halda hlutum sínum í þeim. Markaðsvirði félaganna hefur hækkað að undanförnu vegna meðal annars væntinga um betri afkomu af vátryggingarekstri, að sögn IFS.



**Frá Grænlandi.** NORDICPHOTOS/AFP

## Hjálpi ekki börnum sem beitt eru ofbeldi

**GRÆNLAND** Umboðsmaður barna á Grænlandi segir sveitarfélög vanrækja að koma börnum og unglingum til aðstoðar sem búa svið slæm skilyrði, börnum sem þegar hafi verið svikin.

Gagnrýnin beinist meðal annars að því að yfirvöld grípi ekki inn í þótt þau viti að börn og unglingar séu beitt ofbeldi.

Þörf sé á þverfaglegri samvinnu yfirvalda til að aðstoða börnin og fjölskyldur þeirra, að því er segir í frétt grænlenska útvarpsins. – **ibs**

## 40 prósent vilja Swexit yfir evru

**SVÍÞJÓÐ** Fjórir af hverjum 10 Svíum myndu sætta sig við evru ef það væri skilyrði fyrir því að fá að vera í Evrópusambandinu, ESB. Jafnmargir myndu heldur vilja ganga úr sambandinu (það er Swexit), að því er niðurstöður könnunar á vegum SEB-bankans sýna.

Þýskir fjölmiðlar greindu frá því í lok maí að öll aðildarríki ESB ættu að hafa tekið upp evru fyrir árið 2025. Fulltrúi framkvæmdastjórnar ESB vísaði þessu fljótt á bug. Þá höfðu sænskir ráðherrar þegar lýst því yfir að það væri sænska þjóðin sem tæki ákvörðun um hvort og hvenær evra yrði tekin upp. – **ibs**



**Vajiralongkorn tók við sem konungur Taílands í fyrra.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## 35 ára fangelsi fyrir Facebook-færslu

**TAÍLAND** 34 ára maður var í vikunni dæmdur í 35 ára fangelsi fyrir að setja skeyti á Facebook sem þóttu móðgandi fyrir konungsfjölskyldu landsins.

Maðurinn setti tíu stöðuuppfærslur inn á síðu sem skráð var á nafni fyrrverandi vinar hans. Vildi hann með því koma óorði á hann. Refsingin var ákveðin sjö ára fangelsi fyrir hvert brot en milduð um helming sökum þess að hann játaði brot sín að hluta.

Löggjöfin varðandi taílensku konungsfjölskylduna er afar ströng. Til að mynda var fjölmiðlum bannað að sitja réttarhöldin eða segja frá hvað stóð nákvæmlega í skeytunum. Með því hefðu þeir sjálfir getað bakað sér refsiábyrgð. – **jóe**

**» Refsingin var ákveðin sjö ára fangelsi fyrir hvert brot en milduð um helming sökum þess að hann játaði brot sín að hluta.**




Aukaársfundur 2017

Stjórn Birtu boðar til aukaársfundar fimmtudaginn 22. júní kl. 17 á Grand Hótel Reykjavík.

DAGSKRÁ

Tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins

Auk kjörinna fulltrúa eiga allir sjóðfélagar rétt til setu á fundinum.

Tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins varða innleiðingu á tilgreindri séreign samkvæmt ákvæðum kjarasamninga en tillögurnar má sjá á heimasíðu sjóðsins, **birta.is**.

Stjórn Birtu lífeyrissjóðs

BIRTA LÍFEYRISSJÓÐUR

Sundagörðum 2 | 104 Reykjavík | 480 7000 | birta.is




## Í dag laugardag 10. júní bjóðum við til sjóðheitrar sumarsýningar í Kauptúni og segjum ferðasumarið 2017 formlega sett.

- **Meistaragrillað kjöt frá Kjötkompaníinu í boði ásamt svalandi drykkjum frá Ölgerðinni og ís frá Kjörís í eftirrétt.**
- **Tíu fyrstu bílunum sem keyptir eru á sýningunni fylgir glóðvolgur ferðapakki: Sex manna MacKenzie tjald frá Coleman, fjórir Deck útilegustólar frá Coleman og Safarica útileguborð.**
- **Þrír heppnir sem reynsluaka verða dregnir út og hljóta þriggja brennara gasgrill frá Weber.**
- **Sumarbirgðir af grillkjöti frá Kjötkompaníinu fylgja öllum nýjum Toyotum sem keyptar eru á sýningunni.**

Komdu og sjáðu alla okkar bestu bíla – sem verða margir hverjir á safaríkum sumartilboðum – og gæddu þér á grillsnilld um leið. **20% afsláttur af bónvörum í verslun**. Við hlökkum til að sjá þig.

- **Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

5 3+2 ÁBYRGÐ

FLEX

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Verið velkomin Kjötkompaní Hafnarfirði

ÖLGERÐIN EGILL SKALLAGRÍMSSON

Kjörís

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# Vilja selja The Body Shop

**VIÐSKIPTI** Snyrtivörurisinn L'Oréal tilkynnti í gær að félagið ætti í einkaviðræðum við brasilíska félagið Natura Cosmeticos um sölu á keðjunni The Body Shop. Samkvæmt tilboði Natura Cosmeticos er keðjan metin á um einn milljarð evra, sem jafngildir um 110 milljörðum íslenskra króna.

Í frétt The Financial Times segir að greinendur séu efins um að The Body Shop sé svo mikils virði. Keðjan hefur átt undir högg að sækja vegna aukinnar samkeppni og erfiðra markaðsaðstæðna.

L'Oreal keypti The Body Shop fyrir um 652 milljónir dala árið 2006.



**The Body Shop er metin á 110 milljarða króna.** NORDICPHOTOS/GETTY

Keðjan rekur um þrjú þúsund verslanir í 66 löndum og starfa þar um 22 þúsund manns. Stjórnendur L'Oreal tilkynntu fyrr á árinu að til stæði að selja keðjuna. **– kij**

# Bandaríkjaforseti segir Comey ljúga

**BANDARÍKIN** Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, rauf þögnina um mál James Comey, fyrrverandi stjórnanda FBI, með því segja að hann hefði logið er hann bar vitni fyrir þingnefnd í fyrradag. Þá bætti hann um betur og sagði að Comey væri ekki treystandi og að hann læki upplýsingum.

BBC greinir frá því að í gær hafi Trump lýst því yfir í Hvíta húsinu að hann væri 100 prósent viljugur til að sverja eið og ræða um samræður sínar við Comey.

Fyrr um daginn hafði Trump tjáð sig á Twitter um málið. Áður höfðu minni spámenn úr teymi hans riðið fram og sett út á vitnisburð Comey. Í hópi þeirra var Marc Kasowitz, lögmaður Donalds Trump, en að hans mati gerðist Comey brotlegur við lög með því að vitna til einkasamtala sinna við forsetans. Háskólakennarar í lagaskólum þar ytra voru hins vegar fljótir að hrekja þá fullyrðingu.

Rússarannsóknin hefur reynst Trump erfið síðustu daga og viku. Ekki bætti úr skák í fyrradag þegar Comey sagði svo frá að í einkasamtölum sín og forsetans hefði Trump sagst „vona" að Comey myndi sleppa því að rannsaka tengsl Michaels Flynn, þáverandi þjóðaröryggisráðgjafa Trumps, við Rússa. Teymi Trumps hefur ekki svarað þeim ásökunum heldur aðeins sagt að Comey hafi þar sagt ósatt. **– jóe**


**Donald Trump á ekki sjö dagana sæla um þessar mundir.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA


**Málverk eftir Kristínu Jónsdóttur og Jón Stefánsson**

Leitum eftir góðum málverkum, helst blómauppstillingum eftir Kristínu Jónsdóttur og Jón Stefánsson til kaups fyrir viðskiptavin.

Ný verk í sölu á:
**studiostafn.is/listaverkasala**

Studio Stafn, Hátúni 6B, Sími 552 4700.

STUDIO STAFN



OPIÐ HÚS HJÁ SLÖKKVILIÐINU

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins er með opið hús fyrir almenning á slökkvistöðinni í Hafnarfirði í dag, **laugardaginn 10. júní, milli kl. 15 og 17**

sjúkrabílar, kranabíll
slökkvibílar, körfubíll
og hoppukastalar



ALLIR VELKOMNIR
Mikilvægt að börn séu í fylgd fullorðinna

www.shs.is
Opna húsið er á slökkvistöðinni við Skútahraun 6 í Hafnarfirði



MOWER sláttuvélar
með Briggs & Stratton bensínmótor

BRIGGS & STRATTON ®



20% AFSLÁTTUR
31.990
Áður kr. ~~39.990~~
MOWER CJ18
BS 3,5hp Briggs&Stratton mótor, rúmtak 125 CC, skurðarvídd 46cm/18". Safnpoki að aftan 60 L, skurðhæð og staða 25-85mm/8

20% AFSLÁTTUR
50.390
Áður kr. ~~62.990~~
MOWER CJ20
Sláttuvél m/drifi, BS 6,0 hp Briggs&Stratton mótor. Rúmtak 150 CC, skurðarvídd 51cm/20", sjálfknúin 3,6 km/h, safnpoki að aftan 65 L, hliðar útskilun, skurðhæð og staða 25-75mm/8

CE/GS VOTTUN

MOWER bensín sláttuorf
Vél 0,7KW 31CC
Skurðarbreidd 255 > 480mm

20% AFSLÁTTUR
17.590
Áður kr. ~~21.990~~

Kletthálsi Reykjavík
Reykjanesbæ

MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is


# Hafna norsku leiðinni

## Hagfræðingar efast um að hömlur á lánshlutfalli geti slegið á hækkun íbúðaverðs. Þeir segja verðhækkanir ekki hafa verið drifnar áfram af skuldsetningu.


**Hagdeild Íbúðalánasjóðs telur að takmörkun á lánshlutfalli af hálfu stjórnvalda geti komið í veg fyrir frekari ofhitnun íbúðamarkaðarins.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**HÚSNÆÐISMÁL** Ólíklegt er að skert aðgengi að lánsfé geti slegið á hækkun íbúðaverðs hér á landi. Verðhækkanir á markaðinum hafa enda ekki verið drifnar áfram af skuldsetningu, heldur skorti á íbúðum. Þetta er mat hagfræðinga sem Fréttablaðið ræddi við.

Hagdeild Íbúðalánasjóðs benti í lok síðasta mánaðar á að verulega hefði dregið úr verðhækkunum í Noregi eftir að þarlend stjórnvöld lækkuðu lánshlutfall á íbúðalánum vegna kaupa á annarri íbúð. Var vísað til „norsku leiðarinnar" í þessu sambandi. Telur hagdeildin að reynsla Norðmanna sýni að aukin eiginfjárkrafa til þeirra sem eiga fleiri en eina fasteign geti borið árangur á svæðum þar sem framboðsskortur ríkir.

Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins, bendir á að staðan á norskum fasteignamarkaði sé allt önnur en hér á landi. „Skuldsetning norskra heimila er mjög mikil og í raun farin að ógna fjármálalegum stöðugleika í landinu. Hér er staðan önnur, þar sem verðhækkanir hafa ekki verið drifnar áfram af aukinni skuldsetningu. Fremur hafa heimili verið að greiða niður skuldir."

Ástæðan fyrir hækkandi fasteignaverði sé fyrst og fremst sú að ekki hafi verið byggt nægilega mikið til að mæta lýðfræðilegri þörf. „Það er annar og mun alvarlegri vandi en að Íslendingar séu að kaupa fleiri en eina fasteign," segir Ásdís.

„Ef stjórnvöld ætla að grípa til svona íþyngjandi aðgerða þarf að liggja fyrir mjög góður rökstuðningur. Hvað eru margir sem eiga tvær eða fleiri eignir? Er það algengt? Þessi tölfræði þyrfti að liggja fyrir. Mér finnst það ekki alveg gefið."

> **Skuldsetning norskra heimila er mjög mikil og í raun farin að ógna fjármálalegum stöðugleika í landinu.**
>
> Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins



Magnús Árni Skúlason, hagfræðingur hjá Reykjavík Economics, segir erfitt fyrir stjórnvöld að beita stýritækjum sem þessum þegar eins mikill skortur er á íbúðum á viðráðanlegu verði og raunin er nú. Alls óvíst sé hvort þau virki sem skyldi við slíkar aðstæður. Í nýlegri skýrslu Reykjavík Economics um íbúðamarkaðinn er bent á að Seðlabanki Íslands geti vissulega haft áhrif á verðþróun á markaðinum með beitingu stýritækja. Stjórnvöld verði að stíga varlega til jarðar í þessum efnum. Æskilegra væri ef lánastofnanir sýndu frumkvæði í að sjálfregluvæða starfsemi sína.

Ari Skúlason, hagfræðingur hjá hagfræðideild Landsbankans, segir reyndina væntanlega þá að ekki séu að jafnaði fleiri en eitt íbúðalán á mann eða fjölskyldu, að minnsta kosti hjá sömu fjármálastofnun. „Ef menn eru að sanka að sér íbúðum má ætla að þeir hafi félag um slíkt og séu því komnir út í atvinnurekstur. Venjuleg íbúðalán eru ekki í boði fyrir félög. Án þess að ég þekki það finnst mér því mjög líklegt að fjármagnskostnaður við öflun fleiri en einnar íbúðar sé orðinn mun meiri en við öflun fyrstu íbúðar.

**kristinningi@frettabladid.is**

# Greiningardeildir ósammála um vaxtaákvörðun Seðlabankans

**VIÐSKIPTI** Greiningardeild Arion banka og hagfræðideild Landsbankans eru ekki á einu máli um hvort Seðlabanki Íslands lækki stýrivexti sína eða haldi þeim óbreyttum í næstu viku.

Greiningardeild Arion banka spáir því að vextir verði lækkaðir um 0,25 prósentustig og segir litlar líkur á óbreyttum vöxtum, þá einkum og sér í lagi vegna verulegrar gengisstyrkingar krónunnar á undanförnum vikum. Gengi krónunnar hefur styrkst um 2,3 prósent frá síðasta fundi peningastefnunefndar Seðlabankans.

Hagfræðideild Landsbankans telur hins vegar að nefndin ákveði að halda vöxtunum óbreyttum.


**Már Guðmundsson seðlabankastjóri.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **Gengi krónunnar hefur styrkst um 2,3 prósent frá síðasta fundi peningastefnunefndar Seðlabankans.**

Telur hún að styrking krónunnar sé ekki af þeirri stærðargráðu að hún, ein og sér, nægi til að sannfæra meirihluta nefndarinnar um að lækka vextina. Nefndin bíði enn eftir sterkari kjölfestu verðbólguvæntinga.

Peningastefnunefndin tilkynnir um ákvörðun sína 14. júní. **– kij**

# YKKUR ER BOÐIÐ Á FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ HB GRANDA Á SJÓMANNADAGINN 11. JÚNÍ




**Til að fagna Sjómanna-deginum bjóðum við til fjölskylduskemmtunar hjá HB Granda við Norðurgarð.**

Hátíðarsvæðið opnar kl. 13:00 á sunnudag og boðið verður upp á fiskisúpu, pylsur, kökur, kleinuhringi og fleira góðgæti. Andlitsmálun og blöðrur verða á svæðinu. Frábærir skemmtikraftar sjá um fjöruga dagskrá fyrir alla fjölskylduna.

Sýning á heimildarmynd um ísfisktogarann Ásbjörn verður í Hörpu bæði laugardag og sunnudag. Sjá nánar á **hbgrandi.is/asbjorn**



## SKEMMTIDAGSKRÁ

| | |
|---|---|
| 13:00 | Svæðið opnar |
| 14:00 | Skoppa og Skrítla |
| 14:30 | Sprengju-Kata |
| 15:00 | Emmsjé Gauti |
| 15:30 | Sirkus Íslands |
| 16:00 | Dagskrá lýkur |












Hátíðarsvæði
HB Granda

HB GRANDI

Kynntu þér dagskrá Sjómannadagsins á hatidhafsins.is

# Frakkar bjóða loftslagsvísindamenn velkomna

**FRAKKLAND** Frönsk stjórnvöld hafa ákveðið að bjóða bandarísku vísindafólki, nemum, kennurum og fyrirtækjum, sem vilja taka slaginn gegn loftslagsbreytingum, að búa og starfa í landinu. Ákvörðunin kemur í kjölfar þess að Donald Trump ákvað að þjóð hans myndi ekki taka þátt í Parísarsamkomulaginu.

Planið nær að vísu ekki aðeins til bandarískra ríkisborgara heldur geta allir nýtt sér það. Upplýsingar um það má finna á heimasíðunni MakeOurPlanetGreatAgain.fr.

Þeir sem þiggja boðið fá fjögurra ára styrk frá ríkinu til að halda rannsóknum, kennslu eða námi sínu áfram. Þá er á síðunni einnig að finna upplýsingar um hvernig skuli sækja um atvinnu- og dvalarleyfi.

„Þú munt geta dvalið í Frakklandi út gildistíma styrksins hið minnsta og lengur ef þér býðst varanleg staða að því loknu. Maki þinn getur búið og starfað í Frakklandi. Almenningsskólar í Frakklandi eru ókeypis og skráningargjöld í franska háskóla eru mun lægri en þú átt að venjast í Ameríku," segir meðal annars á heimasíðunni.

**» Ákvörðunin kemur í kjölfar þess að Donald Trump ákvað að þjóð hans myndi ekki taka þátt í Parísarsamkomulaginu.**

Emmanuel Macron, forseti Frakklands, náði kjöri 7. maí síðastliðinn. Áður en tilkynnt var um áætlunina hafði myndband flogið hátt á samfélagsmiðlum. Þar lofaði hann því að svara niðurskurðaráætlunum Trumps með því að auka fjármagn til rannsókna í landi sínu. – jóe



Emmanuel Macron, forseti Frakklands. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA




# Lög um sjálfkeyrandi bíla eru ekki tímabær

**Ráðherra nýsköpunarmála segir enn mörgum spurningum um sjálfkeyrandi bíla ósvarað. Ekki sé tímabært að undirbúa lagasetningu um slíka bíla. Smári McCarthy, þingmaður Pírata, óttast hins vegar að stjórnvöld sofni á verðinum.**

**TÆKNI** Ráðherra nýsköpunarmála telur ekki ástæðu að svo stöddu til þess að undirbúa lagasmíð um sjálfkeyrandi bíla. Stjórnvöld muni þó fylgjast vel með tækniþróun á þessu sviði. Þingmaður Pírata vill að settar verði lágmarksöryggiskröfur um slíka bíla. Hann óttast að stjórnvöld bregðist of seint við tækninýjungum.

Fram kemur í svari Þórdísar Kolbrúnar Reykfjörð Gylfadóttur, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, við fyrirspurn Smára McCarthy að þróun þessarar nýju samgöngutækni, sjálfkeyrandi bíla, sé á margan hátt spennandi vegna þess að hún geti leitt til margvíslegra samfélagslegra umbóta, til dæmis með auðveldari ferðum þeirra sem vilja eða þurfa að losna undan eigin akstri. Þá muni ferðatími nýtast betur og til lengri tíma litið geti tæknin leitt til bætts umferðaröryggis og aukins orkusparnaðar.

Tæknin muni leiða til þess að forsendur í mörgum atvinnugreinum, til dæmis hjá leigu-, rútu- og flutningabílum, breytast og er ráðuneytið með þau mál til almennrar skoðunar, að sögn ráðherrans.

Hins vegar telur ráðherra enn of mörgum spurningum um sjálfkeyrandi bíla ósvarað. Núverandi staða kalli fyrst og fremst á að stjórnvöld fylgist vel með tækniþróuninni, fremur en að hefja undirbúning að lagasmíði.

Smári segir svör ráðherra ekki fullnægjandi. „Þetta er ekki eitthvað sem er að fara að gerast eftir tíu eða fimmtán ár, heldur eitthvað sem bregðast þarf við núna.

Regluverkið er oft á tíðum seint á ferðinni þegar kemur að nýrri tækni. Stundum er það bara ágætt, vegna þess að of margar reglur of snemma í ferlinu geta valdið því að erfiðara verður að þróa tæknina, en á hinn bóginn er eðlilegt að löggjafinn og framkvæmdarvaldið fylgist vel með og séu aðeins á undan bylgjunni, að minnsta kosti þegar kemur að öryggismálum," segir Smári. Ekki megi ganga of langt í að setja reglur um sjálfkeyrandi bíla á þessu stigi, en þó ættu stjórnvöld að setja lágmarksöryggiskröfur.

Smári segir að sá möguleiki sé fyrir hendi að tugir ef ekki hundruð sjálfkeyrandi bíla verði komin á íslenska vegi áður en regluverkið um þá verði tilbúið, bregðist stjórnvöld ekki strax við. Allt fari það eftir því hvernig tæknin þróast á næstu mánuðum. Það geti tekið langan tíma að semja lög um sjálfkeyrandi bíla og fá Alþingi til þess að samþykkja þau.

„Ég hef engar stórkostlegar áhyggjur af þessu. Þetta er ekki forgangsmál, en samt augljóslega eitt af því sem við þurfum að hugsa um og byrja að gera eitthvað í." Tilvalið sé að fylgja fordæmi hinna Norðurlandanna. kristinningi@frettabladid.is



Ráðherra segir þróun sjálfkeyrandi bíla að mörgu leyti spennandi og geta leitt til margvíslegra samfélagslegra umbóta. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**Þetta er ekki eitthvað sem er að fara að gerast eftir tíu eða fimmtán ár, heldur eitthvað sem bregðast þarf við núna. Regluverkið er oft á tíðum seint á ferðinni þegar kemur að nýrri tækni.**

Smári McCarthy, þingmaður Pírata



# Katalónar kjósa um aðskilnað við Spán

**SPÁNN** Stjórnvöld í Katalóníu tilkynntu í gær að þau hygðust halda þjóðaratkvæðagreiðslu 1. október næstkomandi þar sem íbúar fá að kjósa um hvort héraðið eigi að slíta sig frá Spáni. Yfirvöld í Madríd segja atkvæðagreiðsluna ólögmæta.

Stór hluti Katalóna hefur lengi viljað slíta sig frá Spáni. Er meðal annars bent á að um 20 prósent af skatttekjum landsins eigi rætur að rekja til héraðsins en það fái aðeins um þrettán prósent til baka. Forseti héraðsins, Carles Puigdemont, var kjörinn í upphafi síðasta árs og sagði strax að hann myndi halda áfram á sömu braut og forversi hans, Artur Mas.

Spænsk yfirvöld reyna af fremsta megni að koma í veg fyrir atkvæðagreiðslur í héraðinu og segja að þær hafi ekkert gildi að lögum. Spænski stjórnlagadómstóllinn komst meðal annars að þeirri niðurstöðu árið 2015. – jóe



Carles Puigdemont er forseti Katalóníuhéraðs. Hann tilkynnti um þjóðaratkvæðagreiðsluna fyrirhuguðu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA




# FRUMSÝNING Í DAG

## UMVEFÐU ÞIG VIGNALE LÚXUS

Vignale er lúxusútgáfa Ford Kuga, hlaðinn lúxusbúnaði auk einstakra eiginleika Kuga. Afburða dráttargeta, há veghæð og frábærir aksturseiginleikar sameinast í glæsilegri hönnun og þægindum Ford Kuga Vignale.

FORD KUGA VIGNALE AWD SJÁLFSKIPTUR FRÁ:

**6.390.000** KR.

Ford VIGNALE

- 180 hestafla dísilvél
- 2.100 kg dráttargeta
- Vignale-leður á sætum og mælaborði
- Rafdrifið ökumannssæti með minni
- Veglínuskynjari
- Árekstravörn
- Ökumannsvaki
- 18" Vignale álfelgur
- Vignale útlits-kitt
- Apple Carplay og Android Auto
- Leiðsögukerfi með Íslandskorti
- Rafdrifin opnun afturhlera með skynjara
- Bi-Xenon aðalljós
- Bakkmyndavél og bílastæðaaðstoð
- 9 Sony hátalarar

***Ford er frábær!***
***Komdu, reynsluaktu og upplifðu Ford Kuga Vignale***
***Bjóðum upp á dýrindis kaffibolla frá Kaffitár***

ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16



Nýr
FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU
5
Kaffitár
Valdís
Sara Björk, Valdís, Kaffitár, leikur, léttskoðun og margt, margt fleira. Gleðilegur laugardagur framundan!
Við látum framtíðina rætast.
www.volkswagen.is
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is


Golf
frumsýndur í dag!
Volkswagen dagurinn
í HEKLU í dag milli kl. 12 og 16.
Volkswagen dagurinn verður samtímis á eftirfarandi stöðum:
• Höldur Akureyri
• Bílasala Selfoss
• Hekla Reykjanesbæ
• Bílás Akranesi
Auk frumsýningar á nýjum Golf kemur Sara Björk, landsliðskona og tvöfaldur Þýskalandsmeistari, í heimsókn og áritar myndir milli kl. 12.30 og 13.30, allir Volkswagen eigendur fá fría léttskoðun, skemmtilegur leikur verður í gangi og að sjálfsögðu bjóðum við öllum upp á ís, kaffi og svalandi drykki.
Komdu í HEKLU Laugavegi og gerðu þér glaðan Volkswagen dag með okkur. Hlökkum til að sjá þig!
Volkswagen

# Ríkisstjórn May stendur veikum fótum

Útlit er fyrir minnihlutastjórn Íhaldsflokksins með stuðningi Lýðræðislega sambandsflokksins á Norður-Írlandi í breska þinginu. Úrslit kosninganna voru sögð niðurlæging fyrir Theresu May forsætisráðherra. Óvissa um samninga Bretlands og Evrópusambandsins.

Sæunn Gísladóttir
saeunn@frettabladid.is



**BRETLAND** Í gær lágu niðurstöður fyrir í sögulegum þingkosningunum í Bretlandi og komu þær mörgum verulega á óvart. Breski Íhaldsflokkurinn tapaði meirihluta sínum á þinginu. Flokkurinn missti tólf þingsæti og er nú með 318 þingsæti, en 326 þingsæti þarf til að ná meirihluta. Verkamannaflokkurinn bætti aftur á móti við sig hátt í þrjátíu sætum og er nú með 261 þingsæti.

Staðan sem kom upp fól í sér mikla ringulreið þar sem enginn flokkur er með þingmeirihluta. Vox greinir frá því að venjulega þegar þessi staða komi upp stjórni stærsti stjórnmálaflokkurinn ríkisstjórninni, en geti ekki samþykkt nein stórvægileg lög.

Theresa May, forsætisráðherra Bretlands og formaður Íhaldsflokksins, hefur tilkynnt að hún hyggist mynda minnihlutastjórn með stuðningi Lýðræðislega sambandsflokksins (DUP) á Norður-Írlandi sem náði tíu mönnum á þing í kosningunum.

Fjölmiðlar í Bretlandi töluðu í gær um „niðurlægingu“ og „martröð“ fyrir Íhaldsflokkinn og May sem verið hefur forsætisráðherra frá því í júlí í fyrra en hún tók við keflinu af David Cameron sem sagði af sér í kjölfar Brexit-kosninganna. May boðaði til kosninganna með stuttum fyrirvara og þremur árum áður en þær áttu að fara fram til að efla meirihluta Íhaldsflokksins á þingi. Sú áætlun mistókst hins vegar og hafa kosningarnar frekar veikt stöðu May en bætt hana. Jeremy Corbyn, leiðtogi Verkamannaflokksins, kallaði í gær eftir afsögn May í kjölfar niðurstöðunnar.

Nokkur atriði eru talin hafa haft áhrif á niðurstöðu kosninganna. Í fyrsta lagi var Corbyn talinn ná að heilla kjósendur á kosningaviðburðum síðustu vikna en sama má ekki segja um May. Einnig hlaut stefna Íhaldsflokksins er varðar heilbrigðismál mikla gagnrýni. Þá benda fyrstu tölur til þess að allt að 72 prósent ungra Breta hafi kosið í kosningunum en ungir kjósendur eru líklegri til að kjósa Verkamannaflokkinn.

Fari Íhaldsflokkurinn í minnihlutastjórn með stuðningi DUP þykir ljóst að staða flokksins verður ekki mjög sterk. DUP hefur sætt verulegri gagnrýni fyrir stefnu sína. Flokkurinn er vinstrisinnaðri en Íhaldsflokkurinn er kemur að útgjöldum ríkisins að sögn The Financial Times en er með mun harðari stefnu þegar kemur að samfélagsmálum, til að mynda hjónabandi samkynhneigðra og fóstureyðingum. Þá trúa einhverjir meðlimir flokksins ekki á loftslagsbreytingar.

Fulltrúar DUP hafa staðfest að þeir muni styðja ríkisstjórn Íhaldsflokksins. Saman eru flokkarnir með 328 atkvæði. Talið er að May myndi ríkisstjórn með ráðherrum úr röðum Íhaldsflokksins og geri einhvers konar óformlegt samkomulag við DUP um að þeir styðji minnihlutastjórn í atkvæðagreiðslum á þingi.

Í ræðu sinni í gær sagði Theresa May að þessi samvinna væri eini möguleikinn til að tryggja að Bretland geti náð árangri í Brexit-viðræðum sem eiga að hefjast 19. júní.

Til þess að koma á minnihlutastjórninni þarf May að halda ræðu sem nefnist „Drottningarræða“ og fá meirihluta þingsins til að kjósa með traustsyfirlýsingu að Íhaldsflokkurinn geti verið leiðtogi þingsins. Það ætti að nást ef allir þingmenn DUP styðja tillöguna.

Ef svo fer að meirihluti þingsins styður ekki tillöguna mun Verkamannaflokkurinn líklega fá umboð til að mynda stjórn.

**Hart Brexit nú óvíst**

Í aðdraganda kosninganna skoðuðu greinendur hvaða áhrif þær myndu hafa á viðræður Breta um útgöngu úr Evrópusambandinu. Vox greindi frá því að talið væri að May myndi samþykkja svokallað „hart Brexit“ sem myndi fela í sér veruleg takmörk á flæði fólks frá Evrópusambandinu til Bretlands. Þetta yrði gert á kostnað aðgangs Bretlands að frjálsum markaði við Evrópusambandsríkin.

Niðurstaða kosninganna bendir þó til þess að svo verði ekki þar sem fylgi Íhaldsflokksins minnkaði töluvert. Leo Varadkar, forsætisráðherra Írlands, sagði niðurstöðurnar benda til þess að það væri engin þörf fyrir „hart Brexit“.

Óvíst er hvort viðræðurnar muni hefjast þann 19. júní eins og stefnt var að. Theresa May hefur ekki sýnt merki þess að hún muni segja af sér sem leiðtogi Íhaldsflokksins, en ef svo færi myndi það leiða til þess að upphaf viðræðna myndi frestast.

Bretland yfirgefur Evrópusambandið sjálfkrafa í mars 2019. Þangað til hafa stjórnvöld þar tækifæri til að semja um hvort útgangan verði með eða án aðgangs að Evrópumarkaðnum.



Staða May og Íhaldsflokksins er talin veikari nú en fyrir kosningar. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Pundið lækkaði vegna niðurstöðunnar

Markaðir virðast óvissir um leiðtogahæfni May. The Financial Times greinir frá því að gengi pundsins hafi veikst eftir að útgönguspáin birtist á fimmtudagskvöld og lækkaði í kjölfar þess að May greindi frá minnihlutastjórninni í gærmorgun.

Í gærkvöldi hafði gengi pundsins lækkað um 1,7 prósent frá því að útgönguspáin birtist. Gengi hlutbréfa hækkaði hins vegar. FTSE 100 vísitalan hækkað um 1,04 prósent.



Jeremy Corbyn var ánægður með úrslit kosninganna. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**318**

sæti fékk Íhaldsflokkurinn í neðri deild breska þingsins.

## Íhaldsflokkurinn í sérstakri stöðu

„Þessi laka útkoma Íhaldsflokksins hefur aðallega komið á óvart í þessum kosningum. Theresa May virðist hafa vanmetið Jeremy Corbyn og ofmetið eigin styrk. Þetta sést best á því að hún eyddi drjúgum tíma í kjördæmum þar sem Verkamannaflokkurinn hefur yfirleitt alltaf verið með meirihluta þegar kosningaúrslit eru skoðuð í sögulegu samhengi. Hún fór reglulega inn í kjördæmi þar sem Verkamannaflokkurinn er yfirleitt talinn vera með yfirhöndina í þeim tilgangi að ná þessum aukna meirihluta á breska þinginu. Þessi strategía hefur misheppnast hrapallega,“ segir Þorbjörn Þórðarson, fréttamaður Stöðvar 2, sem er staddur í London til að fylgjast með kosningunum.

„May virðist hafa vanmetið og vanáætlað stöðu sína mjög mikið. Í stað þess að berjast í þeim kjördæmum og tryggja öruggan sigur í tvísýnum kjördæmum eða þar sem Íhaldsmenn hafa yfirleitt náð manni á þing þá var hún að herja á vígi sem voru mjög erfið viðureignar.“

Hann segir marga sem hann hefur talað við mjög þreytta á stöðunni og fjölda kosninga. „Margir óttast að hjaðningavíg verði innan Íhaldsflokksins og Boris Johnson eða aðrir muni reyna að ná May úr formannsstólnum. Það er landsþing í október. Margir eru þreyttir á þessu, fólk vill stöðugleika og vill að lýðræðislega kosin stjórnvöld noti kjörtímabilið,“ segir Þorbjörn.

„Það er augljóst að margir vildu senda Íhaldsflokknum skýr skilaboð um að þeir sæju í gegnum þá yfirlýsingu May að hún þyrfti sterkt lýðræðislegt umboð og þess vegna hefði kosningunum verið flýtt. Tilgangur kosninganna var ekki að það þurfti aukinn meirihluta til að leiða úrsögn úr Evrópusambandinu, tilgangurinn var að auka meirihlutann á þinginu því Íhaldsflokkurinn var að mælast með svo mikið fylgi,“ segir Þorbjörn.

Útlit er fyrir að Íhaldsflokkurinn nái að mynda ríkisstjórn með stuðningi DUP en að sögn Þorbjörns er staða flokksins mjög sérstök. „Við erum ekki búin að sjá stjórnarsáttmálann og við erum ekki búin að sjá hvaða mál DUP mun setja á oddinn. Þetta er erfið staða fyrir Íhaldsflokkinn að vera í. Að vera með flokk með tíu þingmenn kjörna sem þú getur sett Íhaldsflokknum afarkosti gegn því að verja stjórnina í erfiðum málum. Þannig að þetta er sérstök staða sem Íhaldsflokkurinn er kominn í, í ljósi þeirra aðstæðna sem boðið var til snemmbúinna kosninga,“ segir Þorbjörn.



May virðist hafa vanmetið og vanáætlað stöðu sína mjög mikið.

Þorbjörn Þórðarson, fréttamaður á Stöð 2




# Við frumsýnum nýtt útlit.

**Í dag milli kl. 12–16 viljum við sýna þér nýjan Mercedes-Benz GLA.** Komdu og mátaðu þig við framtíðina, það er kominn tími til að stíga næsta skref. Við tökum vel á móti þér.

Mercedes-Benz
The best or nothing.

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Þú finnur „Mercedes-Benz Ísland“ á Facebook

# Ástand heimsins













**1. TYRKLAND** Mótmælendur komu saman í Istanbúl í gær til að mótmæla handtöku tveggja kennara sem höfðu verið í setuverkfalli í 213 daga, þar af í hungurverfalli í 75 daga.

**2. ÚKRAÍNA** Sprengjusérfræðingar skoða garðinn fyrir utan bandaríska sendiráðið í Kænugarði. Heimagerðri sprengju var kastað í átt að sendiráðinu í fyrradag. Enginn slasaðist.

**3. BRASILÍA** Dómarar í Landsdómi Brasilíu koma sér fyrir áður en mál Michels Temer, forseta landsins, var tekið fyrir.

**4. INDLAND** Indverji dregur kálfa út í á til að baða þá. Afar heitt er í Indlandi þessa dagana og nær hiti sums staðar 45°C þar sem mest lætur.

**5. ÍRAN** Vegfarendur snerta líkkistur þeirra sem fórust í árás Íslamska ríkisins á þinghúsið í Teheran. Sautján týndu lífi og tugir eru særðir eftir árásina.

**6. SUÐUR-AFRÍKA** Flækingshundur þvælist um skurð fullan af braki. Óveður reið yfir Höfðaborg á dögunum sem lýst hefur verið sem versta stormi í borginni í 30 ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA









Orka náttúrunnar fagnar lífsgæðunum og gleðinni sem býr í heita vatninu og færir ungum sundköppum kúta sem gera samverustundirnar í sundi enn ánægjulegri.

Góða skemmtun!

ORKA NÁTTÚRUNNAR

**ORKA NÁTTÚRUNNAR** · Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík · Sími 591 2700 · www.on.is · on@on.is

FRÉTTABLAÐIÐ
SKOÐUN

# Makleg málagjöld May



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Úrslit kosninganna í Bretlandi komu vægast sagt á óvart. Að morgni kjördags var því spáð að Íhaldsmenn fengju ríflegan meirihluta en útgönguspár gáfu svo allt annað til kynna. Nú þegar talið hefur verið upp úr kössunum er ljóst að meirihluti Theresu May forsætisráðherra er fallinn.

Þótt May hafi verið snögg til að mynda samsteypustjórn með stuðningi norður-írskra sambandssinna er ljóst að hún kembir ekki hærurnar í embætti. Sagan segir að kunnir samflokksmenn hennar séu þegar farnir að brýna hnífana. Boris Johnson utanríkisráðherra er sá sem oftast er nefndur sem arftaki May á formannsstóli. Líklegast verður að telja að May sitji fyrst um sinn og víki þegar um hægist.

Kosningabaráttan var ein samfelld sorgarsaga fyrir May en að sama skapi persónulegur sigur fyrir Jeremy Corbyn, leiðtoga Verkamannaflokksins. Maðurinn sem átti að standa flokknum fyrir þrifum var aðeins hársbreidd frá því að vinna sögulegan sigur.

Merkilegasta niðurstaðan er kannski sú að Bretar virðast aftur vera að færast í átt að hreinu tveggja flokka kerfi. Íhaldsflokkurinn og Verkamannaflokkurinn fengu yfir fjögur af hverjum fimm greiddum atkvæðum. Litlu flokkarnir töpuðu þingmönnum sínum í hrönnum. Gamli leiðtogi frjálslyndra, Evrópusinninn Nick Clegg, sem einu sinni átti að vera maðurinn til að splundra tveggja flokka kerfinu, datt út af þingi.

> **Bretar, sem einu sinni voru taldir skólabókardæmi um ríki sem byggi við stöðugt stjórnarfar, upplifa nú hálfgert öngþveiti í pólitíkinni. Þeir eru í óvissuferð út úr Evrópusambandinu, og sú sem stýra átti skútunni er helsærð og völt í sessi.**

Bretar, sem einu sinni voru taldir skólabókardæmi um ríki sem byggi við stöðugt stjórnarfar, upplifa nú hálfgert öngþveiti í pólitíkinni. Þeir eru í óvissuferð út úr Evrópusambandinu, og sú sem stýra átti skútunni er helsærð og völt í sessi. Ekki er nema von að forsvarsmenn Evrópusambandsins hafi ýjað að því að skynsamlegt gæti verið að fresta samningafundum vegna Brexit eitthvað fram á sumar.

Hér á þessum síðum var því varpað fram á dögunum hvort Bretar myndu ekki vilja spóla til baka um tólf mánuði. Þá ríkti efnahagslegur stöðugleiki í landinu og ríkisstjórn Davids Cameron virtist vera með styrka stjórn á hlutunum. Brexit umturnaði því á einni nóttu. Cameron sagði af sér og May tók við eftir mikil hjaðningavíg í forystu Íhaldsflokksins.

Sagt var að pólitísk framtíð fólks á borð við May, Boris Johnson og Michael Gove hefði ráðið mestu um afstöðu þeirra og háttsemi í aðdraganda Brexit. Þau hafi tekið persónulegan metnað fram yfir hagsmuni þjóðar. Johnson og Gove var refsað snögglega, en May stóð uppi sem sigurvegari.

Nú hefur hún líka fengið makleg málagjöld.




Gunnar




## Mín skoðun Logi Bergmann



### Galdurinn við beinar útsendingar

Ég sat í fyrrinótt og fylgdist með bresku kosningunum. Alltof lengi og var alltof spenntur fyrir einhverju sem ég, þegar ég hugsa um það í alvörunni, hef í raun engan sérstakan áhuga á. En samt, ofsa spenntur.

Ég get ekki alveg útskýrt hvað það er sem mér finnst svona spennandi. Ég er ekki einu sinni alveg viss um með hverjum ég held. Þetta er eins og að horfa á fótboltaleik með tveimur liðum sem maður veit ekki alveg hvað heita. Smám saman fer maður að halda með öðru liðinu, en helst af öllu vonar maður að eitthvað óvænt gerist.

#### Að eyðileggja morgundaginn

Það er ekki spennan fyrir þreytulegu fólki í íþróttasölum, sem maður fékk að sjá annað slagið. Og alls ekki spennan fyrir því hvað einhverjir vitringar héldu að myndi gerast næst. Ekki einu sinni spennan fyrir frambjóðendum sem ég hef aldrei séð áður og hef ekki hugmynd um hvort eru klárir eða skemmtilegir. Ég bara horfði og lagði mitt af mörkum til að vera algjörlega ónýtur í vinnunni í gær.

Á miðvikudagskvöldið vakti ég álíka lengi til að fylgjast með leik í NBA-deildinni. Cleveland (aldrei komið þangað) og Golden State Warriors (frá Oakland í Kaliforníu – aldrei komið þangað heldur). Ég vakti allan tímann og var rosalega spenntur og brjálaður af því Lebron James (aldrei hitt hann) tapaði.

Þegar ég fór að sofa um klukkan fjögur, vitandi að sjö ára skemmtikraftur myndi vekja mig fyrir allar aldir, sá ég ekki eftir neinu. Aldrei hvarflaði að mér að sennilega væri skynsamlegast að fara bara að sofa á venjulegum tíma og kíkja á netið um morguninn. Enda er það algjörlega fáránleg hugmynd.

Í raun skil ég það samt betur að vaka og horfa á körfuboltaleik. Það er í það minnsta myndrænt og spennandi. Ég þekki alla leikmennina og söguna og held með öðru liðinu. Breska kosningasjónvarpið var bara samansafn af yfirlætislegum sérfræðingum með ljót bindi. Sum reyndar svo ljót að ég skil ekki af hverjum þeim var hleypt út úr húsi með þau. En það útskýrir sennilega ekki að vaka langt fram á nótt.

> **Þegar ég fór að sofa um klukkan fjögur, vitandi að sjö ára skemmtikraftur myndi vekja mig fyrir allar aldir, sá ég ekki eftir neinu. Aldrei hvarflaði að mér að sennilega væri skynsamlegast að fara bara að sofa á venjulegum tíma og kíkja á netið um morguninn.**

Svarið er einfalt. Bein útsending. Hún er algjört lykilatriði. Hún gerir allt spennandi og fær skynsamt fólk, eins og mig (víst), til að vaka miklu lengur en skynsamlegt getur talist.

#### Allt er betra í beinni útsendingu

Í raun held ég að það sé hægt að gera allt áhugavert með því að senda bara beint frá því. Jafnvel útsending frá Alþingi getur næstum því orðið spennandi þegar maður veit að hún er bein. Og það gæti eitthvað óvænt gerst (sem á reyndar ekki við um Alþingi).

Ég man þá tíð þegar það þótti bara fullkomlega eðlilegt að horfa á vikugamlan fótboltaleik og hlusta á Bjarna Fel lýsa því hvernig við ættum að hafa auga með leikmanni númer sjö. Hann gæti átt eftir að koma meira við sögu. Núna er það blátt áfram fáránlegt að horfa á leik sem er ekki í beinni útsendingu. Ég get ekki einu sinni gert það á tímaflakkinu. Hausinn á mér öskrar á mig: ÞETTA ER EKKI BEINT.

En ég sé sem sagt ekkert að því að fylgjast með því hvernig Reetenrra Bjeerji gengur í Basildon South, sem ég hef ekki hugmynd um hvar er í Bretlandi. Ekki frekar en East Dumbarton, þar sem Jo Swinson stóð í ströngu. Rétt að taka það fram að ég veit ekki einu sinni af hvaða kyni þessir frambjóðendur eru. En ég horfi samt.

Það er galdurinn við beinar útsendingar.

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*


OFHLEÐSLA
BÁTA
Fengsælum sjómönnum kann að þykja freistandi að hlaða bát sinn út í hið óendanlega. Það getur hins vegar skapað mikla hættu þar sem ofhleðsla getur leitt til alvarlegra slysa. Gætum að öryggi okkar og siglum örugg í höfn.
Samgöngustofa
og verkefnisstjórn um öryggi sjófarenda

# SPENNANDI TILBOÐ Í TILEFNI 4 ÁRA AFMÆLIS HÚSGAGNAHALLARINNAR Á AKUREYRI



**AFMÆLISTILBOÐ**
**30%**
**AFSLÁTTUR**

## RIA
Skemmtilegur tveggja og þriggja sæta retro sófi. Ljós- og dökkgrátt og grænt slitsterkt áklæði.

2ja sæta: 152 × 83 × 79 cm
**48.990 kr.** ~~69.990 kr.~~

3ja sæta: 192 × 83 × 79 cm
**55.990 kr.** ~~79.990 kr.~~

## WILMA
Borðstofustóll, slitsterkt grátt áklæði.



**AFMÆLISTILBOÐ**
**33%**
**AFSLÁTTUR**

**7.990 kr.**
~~11.990 kr.~~

## MOSS
Borðstofustóll. Svart microfiber áklæði og viðarlappir.



**AFMÆLISTILBOÐ**
**50%**
**AFSLÁTTUR**

**5.995 kr.**
~~11.990 kr.~~

## PIANA
Borðstofustóll. PU-brúnn og svartur.



**AFMÆLISTILBOÐ**
**30%**
**AFSLÁTTUR**

**7.690 kr.**
~~10.990 kr.~~



Aukahlutir á mynd: Hnakkapúði og armpúðar.

## UMBRIA
Tungusófi, hægri eða vinstri tunga. Slitsterkt ljós- og dökkgráttáklæði. Stærð: 245 × 163 × 78 cm

**AFMÆLISTILBOÐ**
**35%**
**AFSLÁTTUR**

**129.990 kr.** ~~199.990 kr.~~

## TWIST
Hægindastóll. Ljósblátt, appelsínugult, ljós- og dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Einnig fáanlegur skemill við stól.



**AFMÆLISTILBOÐ**
**33%**
**AFSLÁTTUR**

**39.990 kr.** ~~59.990 kr.~~

**Reykjavík**
Bíldshöfði 20
**10 – 18** virka daga
**11 – 17** laugardaga
**13 – 17** sunnudaga

**Akureyri**
**Dalsbraut 1**
**10 – 18** virka daga
**11 – 16** laugardaga

**Ísafjörður**
**Skeiði 1**

**www.husgagnahollin.is**
558 1100

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.*




**SPAN**
Vandaður hægindastóll með gráu slitsterku áklæði. Viðalit eða svört viðargrind og lappir.

**89.990 kr.**
~~109.990 kr.~~



## CASTELLO LÍNAN

Borðstofu-skápur. Ómeð-höndluð eik og gler í hurðum.

**99.995 kr.**
~~199.990 kr.~~

Borðstofuborð. Ómeðhöndluð eik.
100 x 240 cm.

**89.990 kr.**
~~179.990 kr.~~

Borðstofustóll. Svart Bonded- leður og eikarfætur.

**9.995 kr.**
~~19.990 kr.~~



**CASTELLO TILBOÐ**
**50%**
**AFSLÁTTUR**




## MINEOLA

Tveggja og þriggja sæta sófar. Grár, gráblár eða ljós.

2ja sæta stærð:
165 x 88 x 84 cm

**79.990 kr.**
~~99.990 kr.~~

3ja sæta stærð:
195 x 88 x 84 cm

**89.990 kr.**
~~109.990 kr.~~



**Þú finnur nýja bælinginn okkar á www.husgagnahollin.is**

HÚSGAGNA
HÖLLIN




Hausverkur. Heimir klórar sér í hausnum þessa dagana og reynir að finna út hvernig eigi að vinna hið firnasterka lið Króatíu. Vonandi verður hann búinn að finna sigurformúluna á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Leitum enn að sigurformúlunni

**Heimir Hallgrímsson segir að undirbúningurinn fyrir leikinn gegn Króatíu á morgun hafi verið mjög góður. Allir leikmenn heilir og hugarfar leikmanna sé eins og best verði á kosið. Strákarnir mæti því brattir til leiks.**

**FÓTBOLTI** „Það er alltaf gaman að sjá þessa stráka hittast. Þeir njóta þess að vera með hver öðrum og það er frábært að vera í svoleiðis hóp,“ segir jákvæður landsliðsþjálfari Heimir Hallgrímsson í aðdraganda stóra leiksins gegn Króötum á morgun.

Það er mikið undir hjá strákunum því takist þeim að leggja Króatana að velli þá komast þeir upp að hlið þeirra á toppi riðilsins. Þetta er síðasti leikur leikmannanna fyrir sumarfrí og er eitthvað öðruvísi að undirbúa leik við slíkar aðstæður?

**Skrítinn tími**

„Það er alltaf svolítið skrítið að fá hóp saman á þessum tíma. Sumir eru búnir með sitt mót fyrir þrem til fjórum vikum síðan og það hlýtur að vera erfitt að vera kominn í frí en samt ekki kominn í frí. Þetta er því oft erfiður tími og í ljósi þess vildum við ekki taka vináttuleik. Það hefur oft vantað áhuga í vináttuleikjum á þessum tíma. Við vildum því frekar gefa leikmönnum meiri slaka og hafa undirbúninginn aðeins afslappaðri og gefa leikmönnum aðeins meira frelsi.“

Heimir hefur engu að síður verið með stóran hluta hópsins á æfingum í nokkurn tíma sem hann segir vera dýrmætt.

„Við erum gríðarlega sáttir við strákana að hafa tekið þátt í þessu með okkur. Þeir skynja líka mikilvægi þessa leiks og eru tilbúnir að leggja allt í sölurnar,“ segir Heimir en lykilmenn í hópnum eru sumir hverjir í litlu leikformi. Til að mynda hefur Birkir Bjarnason ekki spilað fótboltaleik í rúma þrjá mánuði.

**Engar áhyggjur af leikformi**

„Í upphafi hafði ég þó nokkrar áhyggjur af því en eftir að hafa verið með hann hér í þrjár vikur hef ég engar áhyggjur af honum. Svo verður auðvitað að koma í ljós hvernig hann er inn á vellinum. Við þekkjum allir hugarfar Birkis og það er alltaf til fyrirmyndar. Auðvitað vill maður að allir leikmenn séu að spila alla leiki en það er bara í fullkomnum heimi. Við verðum bara að taka á stöðunni eins og hún er í staðinn fyrir að væla yfir henni, það þýðir ekkert.“

Heimir segir að allir leikmenn liðsins séu í góðu standi fyrir leikinn og að undirbúningur hafi verið eins og best verður á kosið. Leikmenn tala af bjartsýni og trúa því að nú sé komið að þeim að vinna gegn Króatíu.

**Tökum skref í rétta átt**

„Við förum í alla leiki með það hugarfar að vinna. Leikirnir við Króata hafa verið okkur erfiðir. Sérstaklega fyrstu tveir leikirnir þar sem þeir voru klárlega bara betri. Við töldum okkur hafa tekið fínt skref í rétta átt í síðasta leik. Þeir skora úr langskotum og flest færi þeirra eru skot fyrir utan. Sóknarleikurinn var samt vissulega fátæklegri á kostnað góðs varnarleiks. Við erum að læra af reynslunni og reynum að taka eitt skref í viðbót,“ segir Heimir en hann hefur engar áhyggjur af því að leikmenn hafi ekki trúna sem þarf gegn þessu sterka liði.

**Mikið sjálfstraust**

„Ég hef ekki miklar áhyggjur. Við förum í leiki fullir af sjálfstrausti og vitum að árangur okkar á heimavelli er góður. Við töpuðum ekki á móti þeim hér síðast. Á meðan hugarfar strákanna er eins og það er þá er ekkert til að hafa áhyggjur af. Við vitum samt líka að við getum átt stórfínan leik en samt tapað. Það er eðlilegt því þeir eru með heimsklassalið. Við erum alltaf að leita að sigurformúlunni og vonandi finnst hún núna.“

henry@frettabladid.is




Aron Einar Gunnarsson er klár í slaginn gegn Króatíu.

## Glíma við ógnarsterka króatíska miðju

Landsliðsfyrirliðinn Aron Einar Gunnarsson mun fá að glíma við einn besta miðjumann heims, Luka Modric, á morgun en sleppur við Ivan Rakitic, miðjumann Barcelona, þar sem hann er meiddur.

„Rakitic var mjög góður gegn okkur úti og fann holurnar hjá okkur. Við vorum í vandræðum með hann,“ segir Aron Einar en veit ekki hversu gott er að losna við Rakitic því í stað hans kemur væntanlega annar miðjumaður Real Madrid, Mateo Kovacic.

„Hann var að vinna Meistaradeildina. Það er gríðarleg breidd og gæði. Það verður að koma í ljós hvort það vinni með okkur. Við þurfum fyrst og fremst að vera einbeittir og klókir. Þetta verður erfitt eins og alltaf gegn gæðaliði. Þekkjum þá vel og vonandi gerum við nógu vel núna til þess að taka þrjú stig.“

## Nýjast

**Inkasso-deildin**

| | |
|---|---|
| **Leiknir R. - Selfoss** | **2-0** |

1-0 Tómas Óli Garðarsson (62.), 2-0 Ingvar Ásbjörn Ingvarsson (75.).

**FIMM FUGLAR HJÁ ÓLAFÍU**
Atvinnukylfingurinn Ólafía Þórunn Kristinsdóttir lék á tveimur höggum undir pari á öðrum keppnisdegi Manulife LPGA Classic í Ontarió í Kanada. Mótið er hluti af LPGA-mótaröðinni í golfi, þeirri sterkustu í heimi. Ólafía spilaði einkar vel í gær og fékk alls fimm fugla á hringnum og aðeins þrjá skolla. Hún er samtals á einu höggi undir pari en var, þegar blaðið fór í prentun, ekki réttu megin við niðurskurðarlínuna.




**ÍSLENSKUR SIGUR Í CORK**
Íslenska kvennalandsliðið í körfubolta vann 63-69 sigur á Írlandi í vináttulandsleik í Cork í gærkvöldi. Staðan í hálfleik var 28-27, íslensku stelpunum í vil. Þetta var fyrri leikur þjóðanna en sá seinni fer fram í Dublin á morgun. Erna Hákonardóttir, Dagbjört Dögg Karlsdóttir og Þóra Kristín Jónsdóttir spiluðu allar sinn fyrsta A-landsleik í gær. Hildur Björg Kjartansdóttir var valin maður leiksins.

**GÓÐUR SIGUR Á PÓLVERJUM**
Íslenska karlalandsliðið í handbolta vann þriggja marka sigur á því pólska, 24-21, á Gjensidige Cup, fjögurra liða æfingamóti í Noregi í gær. Varnarleikur Íslendinga var miklu mun sterkari en í tapinu fyrir Norðmönnum á fimmtudaginn og þá varði nýliðinn Ágúst Elí Björgvinsson vel í seinni hálfleik. Líkt og gegn Noregi var Ómar Ingi Magnússon markahæstur í íslenska liðinu í gær. Selfyssingurinn tvítugi skoraði sjö mörk. Íslendingar mæta Svíum í lokaleik sínum á mótinu á morgun.




## Helgin

**Laugardagur:**

| | | |
|---|---|---|
| **13.30** | **Formúla E: Berlin** | Sport 2 |
| **13.55** | **F1: Æfing Kanada** | Sport |
| **15.50** | **Kasakst. - Danmörk** | Sport 2 |
| **15.50** | **Aserb. - Norður-Írla.** | Sport 3 |
| **15.50** | **Skotland - England** | Sport |
| **16.50** | **F1: Tímataka Kanada** | Sport 4 |
| **17.00** | **FedEx St Jude** | Golfstöðin |
| **18.35** | **Noregur - Tékkland** | Sport 2 |
| **18.35** | **Pólland - Rúmenía** | Sport 3 |
| **18.35** | **Þýskaland - San Mar.** | Sport |
| **19.00** | **Manulife LPGA** | Sport 4 |
| **20.45** | **HM markasyrpa** | Sport |

**Sunnudagur:**

| | | |
|---|---|---|
| **13.30** | **Formúla E: Berlin** | Sport 2 |
| **15.50** | **Moldavía - Georgía** | Sport 4 |
| **15.50** | **Finnland - Úkraína** | Sport |
| **15.50** | **Írland - Austurríki** | Sport 3 |
| **17.00** | **FedEx St Jude** | Golfstöðin |
| **17.30** | **F1: Keppni Kanada** | Sport 2 |
| **18.35** | **Makedónía - Spánn** | Sport |
| **18.35** | **Serbía - Wales** | Sport 5 |
| **18.35** | **Kósóvó - Tyrkland** | Sport 3 |
| **19.00** | **Manulife LPGA** | Sport 4 |
| **20.45** | **HM markasyrpa** | Sport |
| **22.10** | **Ísland - Króatía** | Sport |


Tæknifræðinám Háskóla Íslands og Keilis
Umsóknarfrestur til 5. júní
Iðntæknifræði fyrir efna- og líftækniiðnað
Mekatróník hátæknifræði með áherslu
á tölvu- og véltækni
Flugakademía Keilis
Keilir
Aviation A
Einkaflugmannsnám
Atvinnuflugmannsnám
Flugvirkjanám
Fjölbreytt nám í framsæknum skóla
Keilir
Miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs
www.keilir.net
Íþróttaakademía Keilis
Umsóknarfrestur til 12. júní
ÍAK Einkaþjálfaranám
ÍAK Styrktarþjálfaranám
Leiðsögunám í ævintýraferðamennsku
Fótaaðgerðafræði
Háskólabrú Keilis
Umsóknarfrestur til 12. júní
Staðnám í Reykjanesbæ
Staðnám á Akureyri
Fjarnám með eða án vinnu



# Var á golfvellinum tólf tíma á dag

Gylfi Sigurðsson verður að venju í lykilhlutverki þegar áhorfendur munu troðfylla Laugardalsvöllinn á sunnudagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Gylfi Þór Sigurðsson kemur endurnærður inn í landsleik Íslands og Króatíu eftir verðskuldað frí að loknu strembnu tímabili í ensku úrvalsdeildinni. Hann notar golf til að kúpla sig út úr fótboltanum.**

Eiríkur Stefán Ásgeirsson
eirikur@365.is



**FÓTBOLTI** Ísland mætir Króatíu á sunnudag í einum mikilvægasta landsleik síðari ára en með sigri koma strákarnir okkar sér í lykilstöðu fyrir baráttuna um sæti á HM í Rússlandi. Tap í leiknum þýðir hins vegar að baráttan um efsta sæti riðilsins og sjálfkrafa þátttökurétt í lokakeppninni verður líklega úr sögunni.

Strákarnir okkar hafa mætt Krótum þrívegis undanfarin ár en aldrei borið sigur úr býtum. Ísland hélt þó jöfnu í markalausu jafntefli á Laugardalsvelli árið 2013 en stóra vandamálið er að liðið hefur ekki náð að skora í neinum leikjanna. Gylfi Þór Sigurðsson þarf að eiga stórleik, að venju, til að liðinu farnist vel annað kvöld og hann hefur ekki áhyggjur af þessu. „Við þurfum bara að vera rólegir á boltanum. Ég hef trú á því að við munum fá fullt af færum – sérstaklega á heimavelli þar sem við erum vanir því að skapa mikið af færum, hvort sem er með föstum leikatriðum eða í gegnum venjulegt spil," sagði Gylfi við Fréttablaðið fyrir æfingu landsliðsins á Laugardalsvelli í gær.

„Auðvitað þarf vörnin okkar að vera þétt eins og hún hefur áður verið. Ég veit að við eigum eftir að skapa okkur færi – það þarf bara að nýta þau."

### Hljóp næstum tíu maraþon

Gylfi fékk mikið lof fyrir frammistöðu sína með Swansea á liðnu tímabili enda var hann að öðrum ólöstuðum langbesti leikmaður liðsins sem tókst með herkjum að halda sæti sínu í ensku úrvalsdeildinni. Telja margir sérfræðingar að Gylfi eigi heima í sterkara liði en hann baðst undan spurningum um framtíð sína og vangaveltur um möguleg félagaskipti.

Gylfi skoraði níu mörk með Swansea og gaf þrettán stoðsendingar en aðeins Kevin De Bruyne og Christian Eriksen hjá Tottenham voru með fleiri stoðsendingar í ensku úrvalsdeildinni í vetur. Gylfi spilaði nánast alla leiki með Swansea og hljóp mest allra leikmanna í deildinni – alls 410 kílómetra yfir tímabilið allt.

„Þetta var rosalega langt tímabil," segir Gylfi og brosir. „Þetta var örugglega það erfiðasta og lengsta tímabil sem ég hef gengið í gegnum á mínum ferli. Við vorum í botnbaráttu allt tímabilið og ég viðurkenni að þetta tók á. Það var mikill léttir þegar við vorum loksins öruggir."

### Ekkert í símanum úti á velli

Gylfi segir að hann eigi ekki í erfiðleikum með að núllstilla sig eftir langt og strangt tímabil og finna orku á nýjan leik fyrir krefjandi landsleik.

„Það er eitthvað sem maður verður að geta gert og verður auðveldara með árunum. Það er líka auðveldara upp á framhaldið að gera, svo maður glati ekki löngunninni," segir Gylfi sem er öflugur kylfingur og notar golf til að slappa af.

„Eftir tímabilið fór ég í rúma viku til Bandaríkjanna og var á golfvellinum í tólf tíma á dag. Ég var ekkert að spá í það hvað var verið að skrifa um mig í blöðunum enda lítið í símanum þegar ég er úti á velli," segir hann í léttum dúr.

Gylfi nýtir tækifærið í Bandaríkjunum og spilar á mörgum bestu golfvöllum landsins, til að mynda TPC Sawgrass-vellinum, þar sem

> **Við vorum í botnbaráttu allt tímabilið og ég viðurkenni að þetta tók á. Það var mikill léttir þegar við vorum loksins öruggir.**

Players-meistaramót PGA-mótaraðarinnar fer fram ár hvert.

„Við förum á hverju ári. Við erum reyndar tvo og hálfan tíma að keyra þangað en látum okkur hafa það. Við spilum líka aðra velli en þetta er auðvitað mikil upplifun – sérstaklega að koma inn á sextándu og sautjándu braut. Þetta er eitthvað sem maður er vanur að sjá í sjónvarpinu."

### Viljum verja heimavígið

Talið berst þó aftur að Króatíuleiknum. Gylfi fagnar því að endurheimta Alfreð Finnbogason úr meiðslum en það hefur gengið á ýmsu í framherjasveit íslenska liðsins og enn óvíst hvenær og hvort Kolbeinn Sigþórsson geti spilað á nýjan leik. Hann hefur ekkert spilað síðan á EM í Frakklandi síðasta sumar.

„Það er mjög gott að Alfreð sé heill á ný. Hann er með markanef og skorar mikið, sérstaklega inni í boxinu. Hann virðist alltaf vera réttur maður á réttum stað. Ef við náum að koma okkur í færi er líklegt að hann verði á réttum stað," segir Gylfi.

Ísland hefur ekki tapað leik á Laugardalsvelli síðan 2013, er liðið mætti Slóveníu. Síðan þá hefur Ísland spilað alls þrettán leiki – unnið tíu þeirra og gert þrjú jafntefli. Gylfi segir að enginn í landsliðinu vilji eyðileggja þann góða árangur.

„Hugarfarið er í góðu lagi hjá leikmönnum, sérstaklega þar sem við eigum þennan sterka heimavöll þar sem okkur hefur gengið mjög vel. Þess utan getum við með sigri komið okkur í afar sterka stöðu í riðlinum og það er meira í húfi en bara þrjú stig. Það er því algert lykilatriði að verja okkar heimavígi."

Sjálfur segist Gylfi hundrað prósent klár í slaginn og að langt tímabil á Englandi sé ekki að há honum nú. „Ég var örlítið stífur á fyrstu æfingunni eftir fríið en þetta var svo fljótt að koma hjá mér. Ég er í toppstandi." eirikur@frettabladid.is

## Spilaði hring með Adam Scott



Adam Scott hefur um árabil verið í hópi fremstu kylfinga heims. NORDICPHOTOS/GETTY

Gylfi Þór Sigurðsson er framúrskarandi kylfingur, með þrjá í forgjöf og er forfallinn áhugamaður um íþróttina. Bróðir hans, Ólafur Már, var lengi í hópi bestu kylfinga landsins og Gylfi segist nokkuð viss um að hann hefði getað orðið atvinnukylfingur hefði hann valið golfið fram yfir fótboltann.

„Ég hef nánast jafn gaman af golfi og fótbolta. Ég held að ég hefði getað reynt fyrir mér í golfi ef ég hefði æft það jafn mikið og fótbolta," segir Gylfi sem fylgist vel með PGA-mótaröðinni.

„Ég horfi talsvert á golf. Konan mín er ekkert sérstaklega ánægð með það," segir hann og hlær. „En ef það er ekkert annað í sjónvarpinu þá reyni ég að horfa, sérstaklega á stærstu mótin."

Hann á nokkra kylfinga sem eru í uppáhaldi hjá honum, svo sem Ástralarnir Jason Day og Adam Scott. „Ég spilaði einu sinni með Adam Scott og held mikið upp á hann," segir Gylfi.

CITROËN




# FRUMSÝNING Í DAG!

## NÝR CITROËN C3

Yfir 25 alþjóðleg verðlaun
7" snertiskjár með Mirror Link GSM tengingu
Hlífðarklæðning á hliðum

C3 LIVE BEINSKIPTUR FRÁ
**1.970.000 KR.**
C3 FEEL SJÁLFSKIPTUR FRÁ 2.520.000 KR.

Vindar breytinga blása nú um fjölbreytta bílalínu Citroën. Við kynnum nýjan Citroën C3, einstakan í útliti með stóru 300 lítra skotti og fáanlegur með hinni bráðsnjöllu Airbump hliðarklæðningu sem verndar fyrir hurðarskellum. Citroën C3 er hljóðlátur, búinn nýjustu kynslóð sparneytinna véla og er fáanlegur með nýrri 6 þrepa undurþýðri sjálfskiptingu sem gerir hann frábærlega skemmtilegan og mjúkan í akstri. Apple Car Play og Mirror Link tæknin, sem er fáanleg í SHINE útfærsluna, gerir þér kleift að spegla helstu forrit farsímans eins og t.d Google Maps á 7" snertiskjáinn. Komdu. Sýndu þig í Citroën.

citroen.is

Komdu og fáðu þér ljúffengan ís frá Valdís

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

brimborg
Öruggur staður til að vera á

# 25 ára afmæli H

## OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16, VERIÐ VELKOMIN





Hyundai i10



Hyundai i20

## Grillveisla, afmælistilboð og veglegir kaupaukar

Í ár eru 25 ár síðan Hyundai kom fyrst til Íslands. Af því tilefni efnum við til afmælishátíðar í dag. Grillaðar pylsur, blöðrur og andlitsmálun fyrir börnin og glæsileg afmælistilboð á nýjum bílum. Sérstakur afmælisbíll Hyundai er glænýr Hyundai i30 sem fæst með veglegum kaupauka meðan birgðir endast. Allir velkomnir.

**ANDLITSMÁLUN FYRIR BÖRNIN**

5 YEAR UNLIMITED MILEAGE WARRANTY

Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur. Athugið að 5 ára ábyrgðarskilmálar Hyundai ná eingöngu yfir Hyundai bifreiðar sem eru seldar af viðurkenndum Hyundai söluaðila til endanlegs viðskiptavinar.

# yundai á Íslandi














GRILLAÐAR PYLSUR
OG GOS

HYUNDAI

Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

ENNEMM / SÍA / NM82496




## Um góðgerðar-félögin

**Barnaheill**
Vinna að mannréttindum barna með áherslu á grunnmenntun, vernd gegn ofbeldi og eflingar heilbrigði.

**Vímulaus æska**
Er fyrir foreldra og börn þeirra sem eru með hegðunar-, áfengis- eða vímuefnavanda.

**Vinakot**
Er búsetuúrræði fyrir börn og unglinga með margþættan vanda.

**Hetjurnar**
Er félag langveikra barna á Norðurlandi. Tilgangurinn er að styrkja börnin til tómstunda, fræðslu, til að fara í sumarfrí og komast í almenna afþreyingu á borð við bíó og leikhús.

**Greta Salóme, Siggi Hlö og Davíð Lúther í góðu gamni með litapúðrið skemmtilega sem fimm tonn eru til af.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Fimm tonn af litapúðri í loftið

Barnaheill, Vímulaus æska, Vinakot og Hetjurnar og félag langveikra barna á Norðurlandi, fá samtals fimm milljónir króna úthlutaðar frá The Color Run hlaupinu sem fer fram í dag. Fimm tonn af litapúðri voru keypt inn fyrir hlaupið.

Fimm milljónum króna er úthlutað til fjögurra íslenskra góðgerðarfélaga úr samfélagssjóði The Color Run hlaupsins í ár sem fer fram í dag í Reykjavík og þann 8. júlí á Akureyri.

Barnaheill, Vímulaus æska, Vinakot og Hetjurnar njóta góðs af hlaupagleði Íslendinga. Samfélagssjóðurinn var stofnaður árið 2015 þegar fyrsta litahlaupið fór fram hér á landi og alls hafa verið veittar 16 milljónir til góðgerðarfélaga á undanförnum árum.

„Þetta skiptir okkur miklu máli,“ segir Davíð Lúthersson, framkvæmdastjóri The Color Run á Íslandi. Aðstandendur séu stoltir af því að standa við verkefni sem tengjast velferð barna. „Við höfum styrkt átta góðgerðarfélög og það er auðvitað þeim sem hlaupa að þakka að við getum styrkt félögin með þessum hætti,“ segir Davíð Lúther.

Nær fimm tonn af litapúðri voru keypt inn fyrir The Color Run hlaupið í ár og Davíð Lúther segir þátttökuna hafa enn eitt árið farið fram úr öllum væntingum. „Það verður uppselt í hlaupið í dag og það sem betra er – veðurspáin er alveg frábær. Þetta verður alveg frábær dagur,“ segir hann.

kristjanabjorg@frettabladid.is

## Í hnapphelduna á Árbæjarsafni

Hnappheldan – Brúðkaup á Árbæjarsafni er ný sýning sem opnuð verður í skrúðhúsi Árbæjarsafns í dag, laugardaginn 10. júní. Sýningin er hluti af veglegri afmælisdagskrá Árbæjarsafns en í sumar eru 60 ár liðin frá stofnun safnsins. Sýningin er byggð á viðtölum, sem tekin voru vorið 2017, við hjón sem giftu sig í Árbæjarsafnskirkju á árunum 1961 til 2010. Þau deila skemmtilegum sögum af brúðkaupsdeginum og veita innsýn í brúðkaupsdaginn.

Brúðkaup hafa farið fram í þessari litlu en heimilislegu kirkju frá því árið 1961 og síðan þá hafa ótal pör látið pússa sig saman þar.

„Við giftum okkur í Árbæjarsafnskirkju, hún er lítil og sæt, og dálítið lág. Pabbi leiddi mig upp að altarinu og vinkona mín söng og vinur hennar spilaði á orgel fyrir mig. Ég man eftir því að slörið mitt var alltaf að festast uppi í loftinu,“ segir ein þeirra sem giftu sig í kirkjunni.

„Þegar við komum svo að kirkjunni varð dóttir okkar hneyksluð á því að mamma hennar ætlaði að gifta sig í því sem henni fannst vera fjós. Henni þótti þetta ekki jafn íburðarmikið og í bíómyndunum,“ segir önnur. **– kbg**



**Í Árbæjarkirkju hefur fjöldi fólks gengið í hnapphelduna. Í dag verður skemmtileg sýning opnuð í safninu um giftingarnar í kirkjunni.**
MYND/ÁRBÆJARSAFN

# ÚTSALAN
## ER Í FULLUM GANGI

ILVA

Torrent-hornsófi
**Nú 199.900**
SPARAÐU 90.000



**Torrent-hornsófi** með legubekk. L338 x D224 cm. 289.900 kr. Nú 199.900 kr.

Paris-borðstofustóll
**Nú 7.450**
SPARAÐU 7.450



Paris-borðstofustóll. Hvít, grá eða svört seta með viðarfótum. 14.900 kr. Nú 7.450 kr.



**Hobby deluxe-borðlampi.** 70 cm. Króm eða grár. 7.995 kr. Nú 5.495 kr. Kopar. 14.995 kr. Nú 9.995 kr.

Svefnsófi
**Nú 59.900**
SPARAÐU 30.000



**Savona-svefnsófi** m/legubekk. L225 cm. Svefnflötur 140 x 197 cm. 89.900 kr. Nú 59.900 kr.

**30%** AF ÖLLUM RÚMFÖTUM OG LÖKUM



**30%** AF ÖLLUM MOTTUM



**Visible-motta.** Ýmsir litir. 130 x 190 cm. 34.900 kr. Nú 23.900 kr. 160 x 230 cm. 49.900 kr. Nú 34.900 kr. 200 x 300 cm. 79.900 kr. Nú 39.900 kr. Ø150 cm. 34.900 kr. Nú 23.900 kr.

**30%** AF CLASSIC HANDKLÆÐUM



**Classic-handklæði.** 50 x 100 cm. 1.495 kr. Nú 995 kr. 70 x 140 cm. 2.995 kr. Nú 1.995 kr.

**25-35%** AF ÖLLUM SUMARVÖRUM



**Panama-stóll.** Ýmsir litir. 13.900 kr. Nú 8.900 kr.

**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 www.ILVA.is
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

Netgíró shop online

# Rómantíkin sveif yfir vötnum

Þó hetjusöngvar um sjómenn fjalli gjarnan um karlmenn þá hafa konur líka starfað um borð í skipum og stigið ölduna. Þeirra á meðal eru þær **Rannveig Ásgeirsdóttir** og **Svava Gestsdóttir** sem voru þernur á Gullfossi, hinu glæsta farþegaskipi Íslendinga sem sigldi milli landa. Þær rifjuðu upp gamla daga með bros á vör.



Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



„Fólk var flott á kvöldin, klæddi sig upp fyrir matinn. Konurnar voru í siffonkjólum, gylltum eða silfurlitum skóm og með skart,“ rifjar Rannveig upp.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Það var góð stemning á Gullfossi. Hlutverk okkar þernanna var að þjónusta farþegana og létta þeim lífið. Það var bara yndislegt.“

„Já, allt snerist um að gera vel við fólkið og siglingarnar voru ævintýralíf að sumu leyti. Stundum voru böll um borð með lifandi tónlist. Það var í hópferðunum, þá var leikið og dansað.“

„Svona kemur aldrei aftur. Ekki hér.“

Við Rannveig Ásgeirsdóttir og Svava Gestsdóttir sitjum í huggulegri stofu heima hjá þeirri síðarnefndu yfir svellandi kaffi. Þær kynntust sem þernur í Gullfossi, hinu virðulega farþegaskipi Íslands sem var í ferðum milli landa á árunum 1949 til 1973. Rannveig var þerna þar í tíu ár en Svava innan við ár.

Ég er sem fluga á vegg að hlusta á þær rifja upp og raða saman minningabrotum um lífið um borð. Lauma líka inn einni og einni spurningu.

**Rannveig:** Ég var á skipinu frá 1962 til 1973. Reyndar var ég eitt ár í landi á því tímabili og vann á Pósthúsinu á Hlemmi en hafið og Gullfoss toguðu í mig aftur.

**Svava:** Það voru margar sem sóttu um þernustarf á Gullfossi. Ég var sjúkraliði og það þótti eftirsóknarvert að fá manneskju með þá menntun en ég var bara frá vori fram á haust og svo tímabil næsta vetur á eftir. Þernurnar gengu auðvitað í störf heilbrigðisstétta ef fólk var sjóveikt. Stundum var það líka með börn sem við þurftum að sinna. Farþegar voru á öllum aldri.

> SUMIR URÐU SVO SJÓVEIKIR AÐ ÞÓ MAÐUR HEFÐI SAGT VIÐ ÞÁ „ÉG ÆTLA AÐ HENDA ÞÉR ÚTBYRÐIS,“ HEFÐU ÞEIR BARA SAGT „ÓKEI“.
>
> Rannveig.

**Rannveig:** Sumir urðu svo sjóveikir að þó maður hefði sagt við þá „Ég ætla að henda þér útbyrðis,“ hefðu þeir bara sagt „ókei“. Fólk gat orðið hálf rænulaust. Ég man eftir konu sem sagði: „Ég skal aldrei í lífinu fara aftur á sjó. Aldrei.“ Heyrðu, það var ekki liðið ár þegar hún var komin aftur.

Einu sinni hringdi kona bjöllunni í kolvitlausu veðri, bullandi sjóveik og spurði: „Geturðu fært mér mjólk og brennivín út í?“ Þá lá við að ég gubbaði. Hún var líka með hálfgerðu óráði. Fólk var að borða salt eða harðfisk til að verjast sjóveiki – og koníakið, það átti að vera allra meina bót – en Guð minn góður …“

*Voruð þið aldrei sjóveikar?*

**Rannveig:** Jú, jú, fyrst.

**Svava:** Það lá við að maður gubbaði í skúringafötuna.

**Rannveig:** Já, eða ælubakkana sem við vorum að tæma þegar veltingurinn var sem mestur.

**Svava:** En svo sjóast maður. Ég finn það þegar ég er að sigla með manninum mínum og standa ölduna þegar bræla er og skipið heggur í sjóinn, þá verð ég ekkert vör við ónot.

**Rannveig:** Það getur líka verið misjafnt eftir skipum. Gullfoss var ágætur.

**Svava:** Það er alveg rétt, það er rosalegur munur á skipum. Hún er svo há brúin á þessum nýju skipum og maður má vara sig á að meiða sig ekki því þau höggva svo mikið. Gullfoss var þægilegur. Hann var það. En hann þætti ekki stór í dag, tók 210 farþega.




Sjómenn og netagerðarmenn vinna
á bryggju í Neskaupstað 1959.


# Hetjur hafsins

**Starfsmenn Alcoa Fjarðaáls óska sjómönnum öllum, í landi og á sjó, til hamingju með daginn.**

Sjómenn eru vinir okkar, frændur og frænkur, forfeður og fyrirmyndir. Dugnaðarforkar sem láta hendur standa fram úr ermum. Dagurinn í dag er tileinkaður þeim. Takk fyrir okkur.

Fjarðaál
alcoa.is

Alcoa

**➡ Sumir voru duglegir á bjöllunum**

*Hvernig var vinnudagurinn hjá þernum?*

**Rannveig:** Vinnudagurinn var langur. Við byrjuðum klukkan sjö og unnum til átta annað kvöldið og hálf tólf hitt en fengum tveggja tíma frí að deginum, milli tvö og fjögur eða fjögur til sex. Þær sem fengu fríið klukkan tvö tóku kvöldvaktina. Við vorum yfirleitt sjö í einu um borð og höfðum nóg að gera.

**Svava:** Við vöknuðum tímanlega því við þurftum að laga okkur til og greiða okkur svo við litum vel út. Það var krafa. Byrjuðum á að fara yfir gangana og taka til á bakka handa þeim sem vildu fá kaffið í klefana. Það varð að vera tilbúið klukkan átta, sumir voru duglegir á bjöllunum.

**Rannveig:** Ég hugsa að slík afgreiðsla væri ekki leyfð í dag. Það var í raun stórhættulegt að vera í alls konar sjólagi með sjóðheitt kaffi og te í þungum silfurkönnum á bökkum og bera þá frá kjallara upp á efsta dekk, svipað og að hlaupa upp á fjórðu hæð í blokk með hvern og einn bakka.

**Svava:** Já, þegar skipið hjó gat þrýstingurinn verið mikill ýmist upp eða niður. Það þurfti krafta og lagni til að missa ekki allt saman. En veitingarnar voru fínar. Það var bakað um borð, alltaf nýtt bakkelsi með kaffinu.

**Rannveig:** Og rosalega flott kalda borðið í hádeginu, alveg frægt. Þrjátíu réttir og skreytingarnar voru þvílíkar.

**Svava:** Ekkert smá. Pinnarnir með ávöxtunum og kjötinu, þetta voru listaverk, enda mikil vinna sem að baki lá.

*Fenguð þið að borða þennan fína mat?*

**Rannveig:** Nei, nei. Við gátum auðvitað stungið einhverju upp í okkur ef við vildum en það var sér messi fyrir okkur og þar var eldað sérstaklega ofan í áhöfnina. Minnsti messinn fyrir flesta fólkið. Enginn gluggi. Maður gleypti í sig, enda glumdu bjöllurnar.

**Svava:** Í sérferðunum voru oft skemmtikvöld og böll. Þá vorum við að hjálpa farþegunum að útbúa grímubúninga og hvaðeina. Klæða þá í teppi og lök og stóra poka undan Kaaberkaffi og fleira sem féll til um borð. Sumir voru tilkippilegir í svona, aðrir ekki.

*Voru ekki oft stjörnur meðal farþega?*

**Svava:** Jú, jú, fína fólkið ferðaðist með Gullfossi og útvaldir sátu við skipstjóraborðið þegar matast var. Flestir fóru á barinn fyrir kvöldmat. Reyndar var fólk af öllum þjóðfélagsstigum um borð því á þessum tíma voru farþegasiglingar algengur ferðamáti, bæði umhverfis landið og milli landa.



Gullfoss var 100 metra langur og um 16 metrar á breidd. Hann rúmaði 210 farþega, þar af fyrsta farrými helminginn. MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

**Rannveig:** Fólk var flott á kvöldin, klæddi sig upp fyrir matinn. Konurnar voru í siffonkjólum, gylltum eða silfurlitum skóm og með skart.

*Eru einhverjir eftirminnilegri en aðrir?*

**Rannveig:** Ég man eftir Bryndísi Schram og Jóni Baldvini með krakkana, þau voru á leið til Edinborgar og sigldu til Leith. Svo voru náttúrlega Halldór Laxness og Auður oft á ferðinni.

**Svava:** Og forsetahjónin, Ásgeir Ásgeirsson og Dóra Þórhallsdóttir.

**Rannveig:** Já, ég færði þeim kaffi og var að hugsa á leiðinni til þeirra: Hvort þeirra skyldi eiga að fá bollann á undan? Ákvað að skenkja frúnni fyrst. Spurði svo brytann þegar ég kom til baka og ég hafði gert rétt, sem betur fór.

**Svava:** Ég get líka nefnt Rolf Johansen og frú og Ásbjörn Ólafsson og Sigfús Halldórsson. Allt var þetta mannlegt fólk og þægilegt. Við þernurnar reyndum að laga hárið á konunum og svona ef þær báðu okkur. Þetta var á túperingartímabilinu. Í sérferðunum var hárgreiðslukona með.

*Voruð þið í einkennisbúningum?*

**Rannveig:** Já, fyrst í morgundressi á fyrri vaktinni og svo var farið í annað á kvöldin, þegar maður skveraði sig upp fyrir seinni vaktina. Við vorum í svörtum kjólum þegar við tókum á móti fólkinu og fylgdum því í klefana sína. Eitthvað var talað um að við ættum að fá yfirhafnir, því oft var trekkur, en við vorum bara í eigin peysum sem voru auðvitað ekki samstæðar.

> **SIGLINGIN VAR FALLEG UPP TIL TUNSBERG, VEÐRIÐ VAR YNDISLEGT OG VIÐ LÖBBUÐUM ÚTI ALLA NÓTTINA. ROSA RÓMÓ.**
>
> Svava

*Var Gullfoss alltaf í förum?*

**Rannveig:** Já, það voru sérstakar ferðir á vorin, um páskana, á haustin og um jólin til ýmissa borga erlendis. Það voru fínustu ferðirnar og þá var bara 1. farrými notað, það rúmaði um 100 manns. Annars var áætlunin Reykjavík-Færeyjar-Leith í Skotlandi-Kaupmannahöfn-Færeyjar-Reykjavík. Túrinn tók svona hálfan mánuð. Svo var farið að stytta viðdvölina í höfnunum. Þegar ég byrjaði að sigla var stoppað fimm, sex daga í Kaupmannahöfn.

**Svava:** Það var mikið verk að skipta á rúmum þegar við komum til Leith, þar fóru svo margir frá borði og aðrir komu í staðinn. En við vorum orðnar æfðar, húrruðum þessu af og hlupum svo í land. En við þurftum ekki að búa um í hinum höfnunum, þar var starfsfólk frá Eimskipafélaginu.

**Margir drukku dálítið illa**

*Bjór var auðvitað ekki seldur á Íslandi á þessum árum. Fékkst hann á Gullfossi?*

**Svava:** Já, já. Skipið var varla farið frá landi og búið að opna innsiglið þegar fólk var komið á barinn að fá sér bjór.

**Rannveig:** Það er ekki hægt að labba fram hjá barnum, þar er allt svo ódýrt, sögðu karlarnir. Allt var miklu ódýrara en hér í Reykjavík, ilmvötnin, sígaretturnar og sælgætið í sjoppunni líka. En það voru margir sem drukku dálítið illa.

**Svava:** Sumir fengu tremma. Ég lenti svakalega illa í því með eina konu. Hún fékk krampa og braut í sér tennurnar. Það var rosalegt.

**Rannveig:** Ég lenti í nokkrum svona. Einu sinni var læknir um borð og ég varð þrisvar að kalla í hann og biðja hann að hjálpa mér með eina konuna. Hún drakk út í eitt og var orðin snarrugluð. „Geturðu ekki lánað mér skrúfjárn?“ spurði hún. „Hvað ætlarðu að gera við það?“ „Ég ætla að taka niður spegilinn. Þeir eru þarna á bak við þessir andsk... og þessi túða hérna, þeir æpa á mig í gegnum hana „ég drep þig, ég drep þig...“.

Einn var klæddur eins og enskur lord, lá í kojunni og skipaði mér að taka „þetta þarna“. „Ha, hvað á ég að taka?“ „Þessar helvítis pöddur sem eru þarna.“ Hann sagðist vera á leið að taka á móti móður sinni sem væri að koma með Queen Elisabetu. Það væri móttökunefnd að taka á móti henni.

*Voruð þið einhleypar á þessum Gullfossárum?*

**Svava:** Ég kynntist manninum mínum, Ægi Jónssyni, fljótlega eftir að ég kom um borð, 27 ára. Hann var þá stýrimaður en er skipstjóri núna. Þá var farin spes ferð til Tunsberg í Noregi fljótlega eftir páska. Siglingin var falleg upp til Tunsberg, veðrið var yndislegt og við löbbuðum úti alla nóttina. Rosa rómó.

**Rannveig:** Já, rómantíkin sveif yfir vötnum á Gullfossi. Þar var margt ungt fólk og ógift og það urðu til 14 hjónabönd um borð sem ég veit um, á þeim tíma sem ég var að vinna þar. Framhjáhöld komu líka upp en þau hjónabönd sem urðu til um borð héldu. Eitt þeirra er mitt hjónaband. Maðurinn minn var vélstjóri á Gullfossi. Hann heitir Guðjón Vilinbergsson.

*Svo þið hafið báðar náð ykkur í menn um borð?*

**Rannveig:** Já, eða þeir í okkur. Svo sigldum við stundum með þeim eftir að við hættum að vinna. Að lágmarki einu sinni á ári.

**Svava:** Já, ég fór með fyrsta drenginn minn innan við tveggja mánaða gamlan á sjóinn, hann var óskírður. Ægir batt vagninn úti á lunningu á daginn og strákurinn svaf vel úti. Síðar sigldi ég með alla strákana þrjá, þegar sá elsti var sjö ára. Ægir var þá stýrimaður og þurfti að úthluta áhöfninni gjaldeyri í erlendum höfnum, stundum var bið á því að bankastarfsmaður kæmi um borð með gjaldeyrinn og þá fór ég stundum ein með alla strákana í land, merkti þá bara! Ég var líka oft með saumavélina með mér í svona ferðum og saumaði íþróttagalla á strákana og föt á sjálfa mig.

**Rannveig:** Ég var komin fjóra mánuði á leið með næstelsta strákinn minn þegar ég hætti. En þá voru tímarnir breyttir, Íslendingar farnir að nota flugið miklu meira, farþegar á Gullfossi hættir að klæða sig upp á og allir komnir í joggingalla. Þannig að glansinn var farinn af lífinu um borð.



Sjötíu og tveir voru í áhöfn Gullfoss í hverri ferð. Þessi mynd er tekin 1973, rétt áður en skipið var selt. Þar eru þær Rannveig og Svava. MYND/ÚR EINKASAFNI


NISSAN
Innovation that excites
30 kWh
250 km**
ZERO Emission
SUMARTILBOÐ Á NISSAN LEAF
5 ÁRA ÁBYRGÐ OG REGLUBUNDNAR ÁBYRGÐARSKOÐANIR FYLGJA NÝJUM LEAF FYRSTU 3 ÁRIN*
100% RAFKNÚINN NISSAN LEAF.
RAFBÍLL ER FRAMTÍÐIN
NÝ 30 KWH RAFHLAÐA.
250 KM DRÆGI.
Nú færðu nýjan Nissan Leaf með stærri rafhlöðu og meira drægi en nokkur annar bíll í þessum stærðarflokki. Komdu og reynsluaktu þessum vinsæla rafbíl og kynnstu af eigin raun hvers vegna Nissan Leaf er mest seldi rafbíll í heimi.
NISSAN LEAF VISIA 30kWh
Verð: 3.390.000 kr.
Bíll á mynd: Nissan Leaf Tekna, verð: 4.250.000 kr.
*Með 3 ára ábyrgðarskoðun geta eigendur Nissan Leaf notið þess að koma með bílinn í árlegar áskildar skoðanir sem viðhalda ábyrgð bílsins án þess að greiða neitt aukalega.
OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16
**Drægi hverrar hleðslu miðast við uppgefnar tölur framleiðanda við staðlaðar bestu mögulegar aðstæður.
ENNEMM / SÍA / NM82584
GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400
Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622
Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533
Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070
IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080
BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
B|L

# TÖFRANDI SUMARFJÖR

HELGINA 10.–11. JÚNÍ




**LYFTU ÞÉR UPP MEÐ OKKUR ALLA HELGINA**

SMÁRALIND

## LAUGARDAGUR 10. JÚNÍ

**KL. 13–14** **TÖFRASÝNING** DANÍEL ÖRN, JOHN TÓMAS OG EINAR MIKAEL

**KL. 14.30** **DJÖGGLARINN** JAY GILLIGAN SÝNIR LISTIR SÍNAR

**KL. 13–16** **KANDÍFLOSS** TIL AÐ KÆTA BÖRNIN

**KL. 13–17** **FÁÐU SUMARMYNDATÖKU** Í MYNDABÁS (PHOTOBOOTH)

## SUNNUDAGUR 11. JÚNÍ

**KL. 14–16** **SIRKUS ÍSLANDS** SPRELLAR Á GÖNGUGÖTUNNI

**KL. 13–17** **HOPPUKASTALI** FYRIR UTAN SMÁRATÍVOLÍ






# FÆRÐ ÞÚ KANNSKI VINNING?

## LUKKUMIÐI FYLGIR KAUPUM YFIR 1.000 KR.

VERSLAÐU FYRIR 1.000 KR. EÐA MEIRA
OG FÁÐU SKAFMIÐA Í KAUPBÆTI
Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST.

## OPIÐ TIL 18 LAUGARDAG OG SUNNUDAG

OPIÐ: VIRKA DAGA 11–19 FIMMTUDAGA 11–21 LAUGARDAGA 11–18 SUNNUDAGA 13–18 WWW.SMARALIND.IS FACEBOOK INSTAGRAM SNAPCHAT



Broddgaltakaffihús eru mjög vinsæl í Tókýó.



Hefðbundinn kímónó á Tokyo National Museum.




Nauðsynlegt er að prófa „kawaii“-myndaklefa í Tókýó.

# Töfraheimur *Japans*

Það eru fá lönd í heiminum sem bjóða upp á jafn einstaka og fjölbreytta ferðamannaupplifun og Japan. Á tíu dögum má finna smjörþefinn af menningunni, skoða hof, borgir, klappa dádýrum og stinga sér í heita laug.



Gyllta hofið Kinkaku-ji er einn vinsælasti áfangastaður Kýótó. MYND/SG

Sæunn Gísladóttir
saeunn@frettabladid.is



Sofa, sofa, sofa og drekka nóg vatn, þetta voru ráðin sem undirrituð fékk um hvernig ætti að lifa af flug til Japans og takmarka þotuþreytu sem mest.

Japan, eyríki sem lengi var lokað af og er þekkt fyrir stórkostlega ríka menningu sína sem og brjálaða tækni, er drauma áfangastaður margra. Lengd ferðarinnar frá Íslandi og það að aðlagast tímamuninum getur þó reynst jafnvel hinum víðförlasta ferðamanni áskorun. Þetta er þó allt þess virði, á tíu dögum í Japan getur maður upplifað meiri fjölbreytni en í flestum öðrum löndum; mörg hundruð ára gömul hof, risa búddastyttur, veitingahús með vélmennum, stærstu stórborg heims og komist í kynni við villt dádýr.

Að sofa og drekka eru raunar góð ráð, og svo auðvitað að halda sér vakandi að minnsta kosti fram að kvöldi þegar á áfangastað er komið.

### Gaman að fara í maí mánuði

Klassísk Japansferð felur í sér einhverja daga í höfuðborginni, stopp í gömlu höfuðborginni og heimaborg flestra hofa landsins, Kýótó, og dagsferðir til minni staða, til dæmis Nara og Hakone. Með slíkri ferð er hægt að fá smjörþefinn af menningu landsins, en góðar líkur eru á að ferðamanninn þyrsti einungis í meira þegar kemur að heimfarardeginum.

Vinsælasti árstíminn til að ferðast til Japans er þegar kirsuberjatrén eru í fullum blóma í lok apríl, eða á haustin þegar hitinn er mildur. Það getur þó verið fínt að fara í maímánuði eða byrjun júní því þá er oft aðeins ódýrara og mildur hiti.

### Reiðufé vinsælt

Japan er land andstæðna, þó að tæknin sé hvergi meiri þó víða væri leitað í heiminum er enskukunnátta, jafnvel í stórborginni, takmörkuð. Á mörgum stöðum er einungis hægt að greiða með reiðufé og erlend kort virka ekki í öllum hraðbönkum. Gott er að kynna sér þessi mál áður en lagt er af stað, og einnig hvort það sé þess virði að kaupa sér lestarkort (JR Pass) fyrir ferðina, sem þarf að panta utan landsteinanna.

### Ódýrara en maður heldur

Það væri auðvelt að eyða öllum tíma sínum í Tókýó. Um 35 milljónir búa í borginni og ber hún þess merki með ógrynni veitingastaða og fjölbreyttrar afþreyingu. Hvergi í heiminum eru fleiri veitingastaðir með Michelinstjörnur. Það þýðir þó ekki að allur góður matur sé á óviðráðanlegu verði. Mikil efnahagsuppsveifla átti sér stað í Tókýó fyrir aldamótin og fékk Japan þá á sig þann stimpil að vera dýr áfangastaður. Stærð borgarinnar gerir það þó að verkum að þar er allur verðskalinn þegar kemur að mat, gistingu og afþreyingu, og því getur verið ódýrara en margir telja að fara í frí þangað.

Auðvelt er að fletta upp bestu veitingastöðunum í hverjum verðflokki og fyrir hvern matarflokk á Tripadvisor. Hápunktar í matarmenningunni eru meðal annars Korean BBQ, þar sem maður steikir sjálfur kjötið sitt og meðlæti, Bentobox sushi þar sem margir mismunandi réttir (flestir hverjir sem maður kannast ekkert við) koma saman í boxi, og hefðbundnir sushi staðir þar sem maður situr fyrir framan kokkana og pantar beint frá þeim. Mikilvægt getur verið að panta borð fyrirfram eða að þola bið eftir borði.



**KLASSÍSK JAPANSFERÐ FELUR Í SÉR EINHVERJA DAGA Í HÖFUÐBORGINNI, STOPP Í HEIMABORG FLESTRA HOFA LANDSINS, KÝÓTÓ, OG DAGSFERÐIR TIL MINNI STAÐA**

### 104 ára rekur kaffihús

Þeir sem eru meira fyrir kaffimenninguna geta bragðað á mjög góðu, ef heldur dýru kaffi, sem Tókýó hefur upp á að bjóða. Sérstaklega er þess virði að mæla með Café de L'ambre sem var stofnað árið 1948 í Ginzahverfi. Stofnandinn sem er 104 ára gamall er enn á svæðinu. Tókýó er einnig sprengfull af þema kaffihúsum; ef eitthvert dýr er talið sætt eru allar líkur á að kaffihús tileinkað því sé þar. Gestir geta valið milli kattakaffihúsa, broddgaltakaffihúsa og kanínukaffihúsa svo eitthvað sé nefnt, ekki eru þó alltaf veitingar í boði á þessum stöðum eins undarlega og það hljómar. Einnig eru kaffihús með mikilli litagleði og stemningu í Kawaii (krúttstíl).

Fjöldi hverfa er í Tókýó sem öll hafa sín sérkenni. Gaman er að prófa að gista í einu eldra og rólegra hverfi, til dæmis Asakusa, í nálægð við flott hof og frábæra veitingastaði, en einnig í einu af hverfunum sem þekkt eru fyrir nætur- og verslunarlíf, til dæmis Shinjuku eða Shibuya. Þannig er hægt að upplifa andstæðurnar í borginni.

### Hægt að kæla sig á ströndinni

Á daginn má skoða fjölbreytt söfn, til dæmis Tokyo National Museum, hof, fallega garða eða líta í búðir. Ef gestum fer að leiðast öngþveitið er hægt að fara á strönd við Tokyo Bay og stinga tánum í sjóinn, en þó ekki synda þar.

Eftir nokkurra daga stopp í Tókýó, þar sem þotuþreytan er farin að dvína, er fínt að kíkja út fyrir höfuðborgina. Þægilegur staður fyrir næturstopp er Hakone, bær við fjallsrætur þar sem hægt er að heimsækja falleg hof, sjá Fujifjall (ef viðrar vel), fara í siglingu og í onsen (heita laug). Japanir eru mikið fyrir heitu náttúrulaugar sínar, líkt og Íslendingar, en þó eru reglurnar öðruvísi þar. Laugarnar eru kynjaskiptar og verður maður að baða sig nakinn. Í Hakone er fjöldi hótela, og meira að segja eitt hostel, með onsen, og því getur verið lítill sem enginn aukakostnaður við að prófa þessa japönsku hefð.

### Fljótt að skreppa til Kýótó

Lestarkerfi Japans er vel þekkt fyrir hraða og stöðugleika. Lestirnar eru heldur dýrar miðað við til dæmis lestir í Evrópu, en hafa þann kost að maður þarf venjulega ekki að sitja lengi í þeim. Kýótó er rúman klukkutíma frá Hakone og tvo tíma frá Tókýó og er nauðsynlegt að fara þangað á ferðalagi um Japan. Besta leiðin til að sjá borgina er á hjóli. Í borginni búa um 1,5 milljónir manna og er því viðráðanlegra þar að fá yfirsýn yfir borgina en í Tókýó. Meðal áfangastaða sem maður verður að kíkja á þar er gyllta hofið Kinkaku-ji, gamla Ginonhverfið þar sem geisjur sjást enn á ferð og bambusskógurinn í vesturhluta borgarinnar. Þrír til fjórir dagar eru passlegur tími til að njóta þess sem borgin hefur upp á að bjóða sem og frábærra veitingastaða hennar.

Vinsæl dagsferð frá Kýótó er að kíkja til Nara, fyrstu höfuðborgar Japans. Borgin er sögulega merkileg en hún var höfuðborg Japans á áttundu öld og þrátt fyrir smæð hennar er hún full af fallegum sögulegum hofum, einni stærstu trjábyggingu í heimi, og er heimili fimmtán metra hárrar búddastyttu. Borgin er þó allra þekktust fyrir að vera heimili yfir 1.200 villtra dádýra sem ráfa um Naragarðinn. Einn af hápunktum Japansferðar er að kaupa kex til að gefa þeim að borða og fylgjast með ferðamönnum taka sjálfumyndir með þeim, oft með fyndnum afleiðingum. Margir kjósa að skreppa fram og til baka samdægurs með lestinni frá Kýótó, en það er frábær kostur að gista í Nara; gisting er ódýr, fullt af góðum veitingastöðum er á svæðinu og andrúmsloftið í borginni mjög afslappað.



Sheer
Driving Pleasure
BMW X1.
EXCLUSIVE LINE.
VERÐ: 6.250.000 KR.
BMW X1 xDrive18d
Sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn, 2,0 l dísil, 150 hestöfl
Eldsneytisnotkun frá 4,8 l/100 km*
Aukabúnaður í Exclusive Line: Málmlakk, hitað stýrishjól, speglapakki, rafdrifinn afturhleri, bakkmyndavél, þakbogar, állistar kringum glugga, skyggðar afturrúður, rafdrifin framsæti með minni fyrir ökumann, 2ja svæða sjálfvirk loftkæling, LED inniljósapakki, Sensetec leðuráklæði.
OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16
*Viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.
ENNEMM / SÍA / NM82586
VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR Á NÝJUM BMW X1
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

# Hönnun



María Gomez og eiginmaður hennar Ragnar Már Reynisson eiga afar fallegt heimili enda hafa þau nostrað við hvern krók og kima. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Hafa nostrað við hvern fermetra



Fagurkerum er bent á að skoða Instagram-síðuna sem María heldur úti, notandanafnið er paz.is.



Frönsku hurðirnar í stofunni eru í miklu uppáhaldi hjá fjölskyldunni.



Grænar plöntur er að finna víða á heimili Maríu og Ragnars.







Eitt af nokkrum barnaherbergjum heimilisins.

## María Gomez
Bloggari

Bloggarinn María Gomez býr ásamt eiginmanni sínum og fjórum börnum þeirra í glæsilegu húsi á Álftanesi. Húsið hafa þau verið að taka í gegn frá a til ö síðan þau fluttu inn og útkoman er afar flott.

„Fyrir ári þurftum við að stækka við okkur þar sem það bættist mjög ört í barnahópinn en við eignuðumst börn árin 2013, 2014 og 2015. Fyrir áttum við stelpu fædda 1999 og var þessi stóra viðbót hálfgert áfall fyrir hana sem var einbirni í 13 ár,“ segir María.

**Hæstánægð á Álftanesi**

Upphaflegt plan var að flytja í Garðabæinn en hlutirnir þróuðust og fjölskyldan endaði á að kaupa hús á Álftanesi. „Úr varð að við keyptum þetta hús sem við svo gerðum alveg upp frá a til ö á mjög skynsaman og hagkvæman hátt. Allt var selt sem hægt var að selja og það nýtt sem hægt var að nýta og betrumbæta. Í dag gæti ég ekki verið ánægðari með að hafa keypt hér á Álftanesinu og líður okkur mjög vel hérna og í húsinu,“ segir María sem heldur úti blogginu paz.is. Þar bloggar hún m.a. um heimili og hönnun.

Spurð út í stílinn sem einkennir heimilið segir María: „Hann er klárlega skandinavískur með hlýlegu ívafi. Ég er með mikið af ljósum húsgögnum og er mikið fyrir gærur, plaköt, teppi og púða. Svo finnst mér æðislegt að vera með plöntur til að lífga upp á heimilið. En það er alveg á mörkunum að vera orðið of mikið af þeim hér á heimilinu.“

**Svo margt í uppáhaldi**

María á erfitt með að velja uppáhaldsrýmið sitt en það fyrsta sem kemur upp í hugann er hjónaherbergið, það rými er hún búin að nostra mikið við. „Svo er ég líka mjög ánægð með útkomuna á barnaherbergjunum svo það er alveg smá erfitt að velja. Ætli sólstofan sé ekki samt í mestu uppáhaldi.“

María kaupir húsgögn og stofustáss úr öllum áttum. „Ég er alls ekkert föst við einhverja eina verslun. Húsgögnin í borðstofunni eru t.d. úr Pennanum og Ilva en ég hef verslað soldið mikið í Ilva og er mjög ánægð með þjónustuna þar. Svo eru innanstokksmunir héðan og þaðan. Meðal annars úr Pennanum, Epal og Söstrene Grene. Myndir og plaköt hef ég bæði verið að panta af netinu og kaupa hjá Reykjavík Bútik.“

**Spreyið mikið notað**

María er handlagin og hefur gaman af því að dunda sér þegar kemur að heimilinu. „Ég gerði borðplöturnar í eldhúsinu sjálf en þær málaði ég eins og marmara. Ég skrifað færslu um það á blogginu hvernig á að gera það frá a til ö. Ég reyni síðan að púkka upp á hluti sem mig langar að gefa nýtt líf. Við notum t.d. sprey mjög mikið til að gefa hlutum nýtt útlit og spreyjuðum t.d. blómapotta, myndaramma, hreindýrahausinn okkar og margt fleira,“ segir María að lokum.

Áhugasamir finna Instagramsíðu bloggs Maríu undir notendanafninu Paz.is.

gudnyhronn@365.is

# Ferðir

10.JÚNÍ 2017

Kynningar: Úrval Útsýn



# Stökktu í sól, borg og til fjarlægra landa

ÚRVAL ÚTSÝN

Úrval Útsýn býður upp á fjölda áhugaverðra áfangastaða. Sólarlandaferðir, borgarferðir og sérferðir til ævintýralegra staða á borð við Dúbaí, Suður-Afríku, Taíland og Kúbu. →2

# Mikill áhugi fyrir Asíu

Fjölbreyttar borgarferðir njóta sífelldra vinsælda en einnig er aukinn áhugi hjá Íslendingum á sérferðum til fjarlægra landa, að sögn Kristínar Gunnarsdóttur, framleiðslustjóra Úrvals Útsýnar.

Þegar kemur að sérferðum erum við með ýmsa spennandi áfangastaði," segir Kristín og nefnir þar staði á borð við Dúbaí, Suður-Afríku, Taíland og Kúbu. „Taíland bjóðum við nú upp á annað árið í röð enda nýtur landið mikilla vinsælda, ekki síst hjá ungu fólki og fjölskyldufólki. Til marks um vinsældirnar verðum við með þrjár ferðir til Taílands í haust."

Dúbaí er einn af nýrri áfangastöðum ferðaskrifstofunnar en farin var vel lukkuð ferð á þetta framandi menningarsvæði í fyrra. „Þetta er lúxus ævintýraferð þar sem gist er á hinu heimsfræga Hótel Atlantis, 5 stjörnu lúxus hóteli sem er heill heimur út af fyrir sig. Fararstjóri er Guðný Anna sem er viðskiptafræðingur að mennt og hefur búið í Asíu og Miðausturlöndum síðastliðin tíu ár, þar af á fjórða ár í Abú Dabí, höfuðborg Sameinuðu arabísku furstadæmanna," lýsir Kristín.


Kúba er heillandi með seiðandi tónlist, havanavindlum og hvítrommi.


Dúbaí er einn af nýrri áfangastöðum ferðaskrifstofunnar en farin var vel lukkuð ferð á þetta framandi menningarsvæði í fyrra.

### Kúba og Suður-Afríka

Kúba er nýr áfangastaður sem Kristín segir spennandi að heimsækja núna enda síðasti séns áður en vestrænna áhrifa fer að gæta í meiri mæli. „Kúba er einstaklega heillandi með seiðandi tónlist, havanavindlum og hvítrommi. Þægileg stemning er á hvítum ströndum, næturklúbbar líflegir og miðbæjarkaffihúsin afslöppuð."

Úrval Útsýn hefur verið með nokkrar ferðir til Suður-Afríku sem hafa ávallt mælst mjög vel fyrir. Í Suður-Afríku upplifir fólk spennandi og allt öðruvísi menningarheim. Þar blandast ótrúleg náttúra og fjölbreytt dýralíf við framandi menningu, góðan mat og frábært vín. Verðlagið er hagstætt og margt að sjá og upplifa. Farin verður svokölluð „Garden route" leið frá Cape Town um vínlöndin upp til Klein Karoo og svo meðfram ströndinni til baka, þar sem Indlandshaf og Atlantshaf mætast og svo endar ferðin í Cape Town.

### Þægilegar siglingar

Úrval Útsýn býður einnig upp á siglingar sem eru sívinsælar enda þægilegur ferðamáti. „Við erum með siglingu til Víetnam og Taílands í nóvember. Svo verður farið í Austur-Karíbahafið í október og Vestur-Karíbahafið í nóvember."

### Fararstjórar gera gæfumuninn

Úrval Útsýn er með reynda fararstjóra á sínum snærum enda segir Kristín góðan fararstjóra gera gæfumuninn. „Sér í lagi þegar fólk er að ferðast á framandi slóðir þar sem það hefur ekki komið áður. Þá skiptir miklu að vera með fróða og þjónustulundaða fararstjóra sem veitt geta upplýsingar og aðstoð."


Kristín Gunnarsdóttir, framleiðslustjóri Úrvals Útsýnar. MYND/ERNIR

### Borgarferðir sívinsælar

Íslendingar kunna vel að meta styttri borgarferðir bæði til að upplifa skemmtilega borgarstemningu, menningu og komast í verslunarleiðangur. Úrval Útsýn er með mikið úrval borgarferða næstu mánuði og má þar nefna Dublin, New York, Róm, Boston, Halifax og Búdapest. „Við höfum aðgang að góðum hótelum sem flest eru þriggja til fjögurra stjörnu en fyrir þá sem kjósa meiri lúxus getum við bókað önnur hótel."

Úrval Útsýn hefur áratuga reynslu af skipulagningu borgarferða bæði fyrir einstaklinga og hópa. Ferðirnar geta verið skipulagðar borgarferðir eða sérsniðnar ferðir. Hópadeildin hefur skipulagt ferðir fyrir fjöldann allan af fyrirtækjum, vinahópum, áhöfnum, kórum og saumaklúbbum.

# Gott að plana sólarferðir í tíma

Færst hefur í vöxt að fjölskyldur velji sér ferðir þar sem allt er innifalið. Æ fleiri skipuleggja sumarfríin ár fram í tímann þó vissulega kjósi margir að grípa tilboð sem bjóðast á síðustu stundu.

Umhverfið hefur breyst nokkuð undanfarin ár. Fólk planar lengra fram í tímann og við erum þegar að fá fyrirspurnir fyrir næsta sumar," segir Jóhann Björgvinsson, sölustjóri Úrvals Útsýnar.

„Fólk er líka duglegt að stökkva á síðustu stundu þó flestir sýni fyrirhyggju enda best að bíða ekki of lengi því besta fjölskyldugistingin á vinsælustu svæðunum er fljót að klárast. Þegar fólk bíður fram á síðustu stundu til að fá gott tilboð er auðvitað úr miklu minna að velja."

Úrval Útsýn er með gott úrval af áfangastöðum í sólinni. Þar má nefna Gran Canaría en boðið er upp á ferðir þangað allt árið um kring, Almería sem er fjölskyldustaður á Suður-Spáni, Mallorca, Benidorm, Alicante, Albir, Altea og Calpe. Að ógleymdri Tenerife sem er vinsæl meðal Íslendinga allt árið.


Jóhann Björgvinsson, sölustjóri Úrvals Útsýnar.


Úrval Útsýn er með gott úrval af áfangastöðum í sólinni. Þar má nefna Gran Canaría, Almería, Mallorca, Benidorm, Alicante, Albir, Altea og Calpe. Að ógleymdri Tenerife.

### Gott verðlag á Kanaríeyjum

Jóhann leggur sérstaka áherslu á Gran Canaría sem hann segir að sé að ganga í gegnum miklar breytingar. „Margir tengdu staðinn áður við ferðir eldri borgara en þar hefur orðið mikil breyting á. Gran Canaria hefur verið að vaxa sem fjölskyldustaður enda hafa yfirvöld og ferðaþjónusta á svæðinu lagt áherslu á að byggja hann upp sem heilsársáfangastað. Þar má finna afþreyingu fyrir alla aldurshópa, þar eru vatnsrennibrautir og dýragarðar, hitastig er stöðugt, loftslag þægilegt og strendurnar hreinar, auk þess sem verðlagið er frábært," lýsir Jóhann og bendir á að Gran Canaria sé því afar hagstæður kostur fyrir fjölskyldur líkt og Almería sem sé rólegur, fallegur og góður fjölskyldustaður þar sem hægt sé að fá gæðagistingu með öllu inniföldu á góðu verði.

### Hagstætt að fá allt innifalið

Jóhann segir orðið mjög algengt að fjölskyldufólk velji að kaupa sér ferðir þar sem allt er innifalið sér í lagi þar sem verðið er lægra. „Það getur verið kostnaðarsamt að vera með nokkur börn í fríi enda ófáir ísar og gosdrykkir sem þarf að splæsa í á hverjum degi," spaugar hann.

Greinargóðar upplýsingar um ferðir Úrvals Útsýnar er að finna á vefnum www.uu.is en Jóhann bendir fólki einnig á að hafa beint samband við ferðaráðgjafa ferðaskrifstofunnar.

„Hér starfar frábært fólk sem getur sérsniðið ferðir að því sem viðskiptavinir vilja."

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson | Sölumaður auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429 | Veffang: Visir.is



# KOMDU ÞÖRMUNUM Í LAG

**Taktu inn góðgerla ef þú finnur fyrir eftirfarandi einkennum**

Síþreytu · Uppþembu · Meltingartruflunum · Sveppasýkingu · Candida · Kláða á kynfærum · Niðurgangi · Harðlífi · Magakrampa · Bakflæði · Fæðuóþoli · Exemi · Háu kólesteróli · Vægri matareitrun · Skertu ónæmiskerfi eftir langvarandi flensu · Gott að taka samhliða sýklalyfjakúr

## HVAÐA TEGUND HENTAR ÞÉR BEST?




### Gr8- Dophilus

Styrkir ónæmiskerfið.
8 mismunandi vinveittir góðgerlar sem efla og styðja við heilbrigða meltingarflóru. Inniheldur Prebiotics (FOS), sem nærir góðu bakteríurnar sem eru fyrir í þörmunum. Hylkin eru húðuð og opnast því í þörmunum. Þurfa ekki kælingu og eru því hentug í ferðalagið eða veskið. Sýru- og gallþolin.
VEGAN




### Probiotic Defence

Vinveittir góðgerlar til inntöku fyrir viðhald á heilbrigðri þamaflóru. Inniheldur Prebiotics (FOS), sem hefur það hlutverk að næra góðu bakteríurnar sem eru fyrir í þörmunum.
VEGAN




### Probiotic -10 (25 Billion – 50 Billion – 100 Billion)

Þeir allra sterkustu.
10 mismunandi vinveittir góðgerlar í miklum styrkleika.
Sérstaklega öflugar blöndur af góðgerlum fyrir þá sem þjást af meltingarvandamálum eins og niðurgangi og sveppasýkingu, Candida og bakflæði. Styður við heilbrigða meltingarflóru. Inniheldur breitt svið öflugra vinveittra góðgerla. Veldu styrkleika eftir ástandi, sterkari ef vandamálið hefur varað til lengri tíma.
VEGAN




### Clinical GI Probiotic

Minnkar uppþembu.
Inniheldur Bifidobacterium lactis HN019 góðgeril sem er sérstaklega öflugur fyrir meltingarveginn og til að minnka uppþembu. Styður við heilbrigða meltingarflóru. Þarf ekki kælingu og því hentugt í ferðalagið eða veskið.
Hentugt fyrir 50+
VEGAN

Sölustaðir: Nettó · Fjarðarkaup · Blómaval · Apótek



Í höfuðborginni Santa Cruz de Tenerife er árlega haldin ein stærsta kjötkveðjhátíð í heimi.



Í Siam Park er fjöldi rennibrauta. Ein endar á ferð í gegnum hákarlabúr.



Eldfjallið Teide sem sést víðast hvar á eyjunni gaus síðast 1909.

# Eyja hins eilífa vors

**Tenerife er stærst og fjölmennust Kanaríeyja sem allar tilheyra Spáni. Sólarlandaferðir þangað hafa lengi verið vinsælar meðal Íslendinga, en aldrei líkt og nú. Allt stefnir í að straumurinn til Tenerife verði síst minni í ár og því ekki úr vegi að stikla á stóru í staðreyndum um eyjuna.**

Vera Einarsdóttir
vera@365.is



Hér áður voru það helduг eldri borgarar sem lögðu leið sína til Tenerife, líkt og annarra Kanaríeyja, en í dag er eyjan í sífellt meiri mæli sótt af fólki á öllum aldri. Loftslagið þykir einstaklega hagstætt árið um kring auk þess sem eyjan þykir hrein og snyrtileg og maturinn góður.

Tenerife liggur við strönd Vestur-Afríku í Atlantshafinu. Hún er stundum nefnd eyja hins eilífa vors. Hún er á sömu breiddargráðu og Saharaeyðimörkin en sjórinn og sjávarloftið hafa kælandi áhrif og þykir hitastigið þægilegt árið um kring. Yfir vetrartímann er meðalhitinn 18-24 gráður og 24-28 á sumrin. Sólardagar eru með mesta móti en úrkoma með því minnsta. Vinsældirnar koma því ekki á óvart en árlega sækja um fimm milljónir ferðamanna eyjuna heim og er hún fjölsóttasta eyja Kanaríeyja.

Ferðamenn fóru að venja komur sínar til Tenerife frá meginlandi Spánar, Bretlandi og Norður-Evrópu í miklum mæli í kringum 1890. Í dag eru Kanaríeyjar á meðal fjölsóttustu ferðamannastaða heims. Ferðaþjónusta er fyrirferðarmesta atvinnugreinin á Tenerife.

Tenerife er fjölmennasta eyja Spánar, en íbúar hennar eru þó innan við milljón. Flatarmál eyjunnar er 2.034 km. Á henni miðri er eldfjallið Teide sem er hæsta fjall Spánar og þriðja stærsta eldfjall í heimi, eða 3.718 metrar yfir sjávarmáli. Fjallið, sem sést víðast hvar á eyjunni, gaus síðast 1909. Teide er hluti af Parque Nacional del Teide, sem er á Heimsminjaskrá UNESCO.

Borgin San Cristóbal de La Laguna á Norður-Tenerife er líka á Heimsminjaskrá UNESCO og vinsæll ferðamannastaður. Hún var áður höfuðborg Tenerfie.

Núverandi höfuðborg Tenerife er Santa Cruz de Tenerife, einnig nefnd Santa Cruz. Íbúar borgarinnar voru 205.279 árið 2014. Þar er að finna fjölda verslana, safna og veitingastaða. Í borginni er árlega haldin kjötkveðjuhátíðin í Santa Cruz de Tenerife en það er ein stærsta kjötkveðjuhátíð í heimi, á eftir kjötkveðjuhátíðinni í Rio de Janeiro í Brasilíu. Hún fer fram í febrúar.

Tveir alþjóðaflugvellir eru á Tenerife. Reoina Sofia eða Tenerife South Airport og Tenerife North Airport, líka nefndur Los Rodeos en hann er í námunda við Santa Cruz. Árið 1977 varð mannskæðasta flugslys sögunnar á Tenerife North Airport þegar tvær Boeing 747 vélar rákust saman á flugbrautinni. Við það létust 583. Alls fara um 14 milljónir farþega um flugvellina tvo á ári hverju.

Mengun á Tenerife er lítil og er eyjan með hreinustu svæðum Spánar. Þar er lítið um verksmiðjur og þungaiðnað og vindar hagstæðir.

Ferðamenn sækja helst í að dvelja á suðurhluta eyjunnar og er fjöldi gististaða á Playa de las Américas, Los Cristianos og Costa Adeje. Hver staður hefur sinn sjarma. Á Amerísku ströndinni svokölluðu er mikið úrval verslana og veitingastaða og stutt í alla afþreyingu. Íslendingar hafa nefnt hana Laugaveginn og sækja þangað hvað mest. Los Cristioanos er sjarmerandi. Göturnar eru litlar og þröngar og þar búa heimamenn. Costa Adeje svæðið þykir rólegt. Þar eru fallegar strendur og glæsilegir gististaðir. Samgöngur eru góðar og er auðvelt að sækja afþreyingu utan dvalarstaðanna. Í suðri er Siam Park, stærsti og fjölsóttasti vatnsrennibrautagarður eyjunnar en í norðri er að finna dýragarðinn Loro Parque. Flestir leggja líka leið sína til höfuðborgarinnar að versla.

*Heimild: wikipedia.org*



Ströndin Costa Adeja er þekkt fyrir glæsilega gististaði og rólegheit.



Barnafjölskyldur streyma í dýragarðinn Loro Parque.



Fólk
Helgin
LAUGARDAGUR 10. JÚNÍ 2017




**Between Mountains verður fyrsta sveitin sem kemur fra má árlegum Pikknikk tónleikum sem haldnir verða í gróðurhúsi Norræna hússins næstu sunnudaga.**

helgin ➜4

**Slepptu þynnkunni**




2 töflur fyrir skemmtun
2 töflur fyrir svefn
**Fæst í næsta apóteki**
**www.icecare.is**



# Draumalína ástríðukokksins

Smith & Norland býður hágæðavörur frá þýska heimilistækjaframleiðandanum Gaggenau. Ævar Gunnarsson segir einfaldleika og gæði einkenna línuna. ➜2



Gaggenau framleiðir draumalínu ástríðukokksins, að sögn Ævars Gunnarssonar aðstoðarverslunarstjóra.



Hönnuðir tækjanna fara ótroðnar slóðir og er virkni og útlit tækjanna unnin í samráði við atvinnumenn í matreiðslu.



Einingum og tækjum má raða upp eftir óskum.



Helluborð með innbyggðri viftu er nýjung.



Einfaldleiki einkennir hönnun heimilistækja Gaggenau.

Það má segja að Gaggenau framleiði draumalínu ástríðukokksins,“ segir Ævar Gunnarsson, aðstoðarverslunarstjóri Smith & Norland. „Saga Gaggenau er um margt merkileg en fyrirtækið byggir á mörg hundruð ára reynslu. Gaggenau var stofnað í Þýskalandi árið 1683 og fyrsta framleiðsluvara fyrirtækisins var naglar. Við bjóðum upp á tvær heimilislínur frá þeim, 400-línuna annars vegar og 200-línuna hins vegar. Hönnuðir tækjanna fara ótroðnar slóðir og er virkni og útlit tækjanna unnin í samráði við atvinnumenn í matreiðslu.“

Ævar segir alla geta eldað með Gaggenau en þó sé ekki að finna staðlaðar stillingar á ofnum fyrir til dæmis lambasteik. Velja megi mjög nákvæman hita auk annarra stillingarmöguleika eftir því sem við á hverju sinni.

„Eitt af því sem heillar marga er til dæmis það að tengja má hitald (element) í botninn á bakstursofninum og setja þar yfir leirplötu eða bökunarstein til að baka dýrindis brauð og pitsur,“ segir Ævar.

## Einfaldleiki og gæði

„Einfaldleikinn er ráðandi í vörum Gaggenau og þægindi í notkun. Allt efnisval byggir á miklum gæðum. Ég fór í heimsókn í verksmiðjurnar í Þýskalandi og fannst merkilegt að sjá hversu mörg handtök liggja í einu helluborði og hversu massíf efni eru notuð.

Öll tækin eru í fjölbreyttum útgáfum; sami ofninn fæst til að mynda í fimm mismunandi litum, með hægri eða vinstri opnun og



ýmist með stjórnborðið uppi eða niðri, allt eftir því hvernig ofninum er komið fyrir í eldhúsinu. Tækjunum má raða saman á marga vegu ef rýmið er nægjanlegt. Til dæmis má raða saman gashelluborði, spanhellum, grilli og jafnvel djúpsteikingarpotti, innbyggðri kaffivél, ofni og svo framvegis.

## Kaffivélin beintengd við vatn

„Gaggenau hefur framleitt innbyggðar espressókaffivélar um árabil. Nýjustu vélarnar eru tengdar beint í vatn og frárennsli svo að segja má að fólk sé því með eigin kaffibar heima hjá sér,“ segir Ævar. „Þá er baunahólfið einnig losanlegt og hægt að eiga fleiri en eitt box fyrir ólíkar tegundir bauna og skipta um eftir því hvernig kaffi menn vilja fá sér. Þegar nýtt hólf er

**» Einfaldleikinn er ráðandi í vörum Gaggenau og þægindi í notkun. Allt efnisval byggir á miklum gæðum.**

sett í spyr vélin hvort þetta sé sama kaffitegundin og síðast var notuð eða ný tegund. Ef svarið er ný tegund hreinsar vélin út það sem fyrir er svo að næsta uppáhelling með nýju baunum verður eins og best verður á kosið.

## Hellur og háfur í einni einingu

„Viftur, sem draga má niður í borðplötuna, hafa lengi fengist hjá Gaggenau. Nú hefur fyrirtækið kynnt til sögunnar helluborð með innbyggðri viftu. Fjórar hellur eru í borðinu og tveir stútar á milli þeirra sem soga til sín allt að 89% af matarlyktinni og sía út olíu og gufu,“ útskýrir Ævar.

## Sérpantanir

„Allar vörur Gaggenau þarf að sérpanta. Fólk sest einfaldlega niður með okkur og við förum yfir möguleikana. Við erum með tæki í sýningarsal okkar og einnig ítarlega bæklinga með öllum tækniupplýsingum og teikningum. Möguleikarnir eru margir og þeim má raða saman eftir óskum og þörfum fólks. Oft kemur það til okkar strax í byggingarferli hússins með fastmótaðar hugmyndir eða vill sjá hvaða möguleikar eru í boði. Við finnum lausnir á öllum málum.“



Innbyggðu kaffivélarnar eru nú beintengdar við vatn og frárennsli.

# Mælir heils hugar með Bio-Kult Pro-Cyan

**Bio-Kult Pro-Cyan er háþróuð þrívirk formúla sem tryggir heilbrigða þvagrás. Guðlaug hefur lengi haft óþægindi frá þvagfærum en er mun betri eftir að hún fékk Bio-Kult Pro-Cyan.**

Margar konur þjást af þvagfæraóþægindum og er algengt að það sé af völdum E. coli-bakteríunnar. Ein af hverjum þremur konum hefur þjáðst af þvagfæraóþægindum fyrir 24 ára aldur og að minnsta kosti helmingur allra kvenna fær þvagfæraóþægindi einu sinni á ævinni. Fjórðungur þeirra fær endurteknar sýkingar.

„Ég hef verið með krónísk óþægindi í blöðrunni í rúmlega tvö ár og hefur það valdið mér mikilli vanlíðan og óþægindum. Ég gat til dæmis aldrei farið í heitan pott eða verið úti í miklu frosti því það olli mér strax mikilli vanlíðan. Þar sem ég stunda hestamennsku og þarf oft að vera á ferðinni í vinnu þá var þetta mjög óþægilegt og hamlandi fyrir mig,“ segir Guðlaug Jóna Matthíasdóttir.




Henni var ráðlagt að fara á meðhöndlandi kúr í tólf mánuði en hún var ekki alveg tilbúin til þess. „Því ákvað ég að prófa Bio-Kult Pro-Cyan þegar ég sá umfjöllun um það í blöðunum og fann ég fljótlega að það virkaði mjög vel gegn þessum króníska vanda mínum. Í fyrstu tók ég bara eitt hylki á dag eða þegar ég fann að ég fékk einkennin, en núna tek ég tvö hylki um leið og ég finn fyrir óþægindum og stundum nokkrum sinnum yfir daginn þegar ég er verst. Ég finn að Bio-Kult Pro-Cyan gerir mér gott, ég er í betra jafnvægi, meltingin er betri og ég er öll mun betri,“ segir Guðlaug ánægð.


Guðlaug Jóna tekur Bio-Kult Pro-Cyan þegar hún finnur fyrir þvagfæraóþægindum. MYND/GVA

### Tryggir heilbrigða þvagrás

Orsakir óþæginda í þvagrás geta verið nokkrar, meðal annars utanaðkomandi áhrif á þarmaflóruna, breyttur lífsstíll, aukið stress, ýmsir sjúkdómar og aukin lyfjanotkun. Einkennin eru meðal annars tíð þvaglát, aukin þörf fyrir þvaglát án þess að kasta af sér þvagi, verkir við þvaglát og óeðlileg lykt og litur á þvaginu.

Trönuber hafa löngum verið þekkt fyrir að virka vel sem fyrirbyggjandi meðhöndlun gegn þvagfærasýkingum. Trönuber hindra að E. coli-bakterían nái fótfestu við slímhúð þvagrásar og skolar bakteríunni út með þvaginu. Bio-Kult Pro-Cyan inniheldur þrívirka formúlu, sem hefur verið vísindalega þróuð og staðfest, og á hún að tryggja heilbrigða þvagrás.

Hylkin innihalda trönuberja-extrakt, vinveitta gerla og A-vítamín. Hlutverk gerlanna og A-vítamíns í Bio-Kult Pro-Cyan er að hjálpa líkamanum að viðhalda eðlilegu bakteríumagni í þörmum, einnig til að viðhalda eðlilegri starfsemi í þvagrásarkerfinu.

Bio-Kult Pro-Cyan er sérstaklega hannað fyrir barnshafandi konur en alltaf er mælt með því að ráðfæra sig við fagfólk áður en inntaka hefst. Börn mega líka nota Bio-Kult Pro-Cyan en þá er mælt með hálfum skammti af ráðlagðri skammtastærð fyrir fullorðna.

Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, www.icecare.is.

# Frábær virkni af Bio-Kult

Þegar Ragna Lóa Stefánsdóttir kom heim frá Marokkó var hún með slæma magakveisu og leið illa. Hún fór til læknis sem gaf henni lyf við kveisunni. „En það var eins og ég næði mér ekki alveg af magakveisunni og ákvað því að prófa Bio-Kult Original þar sem ég hafði heyrt svo gott af því áður,“ segir Ragna Lóa.

### Mælir með Bio-Kult

Árangurinn lét ekki á sér standa og fann Ragna Lóa ótrúlega fljótt mun eftir að hafa tekið Bio-Kult í nokkra daga. „Ég hef fundið að með aldrinum þá verð ég viðkvæmari í maganum og það er ekki sama hvað ég borða, ég þarf að passa betur upp á mataræðið til að halda meltingunni í lagi. Bio-Kult Original kemur þar sterkt inn fyrir mig því mér finnst að meltingin sé betri og ég finn að það gerir mér gott,“ lýsir hún og bætir við að það eigi sérstaklega við þegar fólk sé undir álagi því þá eflir Bio-Kult varnir líkamans. „Ég mæli með Bio Kult Original, það hefur reynst mér mjög vel.“

### Gott fyrir meltinguna

Margrét Alice Birgisdóttir heilsumarkþjálfi mælir með því við viðskiptavini sína að þeir fái meltingu sína góða. „Mér finnst sérstaklega mikilvægt að meltingarfærin starfi eins og þau eiga að gera. Ef bakteríuflóra líkamans er í ójafnvægi starfar hann ekki eins og hann á að gera. Bio-Kult hefur reynst afar vel til að bæta starfsemi meltingarinnar. Ég mæli heilshugar með Bio-Kult, bæði Candéa með hvítlauk og grape seed extract og með Bio-Kult Original, báðar tegundir hafa reynst mér vel,“ segir Margrét.


Ragna Lóa fann ótrúlega fljótt mun á sér eftir að hafa tekið Bio-Kult í nokkra daga. MYND/STEFÁN

### Bio-Kult fyrir alla

Innihald Bio-Kult Candéa-hylkjanna er öflug blanda af vinveittum gerlum ásamt hvítlauk og grape seed extract. Bio-Kult Candéa-hylkin virka sem vörn gegn candida-sveppasýkingu í meltingarvegi kvenna og karla og sem vörn gegn sveppasýkingu á viðkvæmum svæðum hjá konum.

Bio-Kult Original er einnig öflug blanda af vinveittum gerlum sem styrkja þarmaflóruna. Bio-Kult Candéa og Bio-Kult Original henta vel fyrir alla, einnig fyrir barnshafandi konur, mjólkandi mæður og börn. Fólk með mjólkur- og sojaóþol má nota vörurnar.

Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna.




Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, - www.icecare.is.

Slepptu þynnkunni




2 töflur fyrir skemmtun
2 töflur fyrir svefn

Fæst í næsta apóteki

www.icecare.is

# Notalegheit í Vatnsmýrinni

## Næstu sunnudaga mun fjölbreyttur hópur tónlistarmanna koma fram á árlegum Pikknikk tónleikum í fallegu umhverfi Norræna hússins.

Á morgun sunnudag hefjast árlegir Pikknikk tónleikar í Norræna húsinu. Þar mun ein hljómsveit eða listamaður spila á hverjum sunnudegi fram til 20. ágúst í fallegu umhverfi gróðurhúss Norræna hússins. Tónleikaröðin hófst árið 2012 en það er Mikael Lind, umsjónarmaður sýningarsvæðis og aðstoðarmaður verkefnastjóra hjá Norræna húsinu, sem hefur séð um að skipuleggja tónleikana síðustu tvö árin. Í ár verður boðið upp á fjölbreytta tónlist af ýmsum toga með verðlaunuðu tónlistarfólki frá Íslandi ásamt góðum gestum frá Danmörku og Svíþjóð, að sögn Mikaels. „Í fyrra valdi ég aðallega fólk sem ég kannaðist við persónulega en reyndi samt að hafa dagskrána breiða og þannig að hún myndi höfða til sem flestra. Í ár vildi ég gera enn betur og ákvað þess vegna að leyfa tónlistarfólki að sækja um þátttöku.“

Tónlistin þarf auk þess að henta gróðurhúsinu þar sem hljóðkerfið er ekki mjög flókið. „Svo viljum við bjóða upp á tónlistarmenn og hljómsveitir sem höfða bæði til Íslendinga og ferðamanna. Mér finnst dagskráin einmitt fjölbreyttari í ár því það voru svo margir efnilegir tónlistarmenn sem sóttu um.“



Mikael Lind hjá Norræna húsinu sér um skipulag tónleikanna.

### Góð stemning

Between Mountains verður fyrsta hljómsveitin sem kemur fram en hún vann Músíktilraunir fyrr á þessu ári. „Ég ákvað að hafa samband við sveitina en hún sótti ekki um. Starfsmaður hjá Norræna húsinu benti mér á þær og sagði hana vera flotta hljómsveit. Ég fór inn á Soundcloud-síðu Músíktilrauna og hlustaði á lagið þeirra Into the Dark sem er geggjað lag. Sem betur fer voru stelpurnar í hljómsveitinni til í að koma og spila.“

Stemningin á tónleikunum er oft mjög góð þótt gróðurhúsið henti ekki alltaf til tónleikahalds. „Einstaka sinnum þarf að færa tónleikana inn í sal vegna veðurs. Skálinn er frekar lítill og margir gestir sitja á grasinu fyrir utan og hlusta. Þegar veðrið leikur við okkur er þetta hins vegar æðislegur tónleikastaður. Tónlistin verður partur af náttúrunni í kring og maður heyrir ekki bara í listamönnunum sem koma fram heldur líka í fuglunum og ýmsum öðrum umhverfishljóðum. Það myndast því oft einstök stemning.“



Between Mountains kemur fram á Pikknikk tónleikunum morgun. MYND/BRYNJAR GUNNARSSON



Gróðurhús Norræna hússins hýsir Pikknikk tónleikana þar sem ýmsir tónlistarmenn spila næstu sunnudaga í sumar.

> Þegar veðrið leikur við okkur er þetta hins vegar æðislegur tónleikastaður. Tónlistin verður partur af náttúrunni í kring.
>
> Mikael Lind

### Ýmislegt brallað

Katla Vigdís Vernharðsdóttir og Ástrós Helga Guðmundsdóttir mynda dúettinn Between Mountains. Þær segjast mjög spenntar fyrir tónleikunum á morgun. „Þetta er í raun fyrsta skiptið sem við fáum að spila svona lengi. Það verða nokkur ný lög á dagskrá ásamt venjulega settinu okkar svo vonandi verður þetta bara fjör og gaman,“ segir Katla Vigdís. Frá því að þær unnu Músíktilraunir í apríl hefur verið nóg að gera hjá sveitinni. „Við höfum verið að bralla í ýmsu síðan við sigruðum í Músíktilraunum. Stuttu síðar komum við m.a. fram á tónlistarhátíðinni Aldrei fór ég suður á Ísafirði, gáfum út lag sem heitir Little Sunny Flower og erum búin að vera á fullu að semja nýtt prógramm. Í haust ætlum við svo í hljóðver til að taka upp nokkur lög og gefa út í kjölfarið,“ bætir Ásrós Helga við.

Björn Thoroddsen og Teitur Magnússon spila tvo næstu sunnudaga en nánari dagskrá má finna á www.nordice.is.

Ókeypis er inn á alla tónleikana og hefjast þeir kl. 15.


PSG a DOVER company

Blackmer Ebsray EnviroGear PUMPS GRISWOLD MOUVEX

KYNNINGARFUNDUR
MEÐ FULLTRÚUM PSG DOVER

Þriðjudaginn 13. júní kl. 12:00
á Icelandair Hótel Reykjavík Natura, Nauthólsvegi 52.
Léttar veitingar í boði.

PSG DOVER framleiðir hágæða dælur
af öllum stærðum og gerðum.



Umboðsaðili á Íslandi
TEKNÍS
Skútahrauni 11 220 Hafnarfirði Sími 565 7390 teknis @tekn.is

# FJÖLSKYLDUDAGAR

## Á GLERÁRTORGI 10–16. JÚNÍ



**16. JÚNÍ**
**TAKTU DAGINN FRÁ**
FRÁBÆR FJÖLSKYLDUSKEMMTUN

Sveppi og Villi, Andlitsmálun,
Leikjaland á Glerártorgi o.m.fl.



## Fjör og frábær tilboð í verslunum Glerártorgs

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **20% afsláttur** af Vita, MENU, Ritzenhoff og Rosendahl. 10%af Moominni. Casa | **20% afsláttur** af Lovi trjám og trévöru frá Finnlandi. Halldór Ólafsson ÚR OG SKARTGRIPIR | **50% afslattur** af völdum umgjörðum. Gleraugnasalan Geisli | **20-50%** afsláttur af völdum vörum. ZIK ZAK TÍSKUHÚS | Allar dömu gallabuxur aðeins kr. 5.990 og allar herra gallabuxur aðeins kr. 7.990. IMPERIAL AKUREYRI | **30% afsláttur** af verði allra vörutegunda í hárvörulínunni og Spa-dekurvörulínunni. THE BODY SHOP | Fjölskyldudagar á Subway. Kökur fylgja öllum fjölskyldutilboðum. SUBWAY | Ný tilboð á hverjum degi. CENTRO |
| Dr. Organic aloe vera gel 20% afsláttur. ICEHERBS – Hreinsandi, Magnesíum og Skjöldur 25% afsláttur. Heilsuhúsið | **20% afsláttur** af spjaldtölvum, Vodafone símtækjum og Vodafone aukahlutum. 10% afsláttur af hátölurum og heyrnatólum. vodafone | **TILBOÐ** lítill ís í brauði kr. 300 og lítið krap kr 300. Kjörís Ísbúðin AKUREYRI | Kökusneið og uppáhellt kaffi kr. 1.100 - Réttir dagsins kr. 1.550. Kaffi Torg | 30% **afsláttur** af völdum vörum. Levi's | **Brúðartilboð** á sængur-verasettum frá kr. 7.990 - 9.990 og 40% afsláttur á sængum. Lín DESIGN | **TÖSKUDAGAR - 20% afsláttur** 10. til 16. júní. Falleg perlufesti fylgir öllum töskum. MAKE UP GALLERY | Töskur fylgja öllum seldum rafhlaupahjólum. eldhaf.is |
| Afmælistilboð. PÓLÓBOLIR kr. 1.590 Verð áður kr. 3.490. Dressmann | Trampolín USA 4,5m áður 69.900 nú 49.900. Körfuboltaspjald USA áður 59.998 nú 39.998. nettó | 3 fyrir 2 af smávöru. the PIER | **30% afsláttur** af völdum vörum. REXÍN | LUXURY SLEEP rúm 90x200 sm. Fullt verð 89.950 Nú 59.950. RÚMFATA LAGERINN | **20% afsláttur** af öllum aukahlutum. Síminn | **20% afsláttur** af öllum Hummer fatnaði fyrir börn og fullorðna. SPORTVER | **15% afsláttur** af pottum, pönnum, búsáhöldum og gjafavöru. KÚNÍGÚND |
| Velkomnir vinir. Toys R Us | **20 % afsláttur** af öllum ullarfatnaði á ungbörn, auk annarra tilboða. Ullarkistan | **20% afsláttur** af öllum vörum. Christa | **20% afsláttur** af öllum stuttbuxum og sumarjökkum. LINDEX | **20% afsláttur** af öllum sólarvörnum. Lyf & heilsa Við hlustum! | **20% afsláttur** af öllum sjampóum og hárnæringum. MODUS hár og snyrtistofa | GLERÁRTORG –af lífi & sál– | |

# Heldur dagbók um þakklæti

## Andleg heilsa er Helgu Arnardóttur hugleikin. Hún segir þakklætisdagbók og núvitundaræfingar góðar til að auka vellíðan.

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is





**Helga hefur lengi haft áhuga á andlegri heilsu.** MYND/ERNIR

Helga starfar við ráðgjöf og fræðslu um andlega heilsu og leiðir til að hlúa að henni. Hún lauk grunnnámi í sálfræði frá Háskóla Íslands og að námi loknu réð hún sig til starfa á Kleppi þar sem hún vann í sex ár. „Frá því ég var lítil langaði mig að verða sálfræðingur og hjálpa fólki að líða vel. Í gegnum grunnnámið og starfið á Kleppi fannst mér sérstakt að læra ekki um vellíðan heldur aðallega um vanlíðan. Ég lærði heilmikið um kvíða, þunglyndi og aðra andlega sjúkdóma og hvernig hægt er að draga úr einkennum þeirra. Hins vegar langaði mig meira til að beina athyglinni að andlegri heilsu og vellíðan, hvað stuðlar að henni og hvaða þættir hafa áhrif þar á. Þessar pælingar leiddu til þess að ég ákvað að fara ekki í klíníska sálfræði heldur tók mastersprófí í félags- og heilsusálfræði,“ útskýrir Helga sem hélt síðan áfram námi og lauk diplómaprófi í jákvæðri sálfræði.

### Þakklætistilfinning mikilvæg

Helga segir margt hafa áhrif á andlega heilsu. „Góð, félagsleg tengsl hafa jákvæð áhrif á heilsu og vellíðan. Regluleg hreyfing sömuleiðis. Þetta er eitthvað sem flestir þekkja og vita en það er gott að kortleggja þetta og rækta markvisst. Það er líka gott að finna fyrir þakklæti og leiða hugann reglulega að því vegna þess að þá líður manni eins og maður sé heppinn og ríkur og lánsamur og að lífið sé betra. Ég mæli með að halda þakklætisdagbók annaðhvort daglega eða vikulega en í henni felst að staldra við og skrifa niður það sem maður er þakklátur fyrir. Það er ágætt að nota sérstaka bók fyrir þetta. Mikilvægt er að finna fyrir þakklætistilfinningunni en ekki bara skrifa niður eitthvað jákvætt og loka svo bókinni. Með því að leiða hugann aftur og aftur að því góða í lífinu og kalla endurtekið fram þakklætistilfinningu verðum við næmari fyrir því að taka eftir því góða í kringum okkur og byggjum upp aukna vellíðan og sátt við lífið. Gott er að gera þessa æfingu í nokkrar vikur og athuga hvort hún hafi áhrif,“ segir Helga og bætir við að fólk sé misþakklátt að eðlisfari, sumir eigi auðvelt með að finna fyrir þakklæti en aðrir ekki. „Góðu fréttirnar eru að allir geta ræktað með sér aukið þakklæti,“ segir hún.

### Núvitundaræfingar auka vellíðan

Reglulegar núvitundaræfingar geta líka aukið andlega vellíðan en rannsóknir hafa sýnt fram á að iðkun núvitundar hafi reynst vel við heilsufarsvandamálum eins og þunglyndi, kvíða og stressi. Algengustu núvitundaræfingarnar felast í hugleiðslu, að sögn Helgu. „Þá sest maður niður, lokar augunum og fylgist með eigin andardrætti í um tíu mínútur á hverjum degi og gefur huganum frí á meðan. Þannig er andardrátturinn notaður sem leið til að tengja sig við núið. Þetta snýst í raun um að þjálfa hugann þannig að maður hafi stjórn á því hvert athyglin fer því það sem maður beinir athyglinni að vex og dafnar. Fólk getur fest sig í óþægilegum og erfiðum hugsunum og nær ekki að kúpla sig frá þeim. Þessar æfingar geta meðal annars þjálfað upp færni í að velja hvert við beinum athygli okkar. Núvitund snýst um að upplifa hlutina á hlutlausan hátt en ekki endilega einbeita sér að því jákvæða,“ upplýsir Helga sem sjálf hefur persónulega reynslu af kvíða. „Kvíði var lengi áskorun fyrir mig en núvitund hefur hjálpað mér að takast á við hann.“

### Meðvituð augnablik

Margir telja sig ekki hafa tíma til að stunda hugleiðslu en Helga segir að svokölluð meðvituð augnablik geri líka sitt gagn. „Þá tengir maður sig við núið í smástund í einu. Þeir sem vilja prófa þessa nálgun geta látið símann sinn pípa fimm sinnum yfir daginn til að minna sig á að staldra við og tengja sig við núið í stutta stund í einu. Það er hægt með því að fylgjast vel með andardrættinum í hálfa mínútu eða líta upp úr tölvunni og horfa út um gluggann og horfa á tré bærast með vindinum. Það má líka loka augunum og hlusta á umhverfishljóðin. Þetta snýst í raun bara um að tengja sig við núið í stutta stund í senn með því að færa athyglina frá huganum og yfir á eitthvað sem á sér stað á líðandi stundu. Allir ættu að hafa tíma fyrir þetta og flestir upplifa ákveðinn létti í leiðinni,“ segir hún að lokum.




**DLUX** Pregnancy er blanda af vítamínum sem henta ófrískum konum sérstaklega vel. Það inniheldur D-vítamín, Fólínsýru, B- og K-vítamín.

Upptaka gegnum slímhúð í munni tryggir að efnin skila sér út í blóðrásina og því er þetta sérlega góð lausn fyrir konur sem þjást af morgunógleði og uppköstum.

NÝTT **MEÐ FERSKJU- OG MANGÓBRAGÐI!**

Dagsskammtur er fjórir úðar og innihalda þeir samtals:
B12 6 mcg • D3 400 AE • Fólínsýra 400 mcg • Selen 75 mcg
B1 1,1 mg • B2 1,4 mg • K1 75 mcg • Biotin (B7) 50 mcg
Joð 150 mcg • B5 (Pantothenic acid) 6 mg • B6 1,2 mg
A 600 AE • B3 (Niacin) 8 mg • C 20 mg




**MultiVit** fjölvítamínið frá BetterYou inniheldur öll helstu vítamín og steinefni sem auka á heilbrigði okkar og efla ónæmiskerfið.

Með munnúðanum fáum við 14 nauðsynleg næringarefni beint inní blóðrásina en upptaka gegnum slímhúð í munni tryggir hámarksupptöku.

NÝTT **MEÐ GRAPEBRAGÐI!**

Dagsskammtur er fimm úðar og innihalda þeir samtals:
D-vítamín 1000 AE • Fólínsýru 400 mcg • B12 6 mcg
100% af ráðlögðum dagsskammti af K, B1 og B6.

**Sölustaðir:** Flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur verslana



# Framkvæmdastjóri Upplýsingatækni

Landsbankinn leitar að öflugum framkvæmdastjóra til að stýra upplýsingatæknisviði bankans.

Leitað er að einstaklingi með mikla tæknilega þekkingu og reynslu af stjórnun umfangsmikilla verkefna á sviði upplýsingatækni. Viðkomandi þarf að hafa mikla stjórnunar- og leiðtogahæfileika og vera tilbúinn að leiða spennandi og krefjandi verkefni.

Meginábyrgðarsvið framkvæmdastjórans er að stýra þróun og stefnumótun í upplýsingatækni með þarfir viðskiptavina og hagkvæmni að leiðarljósi. Framkvæmdastjórinn mun starfa náið með öðrum starfseiningum og bankastjóra við stjórnun bankans, í samræmi við stefnu hans og markmið.

Lögð er áhersla á að ráða einstakling sem hefur þekkingu á laga- og tækniumhverfi fjármálafyrirtækja og skýra sýn á framtíðarstefnu í stafrænum bankaviðskiptum.

## Hæfni og menntun

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking á rekstri fjármálafyrirtækja er mikill kostur
- Reynsla og góður árangur í rekstri og viðskiptum
- Reynsla af stefnumótun og stjórnun
- Ótvíræðir stjórnunar- og leiðtogahæfileikar
- Skipulagshæfni og frumkvæði

## Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veita Baldur G. Jónsson, mannauðsstjóri Landsbankans, sími 410 7904 eða baldur.g.jonsson@landsbankinn.is og Sverrir Briem hjá Hagvangi, sími 520 4700 eða sverrir@hagvangur.is.

Umsókn merkt *Framkvæmdastjóri* sendist með tölvupósti á Baldur og/eða Sverri.

Nánari upplýsingar um skipulag og starfsemi bankans eru á landsbankinn.is.
Umsóknarfrestur er til og með 20. júní nk.

Jafnlaunaúttekt
PwC



Hey Iceland

# Sérfræðingur í upplýsingatækni

Hey Iceland óskar eftir að ráða metnaðarfullan einstakling til starfa á sviði upplýsingatækni og viðskiptaþróunar. Um er að ræða fullt starf þar sem reynir á samskiptahæfni, lausnamiðaða hugsun og skipulögð vinnubrögð.

Umsóknarfrestur
**19. júní**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/5227**

Helstu verkefni og ábyrgð

- Uppsetning og innleiðing á bókunarkerfi hjá birgjum.
- Kennsla á kerfið.
- Samskipti og þjónusta við birgja og notendur.
- Þarfagreining og samskipti við þróunarteymi.
- Gerð leiðbeininga.
- Önnur tilfallandi verkefni.

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfinu.
- Góð tölvufærni og almenn tölvukunnátta skilyrði.
- Geta til að tileinka sér og læra á ný kerfi.
- Frumkvæði, metnaður, nákvæmni og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Framúrskarandi samskiptahæfni, jákvæðni og góð þjónustulund.

Hey Iceland er leiðandi fyrirtæki í íslenskri ferðaþjónustu. Fyrirtækið á sér yfir 30 ára sögu og býður upp á breitt úrval ferða og afþreyingar ásamt gistingu allt í kringum landið á um 180 gististöðum af ýmsu tagi. Einnig eru í boði innihaldsríkar pakkaferðir með íslenskri fararstjórn um allan heim, þar sem farþegar njóta góðs félagsskapar og kynnast menningu og náttúru merkra áfangastaða undir merkjum Bændaferða. Sjá nánar á heimasíðu www.heyiceland.is.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

Reykjanesbær

# Byggingarfulltrúi

REYKJANESBÆR
*Tími til að lifa og njóta*

Reykjanesbær óskar eftir að ráða byggingarfulltrúa til starfa hjá sveitarfélaginu. Um er að ræða fjölbreytt og áhugavert starf í vaxandi sveitarfélagi. Byggingarfulltrúi heyrir undir sviðsstjóra umhverfissviðs.

Umsóknarfrestur
**26. júní**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/5234**

Helstu verkefni

- Framkvæmd og eftirlit byggingarmála.
- Mælingar, úttektir og skráning fasteigna.
- Yfirferð uppdrátta og afgreiðsla umsókna auk eftirfylgni með málsmeðferð.
- Samstarf við aðila sem m.a. sinna verkefnum á sviði byggingarmála.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, s.s. verkfræði, byggingarfræði, tæknifræði.
- Löggilding sem hönnuður skv. 25. gr. mannvirkjalaga.
- Þekking og reynsla af byggingarmálum.
- Reynsla úr opinberri stjórnsýslu skilyrði.
- Góð færni í miðlun upplýsinga í ræðu og riti á íslensku.
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum og reynsla af teymisvinnu.
- Skipulagsfærni, nákvæmni og hæfni til að vinna sjálfstætt.

Reykjanesbær er fimmta fjölmennasta sveitarfélag á Íslandi með um 16.000 íbúa. Sveitarfélagið var stofnað 11. júní 1994 við sameiningu þriggja sveitarfélaga. Fá sveitarfélög á Íslandi hafa vaxið með sama hraða og Reykjanesbær undanfarin ár.

Hjá Reykjanesbæ starfar samhentur hópur starfsmanna sem hefur það að leiðarljósi að þjónusta við íbúa bæjarfélagsins sé eins og best verður á kosið hverju sinni.

Við ráðningar er ávallt höfð hliðsjón af jafnréttisáætlun Reykjanesbæjar.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent


# Ef þú ert með rétta starfið — erum við með réttu manneskjuna

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

**www.capacent.is**

Háskóli Íslands

# Sviðsstjóri framkvæmda- og tæknisviðs

Háskóli Íslands leitar eftir öflugum stjórnanda í starf sviðsstjóra framkvæmda- og tæknisviðs Háskóla Íslands. Framkvæmda- og tæknisvið er eitt af sjö stjórnsýslusviðum Háskóla Íslands og heyrir sviðsstjóri beint undir framkvæmdastjóra sameiginlegrar stjórnsýslu.

Hlutverk framkvæmda- og tæknisviðs er að hafa yfirumsjón með málefnum sem lúta að lóðum háskólans, byggingum og mannvirkjum og rekstri á þeim. Undir sviðið heyrir bygginga- og tæknideild og deild reksturs fasteigna auk skrifstofu sviðsins. Fastir starfsmenn eru um 50 talsins.

Umsóknarfrestur
**26. júní**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/5226**

Helstu viðfangsefni:
- Ábyrgð á stjórnun, rekstri og starfsmannamálum framkvæmda- og tæknisviðs.
- Framkvæmd stefnu skólans í málefnum sviðsins.
- Ábyrgð á umbótaverkefnum og áætlunargerð.
- Þarfagreining í tengslum við nýbyggingar, endurbætur og stærri viðhaldsverkefni.
- Umsjón með úttektum á ástandi bygginga og mannvirkja.
- Verkefni sem lúta að skipulagi háskólasvæðisins.

Menntun, hæfni og reynsla:
- Háskólapróf sem nýtist í starfi, svo sem arkitektúr, verkfræði eða tæknifræði.
- Yfirgripsmikil þekking og reynsla af byggingaframkvæmdum.
- Yfirgripsmikil þekking og reynsla af hönnun húsnæðis.
- Þekking, hæfni og reynsla af stjórnunarstörfum.
- Leiðtogahæfni, frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Samstarfshæfni og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Gott vald á framsetningu efnis á rituðu og mæltu máli.

Háskóli Íslands er alþjóðlegur rannsóknaháskóli og stærsta kennslu-, rannsókna- og vísindastofnun landsins. Um 1.500 starfsmenn starfa í föstum störfum við skólann og um 2.200 eru lausráðnir. Nemendur við skólann eru um 12.500. Háskóli Íslands býður fjölbreytt nám á öllum stigum og er eini háskóli landsins sem býður grunnnám og framhaldsnám á öllum helstu fræðasviðum.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

Háskóli Íslands

# Sviðsstjóri upplýsingatæknisviðs

Háskóli Íslands leitar eftir öflugum stjórnanda í starf sviðsstjóra upplýsingatæknisviðs. Upplýsingatæknisvið er nýtt stjórnsýslusvið innan skólans en innan hans eru fyrir sex önnur stjórnsýslusvið. Munu m.a. verkefni núverandi Reiknistofnunar Háskóla Íslands færast undir sviðið. Sviðsstjóri heyrir beint undir framkvæmdastjóra sameiginlegrar stjórnsýslu.

Hlutverk upplýsingatæknisviðs er að hafa umsjón með upplýsingatæknimálum háskólans í samræmi við stefnu hans og ber sviðið ábyrgð á þróun, rekstri, samhæfingu, þjónustu og ráðgjöf vegna þessara verkefna fyrir háskólann í heild. Fastir starfsmenn sviðsins samkvæmt núverandi skipulagi eru rúmlega 40 talsins.

Umsóknarfrestur
**26. júní**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/5223**

Helstu viðfangsefni:
- Ábyrgð á stjórnun, rekstri og starfsmannamálum upplýsingatæknisviðs.
- Uppbygging og þróun þjónustu upplýsingatæknisviðs byggð á þarfagreiningu í nánu samstarfi við stjórnendur skólans, starfsmenn og nemendur.
- Framkvæmd stefnu skólans í verkefnum sviðsins.
- Ábyrgð og umsjón með áætlunargerð, umbótaverkefnum og gæðamálum sem varða upplýsingatækni við skólann.

Menntun, hæfni og reynsla:
- Háskólapróf sem nýtist í starfi, svo sem í verkfræði, tölvunarfræði, upplýsingatækni eða skyldum greinum.
- Yfirgripsmikil þekking og reynsla af upplýsingatæknimálum.
- Þekking, hæfni og reynsla af stjórnunarstörfum.
- Reynsla af breytingastjórnun.
- Leiðtogahæfni, frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Afbragðs samstarfshæfni og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Gott vald á framsetningu efnis á rituðu og mæltu máli.

Háskóli Íslands er alþjóðlegur rannsóknaháskóli og stærsta kennslu-, rannsókna- og vísindastofnun landsins. Um 1.500 starfsmenn starfa í föstum störfum við skólann og um 2.200 eru lausráðnir. Nemendur við skólann eru um 12.500. Háskóli Íslands býður fjölbreytt nám á öllum stigum og er eini háskóli landsins sem býður grunnnám og framhaldsnám á öllum helstu fræðasviðum.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent



## Icepharma leitar að sérfræðingi í skráningardeild (Regulatory Affairs)

Icepharma leitar að öflugum liðsmanni í skráningardeild fyrirtækisins. Um er að ræða 100% starf.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði raunvísinda
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta
- Góð kunnátta í Norðurlandamáli æskileg
- Góð almenn tölvukunnátta
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Fagmennska og hæfni í mannlegum samskiptum.

### Starfssvið

- Umsjón með öllu sem lýtur að nýskráningu lyfja og viðhaldi markaðsleyfa
- Samskipti við lyfjafyrirtæki, heilbrigðisyfirvöld og dreifingaraðila.

### Umsóknarfrestur er til og með 18. júní

Umsóknir skal senda á atvinna@icepharma.is merktar **Atvinnuumsókn skráningardeild**.
Upplýsingar veitir Elísabet Tómasdóttir, deildarstjóri skráningardeildar á netfangið elisabet.tomasdottir@icepharma.is.
Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

**Icepharma** er leiðandi fyrirtæki á íslenskum heilbrigðismarkaði og hefur það að markmiði að styðja við almenna lýðheilsu. Hjá fyrirtækinu starfa 90 manns með víðtæka menntun og þekkingu við sölu og markaðssetningu, sérfræðiráðgjöf og þjónustu. Icepharma leggur metnað sinn í að vera fyrirmyndarvinnustaður og leggur áherslu á jafnrétti og fjölskylduvænt umhverfi.

Icepharma • Lynghálsi 13 • 110 Reykjavík • Sími 540 8000 • icepharma.is

icepharma

---

ÁS STYRKTARFÉLAG

## Starf á heimili í Kópavogi

Óskað er eftir starfskrafti í vaktavinnu í 70% starf á heimili við Kópavogsbraut. Um er að ræða morgun-, kvöld- og helgarvaktir. Staðan er laus nú þegar.

Hlutverk starfsfólks er fyrst og fremst fólgið í því að aðstoða og styðja íbúa í daglegu lífi, innan heimilis og utan.

Umsókn sendist á netfangið hronn@styrktarfelag.is. Nánari upplýsingar veitir Hrönn Vigfúsdóttir í síma 822-9598. Upplýsingar um félagið má finna á heimasíðu þess www.styrktarfélag.is.

Launakjör eru samkvæmt gildandi kjarasamningum.

---

## STÖRF HJÁ GARÐABÆ

**Álftanesskóli**
- Grunnskólakennari á elsta stigi
- Grunnskólakennari í heimilisfræði

**Akrar**
- Leikskólakennari

**Bæjarból**
- Deildarstjóri
- Leikskólakennari eða þroskaþjálfi
- Leikskólakennari

**Þjónustumiðstöð**
- Vélamaður

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar á **www.gardabaer.is**.

GARÐABÆR
GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARDABAER.IS

---



## Bókari - skrifstofuvinna 50% starf

**Hæfniskröfur eru helstar:**
- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af bókhaldi
- Þekking á Microsoft Dynamics NAV
- Almenn tölvukunnátta og góð þekking á Office hugbúnaði
- Færni í mannlegum samskiptum

**Starfssvið:**
- Almennt bókhald
- Færslur í fjárhags- og verkbókhaldi
- Afstemmingar á viðskiptamönnum og lánadrottnum
- Skráning á innkaupareikningum
- Utanumhald og skráningar á inn-og útflutningi, tollamál
- Almenn skrifstofuvinna

## Rafvirki - Rafiðnfræðingur

**Hæfniskröfur eru helstar:**
- Menntun sem nýtist í starfi (sveinspróf í rafvirkjun er lágmarkskrafa)
- Góð þekking og reynsla af PLC stýrikerfum
- Almenn tölvukunnátta og þekking á AutoCAD hugbúnaði
- Framúrskarandi þjónustulund og metnaður í starfi
- Að vera tilbúin/n til að ferðast á vegum fyrirtækisins

**Starfssvið:**
- Rafhönnun, raflagna- og teiknivinna
- Samsetning á rafskápum
- Vinna við þjónustu og uppsetningu á tækjabúnaði víða um heim

**Bæði störfin eru á starfsstöð Skagans 3X á Ísafirði.**
Í boði er góð vinnuaðstaða, lifandi starfsumhverfi og góður vinnuandi hjá spennandi nýsköpunarfyrirtæki.
Einungis er um framtíðarstörf að ræða.
Gert er ráð fyrir ráðningu sem fyrst.
Umsóknarfrestur er til og með 30. júní nk. Allar umsóknir eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.
Upplýsingar um starfsemina má finna á **www.skaginn3x.com**

**Nánari upplýsingar veitir Karl Ásgeirsson, karl@skaginn3x.com eða í síma 450-5011.**

Systurfyrirtækin Skaginn hf., Þorgeir og Ellert hf. á Akranesi og 3X Technology ehf. á Ísafirði mynda saman Skaginn 3X. Fyrirtækin framleiða og selja sérsniðnar hátæknilausnir fyrir matvælaiðnað á alþjóðamarkaði og er viðskiptavinina að finna víðsvegar um heiminn. Tæknistigið er hátt og starfsmenn eru rúmlega 180 talsins í starfsstöðvum sem eru um 14.000 $m^2$ að stærð. Starfsemin hefur vaxið mjög síðustu misseri en frumkvöðla- og nýsköpunarandinn hefur viðhaldist allt frá fyrsta degi. Áhersla er enn sem fyrr lögð á að bjóða gæðavörur og ryðja braut nýrrar tækni sem færir viðskiptavinum og umhverfinu verulegan ávinning.
**Skaginn 3X hlaut nýlega Útflutningsverðlaun forseta Íslands og Nýsköpunarverðlaun Íslands.**

SKAGINN 3X

---

## VÉLAMAÐUR ÓSKAST Í ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ

Vélamaður óskast í þjónustumiðstöð Garðabæjar.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**
- Almenn vélavinna, snjómokstur og þrif á götum og göngustígum
- Almennt viðhald á og við götur, gangstéttar og graseyjar
- Aðstoð við viðgerðir á vatnsveitu- og fráveitulögnum
- Ýmis smáverk vegna ábendinga íbúa t.d. hreinsun bæjarins, yfirmálun veggjakrots og fleira
- Önnur verkefni sem til falla

Sjá nánari upplýsingar um starfið á heimasíðu Garðabæjar www.gardabaer.is.

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar á **www.gardabaer.is**.

GARÐABÆR
GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARDABAER.IS

# Erum við að leita að þér?



## Framkvæmdarstjóri rekstrarsviðs

**Samgöngustofa leitar að framkvæmdastjóra rekstrarsviðs.** Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á starfsemi síns sviðs gagnvart forstjóra og starfar í framkvæmdastjórn Samgöngustofu. Hlutverk rekstrarsviðs er að sjá til þess að innri rekstur Samgöngustofu gangi faglega og vel fyrir sig, ásamt því að vinna að stefnumótun og árangursstjórnun stofnunarinnar í samstarfi við aðra stjórnendur. Rekstrarsvið samanstendur af fjármálum, upplýsingatæknideild, skjalastjórnun og NorType verkefninu.

Á rekstrarsviði fer fram almennur rekstur stofnunarinnar, fjármálastýring, undirbúningur fjárlaga, innkaup, samningamál og skjalastjórn. Rekstrarsviðið annast rekstur og þróun upplýsingakerfa, með öflugri kerfis- og hugbúnaðareiningu, ásamt upplýsingamiðlun úr farartækjaskrám stofnunarinnar. Á sviðinu er samnorræna verkefninu NorType stýrt, þar sem skráðar eru tækniupplýsingar um ökutæki fyrir fjórar Norðurlandaþjóðir. Starfshlutfall er 100%.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- BS í Viðskiptafræði eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Haldgóð reynsla úr atvinnulífinu og/eða opinberri stjórnsýslu
- Reynsla af fjármálum og rekstri
- Leiðtogahæfni og haldgóð stjórnunarreynsla
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Mjög góð kunnátta í íslensku og ensku í ræðu og riti, þekking á norðurlandamáli er kostur
- Vilji og áhugi á samvinnu, samþættingu og þjónustu

Nánari upplýsingar veitir **Ólöf Friðriksdóttir**, mannauðsstjóri í síma **480 6000**.

## Deildarstjóri á sviði starfrækslu loftfara og skírteina

**Samgöngustofa óskar eftir að ráða deildarstjóra á sviði starfrækslu loftfara og skírteina.** Starfið felst í skipulagningu á starfsemi deildarinnar, samskiptum við erlenda og innlenda aðila varðandi starfrækslu loftfara svo og bein þátttaka í verkefnum deildarinnar. Megin verkefni deildarinnar eru heimildaveitingar og eftirlit með starfsemi leyfisskyldra fyrirtækja í flugstarfsemi, útgáfa skírteina og eftirlit með almannaflugi. Starfinu fylgir einnig þátttaka í alþjóðlegu samstarfi á sviði flugmála, t.d. flugöryggisstofnun Evrópu (EASA). Starfshlutfall er 100%.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Menntun á sviði flugmála- og/eða háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Nýleg reynsla af starfsemi tengdri flugrekstri er nauðsynleg og þekking á laga- og regluumhverfi á sviði flugmála
- Nauðsynlegt er að viðkomandi þekki vel til gæða- og öryggisstjórnunarkerfa og úttektaraðferða
- Starfið gerir kröfu um góða skipulagshæfileika og mikla greiningarhæfni
- Mjög góð tök á íslensku og ensku er skilyrði
- Færni í mannlegum samskiptum, örugga og þægilega framkomu og áhugi á flugöryggismálum
- Rík þjónustulund, sjálfstæði, jákvæðni og stjórnunarhæfileikar
- Sýna frumkvæði og fagmennsku í starfi, vera agaður í verkum sínum og geta unnið undir álagi

Nánari upplýsingar veitir **Einar Örn Héðinsson**, framkvæmdastjóri farsviðs í síma **480 6000**.

## Eftirlitsmaður í flug- og siglingavernd

**Samgöngustofa óskar eftir að ráða eftirlitsmann í flug- og siglingavernd**. Starfið felst aðallega í eftirliti með flugvernd auk aðstoðar við eftirlit með siglingavernd. Einkum er um að ræða undirbúning og framkvæmd eftirlits, úttektir og prófanir er varða framkvæmd flug- og siglingaverndar auk aðkomu að innleiðingu krafna og viðhaldi handbóka á sviði flugverndar. Leitað er að starfsmanni sem á auðvelt með að setja sig inn í reglur og nýjar aðstæður og er tilbúinn að vinna samkvæmt verklagsreglum í öguðu umhverfi. Viðkomandi þarf að undirgangast og standast öryggisvottun sbr. reglugerð um vernd trúnaðarupplýsinga, öryggisvottanir og öryggisviðurkenningar á sviði öryggis- og varnarmála nr. 959/2012. Starfshlutfall er 100%.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólanám sem nýtist í starfi eða önnur menntun, þjálfun og reynsla sem talist getur fullnægjandi
- Þekking á flug- og siglingavernd er kostur
- Reynsla af eftirlitsstörfum er kostur, sérstaklega þekking og reynsla af úttektum
- Góð tölvukunnátta er nauðsynleg sem og gott vald á úrvinnslu og framsetningu texta og upplýsinga, m.a. í skýrslum
- Mjög gott vald á íslensku og ensku í rituðu og töluðu máli er nauðsyn
- Frumkvæði, skipulögð og nákvæm vinnubrögð og sjálfstæði í starfi
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar veitir **Guðjón Atlason**, framkvæmastjóri mannvirkja- og leiðsögusviðs í síma **480 6000**.

Í boði eru spennandi störf hjá metnaðarfullri stofnun í alþjóðlegu umhverfi. Við bjóðum uppá góða starfsaðstöðu og frábæra vinnufélaga.

### Umsóknarfrestur er til og með 26. júní 2017

Hægt er að sækja um störfin rafrænt á **www.samgongustofa.is/storf**. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Samgöngustofa áskilur sér rétt til þess að hafna öllum umsóknum. Umsóknir gilda í a.m.k. sex mánuði ef staða losnar á ný. Starfskjör eru í samræmi við kjarasamning ríkisins og viðkomandi stéttarfélags. Samgöngustofa hvetur jafnt konur sem karla til að sækja um þessar stöður.

**Hjá Samgöngustofu hlakka um 140 öflugir starfsmenn til þess að þú bætist í hópinn. Lögð er áhersla á jákvæðan og skemmtilegan starfsanda, frumkvæði og þátttöku, auk þess sem mötuneytið er frægt fyrir frábæran mat. Samgöngustofa er stjórnsýslustofnun samgöngumála sem annast eftirlit með flugi, siglingum og umferð. Á hverjum degi erum við að læra hvert af öðru og sinna viðskiptavinum af kostgæfni með það að markmiði að verða betri og betri.**

**Frekari upplýsingar** um Samgöngustofu er að finna á vef stofnunarinnar **www.samgongustofa.is**

Samgöngustofa

samgongustofa.is | Ármúli 2 | 108 Reykjavík | Sími 480 6000

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 17-1708

# FJÁRMÁLASTJÓRI

A4

**A4 leitar að fjármálastjóra til að hafa yfirumsjón með fjármálum fyrirtækisins.**
**Fjármálastjóri er jafnframt staðgengill forstjóra.**

HELSTU VERKEFNI:

- Dagleg fjármálastjórn fyrirtækisins og verslana
- Áætlanagerð og eftirfylgni
- Umsjón með upplýsingagjöf til stjórnenda
- Ábyrgð á fjárstýringu, greiðsluflæði og innheimtu
- Mánaðaruppgjör og undirbúningur uppgjörs til endurskoðenda
- Kostnaðareftirlit sem og virk þátttaka í stefnumótun

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:

- Háskólapróf í viðskiptafræði eða sambærileg menntun, framhaldsmenntun er kostur
- Reynsla af fjármálastjórastarfi
- Reynsla/þekking á uppgjörum, kostnaðareftirliti og gerð rekstraráætlana
- Faglegur metnaður og hæfni til að miðla upplýsingum
- Góðir skipulags- og leiðtogahæfileikar
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Hæfni í samskiptum

A4 er framsækið fyrirtæki sem leggur metnað sinn í að vera í fararbroddi á sviði skrifstofu-, skóla-, föndur- og hannyrðavara.
Fyrirtækið er stolt af því að geta boðið upp á heimsþekkt vörumerki sem eiga það öll sameiginlegt að vera í háum gæðaflokki.
A4 leggur áherslu á góða og trausta þjónustu við viðskiptavini.
Hjá fyrirtækinu starfa um 100 manns.
www.a4.is.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Agla Sigr. Björnsdóttir, agla@radum.is.
Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Ráðum www.radum.is.

ráðum ráðningarstofa

**Umsóknarfrestur er til og með 18. júní nk.**

**RÁÐUM EHF** • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is

---

# VILT ÞÚ VERÐA **HLUTI** AF GÓÐU **FERÐALAGI**?

Hjá Isavia starfar öflugur hópur fólks sem allt hefur það að markmiði að vera hluti af góðu ferðalagi þeirra sem fara um flugvelli félagsins og íslenska flugstjórnarsvæðið.

Nú vantar okkur fleiri til að vera hluti af góðu ferðalagi með okkur.

## **SÉRFRÆÐINGUR**
## Á FJÁRMÁLASVIÐ

Helstu verkefni eru umsjón með inn- og útflutningi, tollskýrslugerð, samskipti við flutningsaðila og eftirlit með vörumóttöku og dreifingu.

**Menntun og hæfniskröfur:**

- Reynsla af sambærilegum verkefnum
- Góð þekking á alþjóðlegum flutningsskilmálum
- Þekking á tollalögum og almennum flutningsferlum
- Góð tölvukunnátta
- Mjög góð færni í íslensku og ensku, bæði í töluðu og rituðu máli

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ingi Erlingsson, deildarstjóri fjárreiðudeildar, í netfanginu **ingi.erlingsson@isavia.is**

Jafnlaunaúttekt PwC

Isavia hlaut gullmerki PwC fyrir launajafnrétti í jafnlaunaúttekt PwC 2015 og 2016. Við erum stolt af þeirri niðurstöðu og er hún í takt við jafnréttisáætlun félagsins sem hefur það að markmiði að nýta hæfni, krafta og kunnáttu starfsmanna til fulls án þess að kynbundin mismunun eigi sér stað.



**Hringur** er flugumferðarstjóri í flugstjórnarmiðstöðinni í Reykjavík. Hann er hluti af góðu ferðalagi.

HVÍTA HÚSIÐ — SÍA 2017

STARFSSTÖÐ:
**REYKJAVÍK**

UMSÓKNARFRESTUR:
**25. JÚNÍ 2017**

UMSÓKNIR:
**ISAVIA.IS/ATVINNA**

isavia

# Áhugaverð störf hjá PCC BakkiSilicon



**Framkvæmdir við kísilver PCC á Bakka við Húsavík eru núna langt komnar. Kísilverið verður búið bestu og reyndustu tækni sem fáanleg er í dag.**

**Áætlað er að gangsetning hefjist í desember 2017. Hjá PCC BakkiSilicon munu starfa um 110 manns með ýmiss konar bakgrunn og menntun.**

**Áhugi og áhersla á heilsu-, öryggis- og umhverfismál er mjög mikilvægur þáttur í þessum störfum.**

**Unnið er eftir jafnréttisáætlun og hvetjum við konur jafnt sem karla til að sækja um.**

Næsta haust verða tilbúin til afhendingar falleg parhús sem standa starfsmönnum fyrirtækisins til boða að leigja á sanngjörnu verði. Í fyrsta áfanga verða húsin 22 og nokkru seinna er gert ráð fyrir 20 parhúsum til viðbótar.

Húsin eru byggð á mjög fallegu svæði í suðurhluta Húsavíkurbæjar með einstakt útsýni yfir Skjálfandaflóa og Kinnarfjöllin.

Stutt er yfir á golfvöll Húsavíkur auk þess eru skemmtilegar gönguleiðir í nágrenni svæðisins.

## Bókari

Viðkomandi starfsmaður sér um bókun reikninga, afstemmingar og önnur tilfallandi verkefni. Hann kemur að uppgjörsmálum og vinnur náið með öðrum starfsmönnum fjármáladeildar.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Reynsla af bókhaldi
- Almenn tölvufærni
- Talnagleggni
- Færni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæði í starfi

## Innkaupafulltrúi

Meðal verkefna er að aðstoða við innkaup og birgðastýringu. Einnig samskipti við flutningsaðila og innlenda og erlenda birgja ásamt vinnslu og eftirfylgni pantana.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Reynsla af innkaupum
- Góð greiningarhæfni
- Mjög góð tölvu- og bókhaldskunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Rík þjónustulund ásamt vilja til árangurs

## Birgðastjóri

Birgðastjóri ber ábyrgð á allri vörumóttöku og skipulagi á lager. Hann vinnur náið með öllum deildum fyrirtækisins.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Reynsla af vörumóttöku og lagerhaldi
- Góð tölvukunnátta nauðsynleg, kunnátta í Navision er mikill kostur
- Reynsla af verkstjórn kostur
- Lyftarapróf er skilyrði
- Mjög góð samskiptahæfni og þjónustulund

## Aðstoðarmaður á rannsóknarstofu

Starfið felur í sér gæðaeftirlit á framleiðsluvörum fyrirtækisins. Viðkomandi starfsmaður sér um sýnatökur að hluta og efnagreiningar á sýnum. Starfið krefst mikillar nákvæmni og er raungreinabakgrunnur mikill kostur.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Raungreinamenntun
- Reynsla af rannsóknastofustörfum æskileg
- Vandvirkni og nákvæmni í vinnubrögðum
- Mjög góð samskiptahæfni og þjónustulund
- Góð tölvukunnátta

## Iðnaðarmenn

Lögð verður áhersla á áreiðanleika miðað viðhald (RCM), að nýta ástandsgreiningar og fyrirbyggjandi aðferðir til að lágmarka niðritíma á búnaði. Unnið verður eftir viðurkenndum aðferðum við skipulagningu á viðhaldinu. Fagmennska verður höfð í fyrirrúmi og er þetta tækifæri til að taka þátt í spennandi uppbyggingu. Iðnaðarmenn verða ráðnir til að hefja störf frá ágúst 2017.

**Vélvirkjar** sinna margvíslegu viðhaldi. Unnið er í teymum og verkefni hvers og eins eru fjölbreytt. Vélvirkjar munu starfa á dagvöktum og sinna einnig útkallsvöktum (bakvöktum).

**Rafvirkjar** sinna margvíslegum störfum í verksmiðjunni. Unnið er í teymum og verkefni hvers og eins eru fjölbreytt. Rafvirkjar munu starfa á dagvöktum og sinna einnig útkallsvöktum (bakvöktum).

## Framleiðslustarfsmenn

Framleiðslustörfin eru fjölbreytt og til lengri tíma er lögð áhersla á fjölhæfni starfsmanna. Áætlanir gera ráð fyrir átta tíma þrískiptum vöktum á virkum dögum og tólf tíma vöktum um helgar. Hver vakt á frí aðra hverja helgi og valda virka daga. Framleiðslustarfsmenn verða ráðnir til að hefja störf í október og nóvember 2017.



pcc BakkiSilicon



Lind Einarsdóttir

FAST Ráðningar

**Hægt er að sækja um störfin á www.fastradningar.is og einnig er hægt að koma við á skrifstofu PCC BakkiSilicon á Húsavík og fylla þar út umsókn.**

**Allar nánari upplýsingar gefa Laufey Sigurðardóttir laufey.sigurdardottir@pcc.is sími 855-1051 og Lind Einarsdóttir lind@fastradningar.is sími 552-1606.**

**Umsóknarfrestur er til 25. júní nk.**

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

## Kennsluráðgjafi - Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða

**Velferðarsvið Reykjavíkurborgar** auglýsir lausa til umsóknar stöðu kennsluráðgjafa / sérkennsluráðgjafa á Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða.

Langar þig að breyta til og starfa sem kennsluráðgjafi á nýrri þjónustumiðstöð sem er til húsa í miðbæ Reykjavíkur? Á þjónustumiðstöð sem er í mótun og því um að ræða einstakt tækifæri til að taka þátt í uppbyggingu á þjónustu í hverfi og um leið vinna með fjölbreyttum hópi annarra fagmanna að málefnum skóla, nemenda og fjölskyldna í stærsta skólahverfi borgarinnar.

Tækifærið er núna, því að laus er staða kennsluráðgjafa á Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Ráðgjöf við grunnskóla um kennsluhætti, þróun og skipulag skólastarfs
- Ráðgjöf vegna einstakra barna með þroskafrávik og barna sem eru í námslegum og/eða félagslegum vanda
- Ráðgjöf og aðstoð við gerð starfsáætlana í grunnskólum
- Umsjón með ýmiskonar samstarfsverkefnum í hverfinu
- Þátttaka og vinna í þverfaglegum teymum innan og utan þjónustumiðstöðvar
- Samvinna við samstarfsaðila og hagsmunasamtök

**Hæfniskröfur**
- Kennaramenntun og framhaldsnám sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla á starfi grunnskóla
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfileikar
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Áhugi á þróun þverfaglegs starfs innan og utan þjónustumiðstöðvarinnar
- PMTO menntun eða reynsla af starfi SMT skóla væri kostur

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkur og viðkomandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Arna Björk Birgisdóttir deildarstjóri í síma 411-1600 eða í gegnum netfangið arna.bjork.birgisdottir@reykjavik.is

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf

**Umsóknarfrestur er til 24. júní nk.**

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavikurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

60 ÁRA 2016

REYKJAFELL



## Sölumaður í iðnstýrideild

Reykjafell · Sími 588 6000 **reykjafell.is**

Við leitum að jákvæðum og lausnarmiðuðum einstaklingi til starfa í iðnstýrideild Reykjafells. Vinnutími er frá 08.00 -17.00. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

**Helstu verkefni**
- Sala á rafbúnaði
- Tilboðsgerð
- Ráðgjöf til viðskiptavina og verkfræðistofa
- Sjá um móttöku erlendra birgja
- Sjá um innkaup og innsetningu vara á heimasíðu
- Halda kynningar og námskeið á vörum
- Sækja námskeið og sýningar innanlands sem utan

**Menntun og hæfniskröfur**
- Sveinspróf í rafvirkjun og/eða rafeindavirkjun
- Reynsla á sviði iðnstýringa æskileg
- Góðir samskiptahæfileikar
- Góð enskukunnátta
- Metnaður til að takast á við áskoranir

Reykjafell hf er einn af stærstu innflutningsaðilum á sviði rafbúnaðar á Íslandi. Við erum framsækið fyrirtæki og leitum að starfsmanni til að starfa með skemmtilegum hópi í krefjandi umhverfi. Hjá okkur eru 34 starfsmenn við sölu-, lager- og skrifstofustörf.

- **Nánari upplýsingar veitir Ottó í síma 575 6626**
- **Umsóknir sendist á otto@reykjafell.is**
- **Umsóknarfrestur er til og með 23. júní**

UMSÓKNAR-FRESTUR 23. júní

LÝSING · AFLDREIFING · RAFLAGNIR · IÐNSTÝRINGAR

## Hafnarfjörður Bílstjóri /Lagerstarf

**Danco Heildverslun leitar að duglegum og ábyrgðarfullum einstaklingum við útkeyrslu og lagerstörf. Ráðning strax.**

**Hæfniskröfur:**
- Reynslu af afgreiðslu- og lagerstörfum.
- Skipulagshæfni
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi

Æskilegt er að viðkomandi sé eldri en 22 ára og geti hafið störf sem fyrst.

**Umsóknir sendist til siggi@danco.is**

DANCO

## Nám í áfengis- og vímuefnaráðgjöf

Lausar eru til umsóknar stöður nema í áfengis- og vímuefnaráðgjöf við Sjúkrahúsið Vog. Starfshlutfall er 100%. Um vaktavinnu er að ræða.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
Námið fer fram á heilbrigðisstofnunum SÁÁ þar sem áfengis- og vímuefnaráðgjafanemar fá starfs- og námsaðlögun auk kennslu. *Sjá nánar á www.saa.is.*

**Hæfniskröfur**
- Stúdentspróf
- Góð færni í mannlegum samskiptum og skipulögð vinnubrögð

Kjör fara eftir kjarasamningi SÁÁ og SFR. Til að sækja um þarf að senda ferilskrá þar sem fram koma upplýsingar um menntun og fyrri störf, hvers vegna þú hefur áhuga á starfinu og meðmælendur. Umsóknum skal skilað á Sjúkrahúsið Vog, Stórhöfða 45, 110 Reykjavík eða í tölvupósti á: ingunnh@saa.is.

**Nánari upplýsingar veitir**
Ingunn Hansdóttir, yfirsálfræðingur SÁÁ, s. 8247608, netfang: ingunnh@saa.is.

SÁÁ

## Staða sálfræðings laus til umsóknar

Laus er til umsóknar afleysingarstaða sálfræðings við Unglingadeild Sjúkrahússins Vogs. Starfshlutfall er 100% til eins árs. Staðan er laus nú þegar.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
Þátttaka í einstaklingsmiðaðri meðferðarvinnu og þjónustu við sjúklinga auk þverfaglegrar samvinnu.

**Menntun og hæfniskröfur**
- Réttindi til að starfa sem sálfræðingur á Íslandi
- Áhugi og reynsla af störfum með unglingum ásamt áfengis- og vímuefnamálum æskileg.
- Góð færni í mannlegum samskiptum og skipulögð vinnubrögð
- Þekking, reynsla og áhugi á einstaklingsmiðaðri meðferðarvinnu er æskileg
- Þekking og reynsla í hugrænni atferlismeðferð og áhugahvetjandi samtalstækni

Kjör fara eftir kjarasamningi SÁÁ og Sálfræðingafélags Íslands. Umsóknum ásamt upplýsingum um menntun og starfsferil skal skilað á Sjúkrahúsið Vog, Stórhöfða 45, 110 Reykjavík eða í tölvupósti á netfangið ingunnh@saa.is eigi síðar en 9. júní 2017.

**Nánari upplýsingar veitir**
Ingunn Hansdóttir, yfirsálfræðingur SÁÁ í síma 530 7600, netfang: ingunnh@saa.is

SÁÁ

FRAKT
FLUTNINGSMIÐLUN

## Þjónustufulltrúi

Frakt flutningsmiðlun leitar að kraftmiklum og metnaðarfullum þjónustufulltrúa í fullt starf. Frakt flutningsmiðlun er alhliða flutningsfyrirtæki sem sérhæfir sig í vöruflutningum milli landa, ásamt tengdri þjónustu.

**Helstu verkefni**

- Vörustýring fyrir viðskiptavini
- Innlend og erlend samskipti
- Teymisvinna
- Önnur tilfallandi verkefni

**Hæfniskröfur**

- Reynsla af þjónustustörfum og/eða flutningastarfsemi æskileg
- Góð enskukunnátta
- Sjáfstæð og öguð vinnubrögð
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar og vilji til að starfa í teymi
- Góð tölvukunnátta

Nánari upplýsingar veitir Arnar Bjarnason í netfanginu arnar@frakt.is
**Umsóknarfrestur er til 19.júní 2017.**

Umsóknum skal skilað til Frakt flutningsmiðlunar ehf, Sundagörðum 2, 104 Reykjavík eða til arnar@frakt.is.
Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á frakt.is




**Vegna aukinna umsvifa fyrirtækjanna óskum við eftir að ráða til okkar vélvirkja, rafvirkja, stálsmiði og rafsuðumenn.**

Einnig kemur til greina að ráða verkamenn sem hafa reynslu af fyrrgreindum störfum.
Í boði er góð vinnuaðstaða, lifandi starfsumhverfi og góður vinnuandi hjá spennandi nýsköpunarfyrirtæki.
Einungis er um framtíðarstörf að ræða. Gert er ráð fyrir ráðningu sem fyrst.

Upplýsingar um starfsemina má finna á **www.skaginn3x.com.**

**Nánari upplýsingar gefur Árni Ingólfsson í síma 861-3988 en umsóknir skulu berast á netfangið job@skaginn3x.com fyrir 18. júní nk.**

Systurfyrirtækin Skaginn hf., Þorgeir og Ellert hf. á Akranesi og 3X Technology ehf. á Ísafirði mynda saman Skaginn 3X. Fyrirtækin framleiða og selja sérsniðnar hátæknilausnir fyrir matvælaiðnað á alþjóðamarkaði og er viðskiptavinina að finna víðsvegar um heiminn. Tæknistigið er hátt og starfsmenn eru rúmlega 180 talsins í starfsstöðvum sem eru um 14.000 $m^2$ að stærð. Starfsemin hefur vaxið mjög síðustu misseri en frumkvöðla- og nýsköpunarandinn hefur viðhaldist allt frá fyrsta degi. Áhersla er enn sem fyrr lögð á að bjóða gæðavörur og ryðja braut nýrrar tækni sem færir viðskiptavinum og umhverfinu verulegan ávinning.
**Skaginn 3X hlaut nýlega Útflutningsverðlaun forseta Íslands og Nýsköpunarverðlaun Íslands.**

SKAGINN 3X

# Kerfisstjóri

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

**Ríkislögreglustjóri auglýsir 100% starf kerfisstjóra í upplýsingatæknideild.**

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Ráðið er í starfið til reynslu til 6 mánaða með möguleika á fastráðningu að reynslutíma loknum.

### HELSTU VIÐFANGSEFNI

- Dagleg umsjón með netþjónum og uppsetningu útstöðva auk þjónustu við notendur.
- Dagleg umsjón með kerfisrekstri lögreglunnar.
- Umsjón með símkerfi lögreglu.
- Að fylgjast með nýmælum og framförum á sviði tölvu- og símamála og kynna þau.
- Ýmis önnur verkefni frá stjórnendum embættisins.

### NÁNAR UM STARFIÐ

Umsókn skal fylgja starfsferilskrá ásamt kynningarbréfi og afriti prófskírteina.

Starfsmaður þarf að standast bakgrunnsskoðun sbr. 28. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996 og 24. gr. varnarmálalaga nr. 34/2008 og 20. gr. reglugerðar nr. 959/2012, sbr. einnig 30. og 31. gr. reglugerðarinnar.

Laun eru samkvæmt núgildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags. Í takt við jafnréttisáætlun lögreglu eru konur sérstaklega hvattar til að sækja um.

### STARFSUMHVERFIÐ

Ríkislögreglustjóri er fjölbreyttur vinnustaður þar sem leitast er við að tryggja öryggi og gott starfsumhverfi. Við tölvu- og upplýsingatæknideild RLS, Skúlagötu 21, starfa í dag 7 starfsmenn. Deildin hefur m.a. umsjón með lokuðu tölvuneti, þróun sérstakra hugbúnaðarlausna, gagnatengingar við samstarfsaðila erlendis og aðstoð við notendur.

### HÆFNIS– OG MENNTUNARKRÖFUR

- Umsækjandi skal hafa víðtæka reynslu og þekkingu á hugbúnaði og lausnum frá Microsoft, s.s. MS SQL, MS Windows Server og MS Exchange.
- Víðtæk reynsla og þekking á netrekstri.
- Hæfni í samskiptum og góð kunnátta í íslensku og ensku, bæði í töluðu og rituðu máli.
- Gerð er krafa um að umsækjandi hafi kerfisstjóramenntun og/eða prófgráður frá Microsoft.

### UMSÓKNIR

Frestur er til og með 25. júní 2017. Umsóknir merktar „Kerfisstjóri" berist til Ríkislögreglustjóra, Skúlagötu 21, eða á starf@rls.is.

Upplýsingar veita Árni E. Albertsson og Thelma Cl. Þórðardóttir í síma 444 2500. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, sbr. 2. gr. reglna nr. 464/1996, um auglýsingar á lausum störfum með síðari breytingum.

MEÐ LÖGUM SKAL LAND BYGGJA

# Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi

**www.hagvangur.is**

## Trésmiðir óskast

Húsasmíði

Húsasmíði óskar eftir að ráða vana smiði eða reynslumikla byggingarverkamenn til starfa. Mikil vinna framundan. Íslensku- eða enskukunnátta nauðsynleg.

**Nánari upplýsingar í netpósti sigvilli@simnet.is**

Vopnafjarðarskóli

## Vopnafjarðarskóli auglýsir

Vopnafjarðarskóli auglýsir eftir kennara fyrir yngsta stig og íþróttakennara. Skólinn er heilsueflandi grunnskóli og er með fleiri íþróttatíma en venjulegt er. Við skólann er ágætt íþróttahús með heilsurækt. Möguleikar eru á íþróttaþjálfun samhliða íþróttakennslunni.

***Upplýsingar hjá skólastjóra í síma 8614256, adalbjorn@vopnaskoli.is og aðstoðarskólastjóri í síma 8489768, sirra@vopnaskoli.is***




## Slökkviliðið leitar að deildarstjóra

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins vill ráða deildarstjóra til starfa á aðgerðasviði. Á því starfa um 140 starfsmenn, stærsti hlutinn á vöktum.

Starfið heyrir undir varaslökkviliðsstjóra og felur í sér mannaforráð. Um fullt starf í dagvinnu er að ræða og viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

**Starfssvið og helstu verkefni**

- Þátttaka í daglegum verkefnum aðgerðasviðs.
- Skipulag og eftirfylgni á faglegri starfsemi sviðsins.
- Starfsmannamál sem upp koma á vöktum.
- Skipulag símenntunar og þjálfunar.
- Þátttaka í stefnumótun og áætlanagerð sviðsins.
- Samskipti við hagsmunaaðila og aðkoma að þjónustusamningum.
- Ráðgjöf til aðildarsveitarfélaga um bruna- og öryggismál.
- Vinna við almannavarnir og aðgerðastjórn.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Menntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af rekstri, stjórnun og mannaforráðum nauðsynleg.
- Fagleg þekking á viðfangsefnum slökkviliðs.
- Forystu-, skipulags- og samskiptahæfileikar.
- Mjög góð tölvukunnátta og þekking á algengum hugbúnaði.
- Tungumálakunnátta og hæfni til að setja fram mál í ræðu og riti.
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.
- Þekking á starfsemi sveitarfélaga.
- Gott líkamlegt atgervi.

**Nánari upplýsingar** veitir Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri á skrifstofutíma í síma 528 3000 eða í netfanginu jvm@shs.is. Umsóknir ásamt ferilskrá berist Ingibjörgu Óðinsdóttur mannauðsstjóra í netfangið ingibjorgo@shs.is fyrir 26. júní nk. Öllum umsóknum verður svarað.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins (SHS) er byggðasamlag sem sinnir slökkvistarfi, sjúkraflutningum, viðbrögðum við mengunaróhöppum, forvörnum, almannavörnum og öðrum verkefnum sem stjórn SHS ákveður hverju sinni og varða velferð íbúa.

Að rekstri SHS standa sex sveitarfélög; Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarbær, Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarnes. Framkvæmdastjórar sveitarfélaganna skipa stjórn SHS.

**Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins – Skógarhlíð 14 – S: 528 3000 – www.shs.is**

## Sölumaður í söludeild við Breiðhöfða

**SUMARSTARF**

- Skemmtilegt og krefjandi sölustarf í fallegu umhverfi.
- Helstu verkefni: Sala á hellum og garðeiningum, tilboðsgerð og ráðgjöf til viðskiptavina.
- Viðkomandi þarf að hafa þjónustulund og áhuga á sölumennsku.

Umsækjendur sendi umsókn ásamt ferilskrá á netfangið **asbjorn@bmvalla.is**.

Umsóknarfrestur er til 15. júní.

**bmvalla.is**

BM·VALLÁ

## Staða sérfræðilæknis laus til umsóknar

Staða sérfræðilæknis á sjúkrahúsinu Vogi er laus til umsóknar. Starfið, reynsla og þjálfun, nýtist læknum í flestum sérgreinum.Starfshlutfall er 100% en hlutastarf kemur til greina. Staðan er laus nú þegar eða eftir samkomulagi.

**Helstu verkefni og ábyrgð**

Þátttaka í daglegri læknisþjónustu með vaktaskyldu á Sjúkrahúsinu Vogi og öðrum starfsstöðum SÁÁ. Fjölbreytt og gefandi starf við fíknlækningar. Samskipti og þjónusta við sjúklinga, kennsla og þverfaglegt samvinna á sérhæfðu sjúkrahúsi.

**Hæfniskröfur**

- Fullgild sérfræðiréttindi
- Góð færni í mannlegum samskiptum og skipulögð vinnubrögð

Kjör fara eftir kjarasamningi fjármálaráðherra og Læknafélags Íslands. Umsóknum skal skilað á Sjúkrahúsið Vog, Stórhöfða 45, 110 Reykjavík eða í tölvupósti á saa@saa.is

**Nánari upplýsingar veitir**
Valgerður Rúnarsdóttir, forstjóri
s. 824 7602, netfang: valgerdurr@saa.is

SÁÁ



# Fjármálasvið Fjarðabyggðar auglýsir eftir starfsmönnum

**Helstu verkefni:**

· Vinna við fjárhagsbókhald Fjarðabyggðar, bókanir, skráningar, afstemmingar og uppgjör
· Reikningagerð, skráningar og upplýsingagjöf fyrir veitufyrirtæki Fjarðabyggðar
· Kostnaðareftirlit og greiningarvinna á rekstri stofnana og fyrirtækja Fjarðabyggðar

**Helstu menntunar- og hæfniskröfur:**

· Stúdentspróf eða sambærilegt próf og/eða mikil starfsreynsla nauðsynleg
· Viðskiptamenntun á háskólastigi mikill kostur
· Þekking og reynsla af Excel og bókhaldskerfum

Nánari upplýsingar má finna á vef Fjarðabyggðar
www.fjardabyggd.is
undir *Laus störf*

FJARÐABYGGÐ
fjardabyggd.is

Jafnlaunaúttekt PwC 2016

# MATRÁÐUR EÐA ÁSTRÍÐUKOKKUR

▶ Við leitum að einstaklingi með ástríðu fyrir matargerð, til að útbúa hollan og góðan mat fyrir starfsfólkið okkar.

Vegna leyfis matráðs leitum við að jákvæðum einstaklingi til að sjá um daglegan rekstur mötuneytis og matreiða hollan og góðan hádegisverð fyrir starfsfólk. Afleysingin er til eins árs og starfshlutfall allt að 80%.

## Starfssvið

- Matseld fyrir starfsfólk, með hollustu, heilbrigði og hreinlæti að leiðarljósi
- Umsjón með innkaupum og daglegum rekstri mötuneytis
- Að halda utan um þjónustu mötuneytis, kaffiþjónustu og gerð matseðla

## Menntunar- og hæfnikröfur

- Menntun og/eða starfsreynsla á sviði matreiðslu fyrir mötuneyti eða stærri hópa
- Reynsla af innkaupum og daglegum rekstri mötuneyta æskileg
- Stundvísi, reglusemi og færni í samskiptum
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Áhugi á matreiðslu og vilji til að stuðla að jákvæðri matarmenningu

Umsjón með starfinu hafa Ingibjörg Sigrún Stefánsdóttir framkvæmdastjóri rekstrarsviðs (ingibjorg@fme.is) og Árni Ragnar Stefánsson mannauðsstjóri (arni@fme.is).

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is, eða á www.starfatorg.is.

Umsóknarfrestur er til og með 26. júní. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu er rökstudd.

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND



# Forstöðumaður - ertu ON?

Orka náttúrunnar leitar að öflugum leiðtoga í starf forstöðumanns. Viðkomandi verður hluti af stjórnendateymi fyrirtækisins og mun bera ábyrgð á sölu til stórnotenda og þróun viðskiptatækifæra. Spennandi verkefni eru framundan og starfið er tækifæri fyrir aðila sem hefur metnað til að vera í fararbroddi hjá framsæknu orkufyrirtæki.

**Starfs- og ábyrgðarsvið:**

- Leiða og styðja öflugan hóp starfsmanna
- Ábyrgð á kaup og sölu orku til fyrirtækja og annarra stórnotenda
- Leiða viðskiptaþróun í tengslum við fjölnýtingu jarðvarma
- Ábyrgð á greiningu orkumarkaðar og viðskiptatækifæra
- Mótun og framfylgd stefnu og framtíðarsýnar

**Menntunar- og hæfnikröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Reynsla af stjórnun viðskiptasamninga
- Samskiptahæfileikar, greiningarhæfni, metnaður, frumkvæði og heilindi

Við hvetjum jafnt konur sem karla til að sækja um starfið.

Umsókn um starfið þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar. Tekið er á móti umsóknum á ráðningarvef Orku náttúrunnar, **starf.on.is**. Nánari upplýsingar veitir Ásdís Eir Símonardóttir, mannauðssérfræðingur, **starf@on.is**.

Orka náttúrunnar framleiðir og selur rafmagn til allra landsmanna á samkeppnishæfu verði. Við viljum nýta auðlindir af ábyrgð og nægætni og bæta lífsgæðin í nútíð og framtíð.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

**Umsóknarfrestur:**
Til og með 21. júní 2017

**ORKA NÁTTÚRUNNAR**
Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík · Sími 591 2700 · www.on.is

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN · Jafnlaunaúttekt PwC 2016 · 2015 UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS FRAMTAK ÁRSINS

ORKA NÁTTÚRUNNAR




# Getum bætt við hjúkrunarfræðingum í okkar frábæra starfsmannahóp á Hrafnistu í haust

Starfshlutfall er samkomulag. Þekking, reynsla, frumkvæði og ánægja starfsmanna Hrafnistuheimilanna tryggir gæði þeirrar þjónustu sem veitt er.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Íslenskt hjúkrunarleyfi
- Nemar skila inn námsframvindu
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Sveigjanleiki og sjálfstæð vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar og jákvætt viðmót

**Nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðu Fast ráðninga, www.fastradningar.is. Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt með því að fylla út umsóknarform á heimasíðu Fast ráðninga.**
**Sigrún Stefánsdóttir veitir frekari upplýsingar fyrir Hrafnistu í Reykjavík í síma 664-9400.**
**Árdís Hulda Eiríksdóttir fyrir Hrafnistu í Hafnarfirði í síma 693-9502.**
**Hrönn Ljótsdóttir fyrir Hrafnistu í Garðabæ í síma 664-9550.**
**Rebekka Örvar fyrir Hrafnistu Kópavogi í síma 664-9552 eða rebekka.orvar@hrafnista.is**

das HRAFNISTA
Reykjavík | Hafnarfjörður
Kópavogur | Reykjanesbær | Garðabær

---

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja
HSS

**Staða framkvæmdastjóra hjúkrunar við Heilbrigðisstofnun Suðurnesja (HSS) er laust til umsóknar. Starfshlutfall er 100%. Staðan veitist frá 1. júlí 2017, eða eftir samkomulagi.**

**Heilbrigðisstofnun Suðurnesja**

# Framkvæmdastjóri hjúkrunar

Á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja eru þrjú svið; heilsugæslusvið, sjúkrasvið og hjúkrunarsvið. Starfsstöðvar eru í þremur sveitarfélögum; Grindavík, Reykjanesbæ og Vogum. Íbúafjöldi upptökusvæðisins, sem er Reykjanesið, er um 24.000 íbúar. Velta HSS er um 3 milljarðar og starfsmenn tæplega 300 í tæplega 200 stöðugildum.
Samstarf er við háskóla og framhaldsskóla um menntun nema í heilbrigðisgreinum og vísindarannsóknum.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Ber ábyrgð á að móta sýn og markmið hjúkrunar
- Fagleg forysta um hjúkrun og starfsþróun hjúkrunarfræðinga, ljósmæðra og sjúkraliða
- Yfirsýn og mótun skipulags fyrir heilsugæslu-, sjúkrahús- og hjúkrunarþjónustu á öllum starfstöðvum
- Ber einnig að efla faglega þróun allra annarra heilbrigðisstétta í samvinnu við aðra framkvæmdastjóra
- Samhæfing á sviði heilsueflingar, forvarna og hjúkrunarþjónustu.
- Stefnumótun, markmiðasetning og árangursmælingar
- Uppbygging og samnýting mannauðs og liðsheildar ásamt ábyrgð á starfsmannamálum
- Ábyrgð á áætlanagerð og rekstri.
- Efling á kennslu, endurmenntun og uppbygging sérhæfingar í hjúkrun
- Innleiðing nýjunga
- Framkvæmdastjóri hjúkrunar heyrir beint undir forstjóra og á sæti í framkvæmdastjórn

**Menntunar og hæfniskröfur**
- Íslenskt hjúkrunarleyfi
- Viðbótar- eða framhaldsmenntun sem nýtist í starfi er æskileg
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Brennandi áhugi á þróun þjónustunnar
- Leiðtogahæfni og geta til að hvetja aðra til árangurs
- Farsæl stjórnunar- og rekstrarreynsla
- Hæfni í mannlegum samskiptum og miðlun upplýsinga í ræðu og riti
- Frumkvæði, áreiðanleiki, drifkraftur, þrautseigja og árangursmiðað viðhorf.
- Reynsla af umbótaverkefnum, teymisvinnu og breytingastjórnun í heilbrigðisþjónustu er æskileg

**Frekari upplýsingar um starfið**
Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og hlutaðeigandi stéttarfélags.
Umsóknum skal skilað rafrænt á umsóknareyðublaði sem fæst á: www.hss.is undir **„Laus störf“.**
Umsóknum skulu fylgja ítarlegar og staðfestar upplýsingar um nám, fyrri störf og reynslu af stjórnun og rekstri.
Stöðunefnd framkvæmdastjóra hjúkrunar, skv. 36. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007, metur hæfni umsækjenda.

Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu á innsendum gögnum, umsögn stöðunefndar, viðtölum og umsögnum.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Við ráðningar í störf er tekið mið af jafnréttisstefnu HSS. **Umsóknarfrestur er til og með 12. júní 2017.**

Nánari upplýsingar. Allar nánari upplýsingar um starfið veitir Halldór Jónsson, forstjóri, netfang: halldor@hss.is eða í síma 422 0500.

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja er reyklaus vinnustaður. Gildi HSS: **Umhyggja – Fagmennska – Virðing**

---

## Rýmd ehf óskar eftir að ráða sveina til starfa.

Spennandi og krefjandi verkefni framundan.

Starfið býður upp á fjölbreytt starfsumhverfi í samvinnu við góðan hóp starfsmanna. Viðkomandi verður að geta hafið störf fljótlega.

Fyrirspurnir sendist á netfangið **sissi@rymd.is** eða hafa samband við Sigstein í síma **767 0901**

Rýmd
Rafverktakar

---

Reykjavíkurborg
NORÐLINGASKÓLI

## Viltu kenna í kraftmiklu og metnaðarfullu starfsumhverfi?

**Norðlingaskóli auglýsir eftir umsjónarkennurum á yngsta stigi og miðstigi og eftir sérkennara á miðstigi.**

Í skólanum er einstaklega góður starfsandi og þar starfar metnaðarfullur hópur kennara. Við skólann er lögð áhersla á teymisvinnu starfsfólks, einstaklingsmiðað nám, samkennslu árganga, nýtingu umhverfisins í kennslu og mikið samstarf við heimilin sem standa að skólanum.

**Umsóknarfrestur er til 15. júní og starfið er laust frá 1. ágúst.**
Upplýsingar um starfið eru á ráðningarvef Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf og skal umsóknum skilað þar.

Allar helstu upplýsingar um Norðlingaskóla er að finna á heimsíðu skólans, www.nordlingaskoli.is.

***Nánari upplýsingar veitir Aðalbjörg Ingadóttir, skólastjóri Norðlingaskóla í síma 6648446 og í tölvupósti adalbjorg.ingadottir@rvkskolar.is***

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

---



## GETUR VERIÐ AÐ VIÐ SÉUM AÐ LEITA AÐ ÞÉR?

Tískan var að opna glæsilega kvenmannsverslun að Skipholti 21 og við erum að leita að hressum samstarfsvinkonum sem njóta þess að gleðja aðra. Hafir þú áhuga á fatnaði og fólki, þá viljum við heyra í þér.

Sendu okkur póst með ferilskrá og mynd á **umsoknir@tiskan.is**

Tískan
*Skipholti 21, 105 Reykjavík*
*Sími 551 0770 | www.tiskan.is*

BASLER MaxMara BRAX

## Löggiltur rafvirkjameistari er að leita að vinnu eða verkefnum

Td. sem undirverktaki, rafvirkjameistari fyrir byggingarverktaka/fyrirtæki, verkstjórn, verkefnastjórn eða önnur störf. Áratuga farsæl reynsla sem rafverktaki og atvinnurekandi.
straumur@gmail.com S:763 9757




**Vegna mikilla anna leitar Blue Lagoon spa að metnaðarfullum snyrtifræðingi og reyndum faglærðum nuddara til starfa.**

Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilskrá, mynd og meðmælendum til: thorny@bluelagoonspa.is fyrir 20.júní.

HREYFING | BLUE LAGOON ICELAND

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

# Staða leikskólastjóra við leikskólann Borg

**Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir stöðu leikskólastjóra í Borg.**

Borg er sex deilda leikskóli sem rekinn er á tveimur starfsstöðum, við Maríubakka og Fálkabakka í Breiðholti. Leiðarljós í starfi leikskólans eru jákvæð samskipti og gleði. Unnið er eftir hugmyndafræði PBS um stuðning við jákvæða hegðun. Borg er Grænfánaskóli og áhersla er lögð á umhverfismennt, heilbrigði og hollt mataræði. Leikskólinn fékk hvatningarverðlaun skóla- og frístundaráðs 2016 fyrir verkefnið *Sumarskóli elstu barna í Bakkahverfi* ásamt Bakkaborg og Breiðholtsskóla og er þátttakandi í verkefninu *Læsi allra mál,* sem er samstarfsverkefni leik- og grunnskóla í Breiðholti.
**Leitað er að einstaklingi sem býr yfir leiðtogahæfileikum og er tilbúinn til að byggja upp öflugt og metnaðarfullt leikskólastarf í Borg.**

**Meginhlutverk leikskólastjóra er að:**
- Vera faglegur leiðtogi leikskólans og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga, reglugerða, aðalnámskrár og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Hafa yfirumsjón með daglegu starfi í leikskólanum.
- Skipuleggja foreldrasamstarf í samvinnu við foreldra og starfsmenn.
- Hvetja til þróunar og nýbreytni í leikskólastarfi.
- Stýra rekstri leikskólans á grundvelli fjárhagsáætlunar.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, svo sem ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Skipuleggja tengsl skólans við ýmsa samstarfsaðila.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Leikskólakennaramenntun og leyfisbréf leikskólakennara.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á leikskólastigi.
- Reynsla af stjórnun æskileg.
- Stjórnunarhæfileikar og vilji til að leita nýrra leiða.
- Þekking á rekstri, áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.
- Sjálfstæði og frumkvæði.

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf til að nota starfsheitið leikskólakennari og greinargerð um framtíðarsýn umsækjanda á starf í leikskólanum.

**Ráðið verður í stöðuna frá 1. september 2017. Umsóknarfrestur er til og með 26. júní 2017.**

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags stjórnenda leikskóla. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, skrifstofustjóri fagskrifstofu leikskólamála, sími 411 1111.
Netfang: ingibjorg.m.gunnlaugsdottir@reykjavik.is

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

# Verkefnastjóri í fjáröflun

Við óskum eftir öflugri, drífandi manneskju með hjartað á réttum stað til að vinna með okkur að fjáröflun og gagnagreiningu á samskiptasviði Rauða krossins á Íslandi. Markaðsmál og kynning á verkefnum koma einnig við sögu.

Ert þú þessi drífandi og hugmyndaríki einstaklingur sem sérð tækifæri í hverju horni?

### Helstu verkþættir
- fjáraflanir
- greiningar á gögnum
- markaðs- og kynningarmál

### Hæfniskröfur
- háskólamenntun sem nýtist í starfi
- góð samskiptahæfni, frumkvæði og sveigjanleiki er skilyrði
- þekking á fjáröflunum
- þekking á gagnagreiningu
- þekking á markaðs- og kynningarmálum
- gott vald á íslenskri og enskri tungu
- góð tölvufærni

› Umsókn ásamt ferilskrá skal senda á hildurbjork@redcross.is fyrir 30. júní.

RAUÐI KROSSINN ICELANDIC RED CROSS

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA – 17-1720

Vinnumálastofnun

# Ráðgjafi á Norðurlandi - eystra

VINNUMÁLA STOFNUN

Vinnumálastofnun óskar eftir að ráða ráðgjafa á þjónustuskrifstofuna á Akureyri. Ráðgjafi þjónustar atvinnuleitendur og atvinnurekendur með það að markmiði að vinna gegn atvinnuleysi. Í starfi sínu þarf ráðgjafi að geta beitt fjölbreyttum aðferðum og myndað tengsl við ólíka aðila til að vinna að hagsmunum atvinnuleitenda og atvinnulífs.

Leitað er eftir einstaklingi sem á auðvellt með að tileinka sér gildi Vinnumálastofnunnar: **Fyrirmyndarþjónusta; Virðing; Áreiðanleiki.** Einnig þarf viðkomandi starfsmaður að vera tilbúinn að takast á við krefjandi verkefni og búa yfir ríkri samskipta- og skipulagshæfni.

**Helstu verkefni:**
- Almenn ráðgjöf og vinnumiðlun.
- Ráðgjöf við náms- og starfsval.
- Skráningar og upplýsingamiðlun.
- Kynningar, starfsleitarfundir og námskeið.
- Koma á og viðhalda tengslum við fyrirtæki.
- Koma á og viðhalda tengslum við ólíka samstarfs- og hagsmunaaðila.

**Menntunar- og hæfnikröfur:**
- Háskólapróf sem nýtist í starfi s.s. á sviði náms- og starfsráðgjafar, félagsráðgjafar, eða önnur menntun á félagssviði.
- Reynsla af ráðgjöf og vinnumiðlun.
- Samskipta- og skipulagshæfni.
- Þekking af atvinnulífi svæðisins er æskileg.

**Umsóknarfrestur er til og með 26. júní 2017.**
Sækja skal um starfið á Starfatorgi: **www.starfatorg.is.**
Starfið er með númerið 201706/1033.

Laun eru samkvæmt stofnanasamningi Vinnumálastofnunar og viðkomandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar veita: Soffía Gísladóttir, forstöðumaður Vinnumálastofnunar á Norðurlandi - eystra og Vilmar Pétursson mannauðsstjóri í síma **515 4800** eða með fyrirspurn á netföngin **soffia.gisladottir@vmst.is** og **vilmar.petursson@vmst.is**

Fyrirmyndarþjónusta | Virðing | Áreiðanleiki

**Vinnumálastofnun** Kringlunni 1, 103 Reykjavík Sími 515 480 **www.vmst.is**

Kría hönnunarstofa | www.kria.is



# Húsvörður

Húsfélagið að Löngulínu 2 í Garðabæ vill ráða húsvörð í hlutastarf (30-35%) auk nokkurra aukaverka eftir samkomulagi. Vinnutími miðast við 3 daga í viku, 4 tíma í senn.

Í húsinu eru 48 íbúðir í þremur stigagöngum ásamt bílgeymslu. Verkefni húsvarðar eru meðal annars: almenn þrif á sameign ásamt umsjón með sorpgeymslu, umhirða um lóð, bílastæði og bílageymslu auk minniháttar viðhalds og endurbóta.

Leitað er að snyrtilegum, laghentum og útsjónarsömum einstaklingi með frumkvæði til úrbóta sem hefur auga fyrir því sem betur má fara.

**Skriflegar umsóknir berist:**
Eignaumsjón hf. Suðurlandsbraut 30, 108 Reykjavík eða starfsumsokn@eignaumsjon.is Umsóknarfrestur er til og með 18. júní 2017.

# SNYRTIFRÆÐINGUR & NUDDARAR



Vegna mikilla anna leitar Blue Lagoon spa að metnaðarfullum snyrtifræðingi og reyndum faglærðum nuddara til starfa.

Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilskrá, mynd og meðmælendum til: thorny@bluelagoonspa.is fyrir 20.júní.

HREYFING | BLUE LAGOON ICELAND



HEILSUGÆSLAN

# Fagstjóri hjúkrunar Heilsugæslunni Garðabæ

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins auglýsir laust til umsóknar starf fagstjóra hjúkrunar við Heilsugæsluna Garðabæ. Fagstjóri hjúkrunar ber ábyrgð á skipulagningu hjúkrunarþjónustu í samráði við svæðisstjóra. Mikil áhersla er lögð á samvinnu milli fagstétta innan stöðvanna og að þjónustuþarfir skjólstæðinga séu ávallt í fyrirrúmi. Um er að ræða krefjandi starf sem reynir á frumkvæði, skipulagshæfileika og samskiptahæfni. Ráðið verður í starfið til 4 ára frá og með 1. ágúst nk. eða eftir nánara samkomulagi. Starfshlutfall er 100%.

**Umsóknarfrestur er til og með 26. júní 2017.**

Heilsugæslan á að vera fyrsti viðkomustaður í heilbrigðisþjónustunni þar sem ólíkum þörfum notenda er mætt og þeim leiðbeint yfir í önnur kerfi heilbrigðisþjónustunnar eftir því sem þörf er á. Flóknari vandamál, þörf fyrir fjölbreyttari úrræði og skortur á sérhæfðu starfsfólki kallar á nýja nálgun í starfsemi heilsugæslustöðva.

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins hefur gert breytingu á skipulagi og rekstri heilsugæslustöðva sem miðar að því að auka þjónustu við notendur, nýta betur fjármuni og að bæta vinnuumhverfi starfsmanna.

Til að gera þjónustuna markvissari er lagt upp með teymisvinnu sem grunnstef í starfsemi stöðva, ásamt innleiðingu aðferða straumlínustjórnunar. Þverfagleg teymi heilbrigðisstarfsfólks munu auðvelda stöðvum að taka á flóknum vandamálum með fjölbreyttum úrræðum.

Í breyttu skipulagi fær starfsfólk aukið sjálfstæði til að móta starfsemina og til að útfæra þjónustu sem mætir þörfum íbúa og uppfyllir um leið kröfur um árangur samkvæmt mælingum og mati.

## *Helstu verkefni og ábyrgð*

- Annast skipulag, verkstjórn og samhæfingu innan fagsviðs ásamt svæðisstjóra, í samræmi við stefnu og markmið Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins
- Er svæðisstjóra innan handar við daglegan rekstur stöðvar og er staðgengill hans
- Er faglegur yfirmaður á sínu sviði
- Sinnir klínísku starfi
- Innleiðir nýjungar og vinnur að breytingum á starfsemi til hagsbóta fyrir skjólstæðinga stöðvar
- Tekur þátt í gerð, innleiðingu og notkun klínískra leiðbeininga
- Stuðlar að góðri vinnustaðamenningu
- Tekur þátt í vísinda-, þróunar- og gæðastarfi
- Skipuleggur kennslu fyrir heilbrigðisstéttir í samráði við fagstjóra lækninga, kennslustjóra og lærimeistara

## *Hæfnikröfur*

- Íslenskt hjúkrunarleyfi er skilyrði
- Framhaldsmenntun í hjúkrun æskileg
- Reynsla af og áhugi á teymisvinnu
- Reynsla af starfi í heilsugæslu er kostur
- Nám og reynsla á sviði stjórnunar æskileg
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Leiðtogahæfni og metnaður til að ná árangri í starfi
- Frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt

## *Nánari upplýsingar*

- Ásmundur Jónasson, s. 520-1800, asmundur.jonasson@heilsugaeslan.is
- Þórunn Ólafsdóttir, s. 585-1300, thorunn.olafsdottir@heilsugaeslan.is

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga. Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar. Leggja skal fram staðfestar upplýsingar um menntun, fyrri störf og reynslu.

Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast til Svövu K. Þorkelsdóttur, mannauðsstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16, 109 Reykjavík. Ákvörðun um ráðningu í starfið byggist á viðtölum við umsækjendur og á innsendum gögnum. Tekið er mið af jafnréttisstefnu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við ráðningar. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Sækja skal um á vef Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (www.heilsugaeslan.is) undir laus störf eða á Starfatorgi (www.starfatorg.is).

**Ábyrgð – Fagmennska – Traust – Þjónusta – Framþróun**



# Verkstæðisformaður

## Verkstæðisformaður Umhverfismiðstöðvar Akureyrar

Umhverfismiðstöð Akureyrar óskar eftir að ráða drífandi einstakling í fjölbreytt starf verkstæðisformanns á vélaverkstæði Umhverfismiðstöðvarinnar. Umhverfismiðstöð sér um rekstur strætisvagna, ferlibíla og gatna- og garðyrkjumál. Verkstæðið er til húsa við Rangárvelli og þar eru almennar viðgerðir á bifreiðum, vélum og tækjum ásamt fjölda annarra verkefna.

**Helstu verkefni eru:**

- Verkstjórn á verkstæði.
- Viðhald á bifreiðum, vélum og tækjum sem eru í eigu Umhverfimiðstöðvar.
- Viðhald malbikunarstöðvar.
- Ábyrgð á innkaupum og rekstri verkstæðisins.
- Tilfallandi verkefni fyrir Umhverfismiðstöð.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Meistararéttindi í bifvélavirkjun, vélsmíði eða vélvirkjun.
- Meirapróf og rúturéttindi.
- Vinnuvélaréttindi er kostur.
- Æskileg er sérþekking á loft-, vökva- og stýrikerfum, sjálfskiptingum og rafmagni.
- Góð þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Sjálfstæði vinnubrögðum og frumkvæði í starfi.
- Gerð er krafa um vammleysi, s.s. að vera með gott orðspor og að framkoma og athafnir á vinnustað og utan hans samrýmist starfinu.

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar, www.akureyri.is þar sem sótt er um rafrænt.

**Umsóknarfrestur er til og með 14. júní 2017**

Akureyri ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001



# Stjórnandi við Öldrunarheimili Akureyrar

Viltu taka þátt í spennandi þróun-og nýsköpun samhliða uppbyggingu EDEN heimilis?
Staða forstöðumanns við Aspar- og Beykihlíð á Öldrunarheimilum Akureyrar (ÖA) er laus til umsóknar. Um fullt starf er að ræða og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf frá 1. september n.k. eða sem fyrst.

Á Öldrunarheimilum Akureyrar fer fram fjölbreytt og áhugaverð starfsemi sem stöðugt er í þróun. Heimilin hafa alþjóðlega viðurkenningu sem EDEN heimili og starfa á grunni EDEN hugmyndafræðinnar sem leggur áherslu á sjálfræði, heimilisbrag og aukin lífsgæði íbúa. Unnið er að innleiðingu þjónandi leiðsagnar.

Öldrunarheimili Akureyrar reka fimm sjálfstæð heimili, tímabundna dvöl auk dagþjálfunar. Heildarfjöldi stöðugilda er um 220.

**Helstu verkefni:**

- Forstöðumaður stjórnar og ber ábyrgð á hjúkrun og umönnun 30 íbúa, daglegum rekstri, áætlanagerð og starfsmannahaldi auk þess sem hann sér um þróun og uppbyggingu heimilanna.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólapróf í hjúkrunarfræði, íslenskt starfsleyfi og löggilding frá Landlæknisembættinu.
- Æskilegt er að viðkomandi hafi lokið framhaldsnámi í stjórnun, öldrunarfræðum eða öðru sambærilegu námi.
- Þekking og reynsla á EDEN hugmyndafræðinni er kostur en vilji til að starfa eftir henni er skilyrði.
- Þekking á hugmyndum og aðferðum þjónandi leiðsagnar er kostur.
- Reynsla af stjórnun er skilyrði.
- Hæfni til stjórnunar, nýsköpunar og innleiðslu nýrra hugmynda og vinnubragða.
- Þekking og reynsla af teymisvinnu er kostur.
- Reynsla og áhugi á öldrunarþjónustu ásamt metnaðarfullri framtíðarsýn á áherslur í mótun öldrunarþjónustu.
- Hæfni í sjálfstæðum vinnubrögðum, frumkvæði og lausnarmiðun og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Góð færni í að nota tölvur og viðeigandi hugbúnað.
- Gott vald á íslensku máli og a.m.k. einu erlendu tungumáli.
- Gerð er krafa um vammleysi, s.s. að vera með gott orðspor og að framkoma og athafnir á vinnustað og utan hans samrýmist starfinu.

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar, www.akureyri.is þar sem sótt er um rafrænt.
**Umsóknarfrestur er til og með 25. júní 2017**

Akureyri ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001

JARÐBORANIR



## MEIRAPRÓFSBÍLSTJÓRI

Jarðboranir hf. óska eftir meiraprófsbílstjóra til starfa á þjónustustöð félagsins. Meðal verkefna er flutningur á tækjum og búnaði til og frá framkvæmdasvæðum félagsins ásamt öðrum tengdum verkefnum bílstjóra.

**Hæfniskröfur**

- Aukin ökuréttindi + trailer réttindi
- Sjálfstæði, frumkvæði og stundvísi
- Hæfni í mannlegum samskiptum og rík þjónustulund
- Stóru vinnuvélaréttindin eru æskileg en þó ekki skilyrði

**Upplýsingar um starfið veitir Torfi Pálsson, starfsmannastjóri í síma 585-5290 eða torfip@jardboranir.is. Sækja skal um starfið á www.jardboranir.is fyrir 18. júní næstkomandi.**

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

## Starf félagsþjónustufulltrúa hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Samband íslenskra sveitarfélaga auglýsir stöðu sérfræðings í málefnum félagsþjónustu sveitarfélaga á lögfræði- og velferðarsviði til eins árs vegna námsleyfis núverandi félagsþjónustufulltrúa. Félagsþjónustufulltrúi starfar ásamt öðrum sérfræðingum sviðsins að margþættum og síbreytilegum verkefnum, sem tengjast félagsþjónustu sveitarfélaga og öðrum velferðarmálum sem varða starfsemi sveitarfélaga.

Leitað er að hæfum einstaklingi, karli eða konu, sem hefur til að bera frumkvæði, sjálfstæði, hæfni í mannlegum samskiptum, nákvæmni í vinnubrögðum og forystu- og skipulagshæfileika. Gert er ráð fyrir því að viðkomandi geti hafið störf um miðjan ágúst.

Gerð er krafa um félagsráðgjafamenntun (MA í félagsráðgjöf) eða sambærilega menntun, ásamt góðri reynslu af störfum í félagsþjónustu sveitarfélaga og/eða opinberri stjórnsýslu sem nýtist í starfi. Þekking og áhugi á málefnum sveitarfélaga er mikilvægur kostur. Gott vald á íslensku máli í ræðu og riti og hæfni í framsetningu upplýsinga er skilyrði. Góð kunnátta í ensku og a.m.k. einu Norðurlandamáli er æskileg, sem og góð tölvuþekking, bæði til öflunar og úrvinnslu upplýsinga.

Nánari upplýsingar veitir Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs, netfang: gudjon.bragason@samband.is, eða Valur Rafn Halldórsson sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs, netfang: valur.rafn.halldorsson@samband.is eða í síma 515-4900.

Samband íslenskra sveitarfélaga er framsækinn vinnustaður sem býður upp á opið vinnuumhverfi, samheldinn starfsmannahóp og skapar starfsmönnum gott svigrúm til starfsþróunar.

Umsækjendum er bent á að frekari upplýsingar um Samband íslenskra sveitarfélaga eru á heimasíðunni, www.samband.is. Þar er einnig að finna nánari starfslýsingu sem og starfsmannastefnu sambandsins.

Umsóknir, merktar **"Umsókn um starf félagsþjónustufulltrúa"**, berist **eigi síðar en 19. júní nk.** til Sambands íslenskra sveitarfélaga, Borgartúni 30, pósthólf 8100, 128 Reykjavík, eða á netfangið samband@samband.is.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf, þar sem fram kemur m.a. rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Sviðsstjóri framkv.- og tæknisviðs | Háskóli Íslands | Reykjavík | 201706/1028 |
| Sviðsstjóri upplýsingatæknisviðs | Háskóli Íslands | Reykjavík | 201706/1027 |
| Matráður, afleysing | Fjármálaeftirlitið | Reykjavík | 201706/1026 |
| Fagstjóri hjúkrunar | Heilsugæslan Garðabæ | Garðabær | 201706/1025 |
| Móttökuritari | Heilsugæslan Mosfellsumdæmi | Mosfellsbær | 201706/1024 |
| Ræstingar | Mennaskólinn í Reykjavík | Reykjavík | 201706/1023 |
| Aðstoðarfólk í aðhlynningu | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Seyðisfjörður | 201706/1022 |
| Sjúkraliðar | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Seyðisfjörður | 201706/1021 |
| Eftirlitsmaður | Samgöngustofa | Reykjavík | 201706/1020 |
| Deildarstjóri | Samgöngustofa | Reykjavík | 201706/1019 |
| Framkvæmdastjóri | Samgöngustofa | Reykjavík | 201706/1018 |
| Sérfr., meðferðar- og fóstursvið | Barnaverndarstofa | Reykjavík | 201706/1017 |
| Sjúkraflutningamaður | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Blönduós | 201706/1016 |
| Hjúkrunarfr., starfsþróunarár | Landspítali | Reykjavík | 201706/1015 |
| Hjúkrunardeildarstjóri | Landspítali, göngudeild BUGL | Reykjavík | 201706/1014 |
| Hjúkrunardeildarstjóri | Landspítali, legudeild BUGL | Reykjavík | 201706/1013 |
| Yfirlæknir, kvenlækningar | Landspítali, kvenna- og barnasvið | Reykjavík | 201706/1012 |
| Sjúkraliði | Landspítali, öldrunarlækningadeild | Reykjavík | 201706/1011 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, öldrunarlækningadeild | Reykjavík | 201706/1010 |
| Heilbrigðisritari/skrifstofumaður | Landspítali, Landakot | Reykjavík | 201706/1009 |
| Sjúkraliði á skurðlækningadeild | Sjúkrahúsið á Akureyri | Akureyri | 201706/1008 |
| Svæfingahjúkrunarfræðingar | Landspítali, svæfingadeild | Reykjavík | 201706/1007 |
| Sérfræðilæknir í fæðingarteymi | Landspítali, kvenna- og barnasvið | Reykjavík | 201706/1006 |
| Ræstingar | Sýslumaðurinn á Vesturlandi | Stykkishólmur | 201706/1005 |
| Móttökuritari | Sjúkrahúsið á Akureyri | Akureyri | 201706/1004 |
| Framhaldsskólakennari, íþróttir | Fjölbrautaskóli Vesturlands | Akranes | 201706/1003 |
| Starfsmaður í þvottahús | Heilbrigðisstofnun Suðurlands | Selfoss | 201706/1002 |
| Framhaldsskólakennarar | Borgarholtsskóli | Reykjavík | 201706/1001 |

efnissala
G.E. Jóhannssonar

VR FYRIRTÆKI ÁRSINS 2017 — JAFNLAUNAVOTTUN VR



# PASSAR ÞÚ Í HÓPINN?

## ÓSKUM EFTIR AÐ RÁÐA SÖLURÁÐGJAFA Á PÍPULAGNAEFNI

**Efnissala G.E. Jóhannessonar óskar eftir að ráða metnaðarfullan, þjónustulundaðan og sveigjanlegan söluráðgjafa til starfa á pípulagnasviði. Um er að ræða fjölbreytt og spennandi starf í góðu starfsumhverfi að Klettagörðum 6 með jákvæðu og hressu starfsfólki.**

### SÖLURÁÐGJAFI Í PÍPULAGNAVERSLUN

**Starfslýsing**
- Sala og þjónusta við viðskiptavini
- Tilboðsgerð
- Tiltekt og frágangur á pöntunum
- Önnur tilfallandi störf

**Hæfniskröfur**
- Reynsla af sölustörfum og/eða pípulagningum
- Rík þjónustulund
- Öguð og áreiðanleg vinnubrögð
- Samskiptahæfni og frumkvæði







Við hvetjum jafnt konur sem karla til að sækja um starfið.
Upplýsingar veitir Kristján Páll Hrafnkelsson í síma **575 0000** eða **kph@sindri.is**.
**Umsóknum skal skilað fyrir 16. júní nk.**

**Efnissala G.E. Jóhannessonar** er heildsölufyrirtæki á sviði lagnaefnis og hreinlætistækja. Fyrirtækið varð nýlega hluti af **Johan Rönning hf.** Hjá félaginu starfa rúmlega 100 starfsmenn í Reykjavík, Kópavogi, Fjarðabyggð, Reykjanesbæ, Hafnarfirði, á Selfossi, Grundartanga og á Akureyri. Johan Rönning hefur 8 ár í röð verið valið fyrirmyndarfyrirtæki VR og hlotið nafnbótina fyrirtæki ársins síðastliðin 6 ár.

PIPAR\TBWA • SÍA

efnissala G.E. Jóhannssonar
Klettagörðum 6
Sími 568 7445
gesala@gesala.is
www.gesala.is

STRÁ

Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is



## Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.

## HANDKNATTLEIKSSAMBAND ÍSLANDS (HSÍ) ÓSKAR EFTIR AÐ AÐ RÁÐA STARFSMANN Í BÓKHALD / ALMENN SKRIFSTOFUSTÖRF

**Starfið felur í sér færslu bókhalds, reikningagerð, afstemmingar og önnur störf er snúa að bókhaldi og uppgjörsvinnu ásamt almennum skrifstofustörfum.**

**Starfssvið**

- Færsla bókhalds
- Gerð reikninga
- Afstemmingar og frágangur á bókhaldi til uppgjörs
- Aðstoð við uppgjör
- Aðstoð við innri úttektir og eftirlit
- Innkaup á rekstrarvörum
- Innheimta reikninga
- Almenn skrifstofustörf
- Önnur tilfallandi störf

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Viðskipta¬menntun kostur eða menntun á sviði bókhalds og reikningshalds.
- Reynsla af rekstri og fjármálastjórnun.
- Mjög góð þekking og reynsla af DK bókhaldskerfi.
- Góð tölvukunnátta
- Reynsla af bókhaldi og uppgjörum.
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi.

## HANDKNATTLEIKSSAMBAND ÍSLANDS (HSÍ) ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA MÓTASTJÓRA TIL STARFA

**Starfið felur í umsjón með mótahaldi HSÍ, dómaramálum, aðstoð við fræðslumál ásamt öðrum tilfallandi störfum.**

**Starfssvið**

- Umsjón með mótahaldi HSÍ
- Umsjón með dómaramálum
- Fræðslumál dómara í samvinnu við dómaranefnd
- Samskipti við hreyfinguna
- Aðstoð við fræðslumál
- Önnur tilfallandi störf

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Menntun sem nýtist í starfi
- Góðir skipulagshæfileikar og færni í mannlegum samskiptum

**HANDKNATTLEIKSSAMBAND ÍSLANDS ER EITT STÆRSTA SÉRSAMBAND INNAN ÍSÍ OG ERU STARFSMENN Á SKRIFSTOFU ÞESS NÚ FJÓRIR.**

Umsóknir og ferilskrá óskast send á framkvæmdastjóra HSÍ, Róbert Geir Gíslason, robert@hsi.is fyrir 19. júní nk.
Framkvæmdastjóri HSÍ veitir einnig frekari upplýsingar sé þess óskað.

rafsveinn

**Rafsveinn ehf óskar að ráða rafvirkja / nema í vinnu.**

**Næg verkefni framundan.**
**Allar upplýsingar í síma 660-4545 Sveinn, Einnig hægt að senda umsókn og ferilskrá á netfangið rafsveinn@rafsveinn.is**




## Vanir smiðir óskast

Vegna aukinna umsvifa óskum við eftir faglærðum smiðum til starfa með reynslu af viðhaldsverkefnum. Getum einnig bætt vönum múrurum og málurum í hópinn. Meistararéttindi kostur en ekki skilyrði.

Áhugasamir sendi inn umsókn á **vidhald@vidhald.is**

Viðhald sérhæfir sig í viðhaldi fasteigna fyrir fagaðila í fasteignarekstri. Meðal viðskiptavina fyrirtækisins eru fasteignafélög, opinberar stofnanir, fyrirtæki og húsfélög. Við leggjum áherslu á fagleg og vönduð vinnubrögð í öllu verkferlinu hvort sem það snýr að tilboðs- og samningagerð, verkþættinum sjálfum eða verkefnastjórnun og samskiptum við viðskiptavini.

**Viðhald fasteignaviðgerðir**
Vagnhöfða 19 | Sími 567-6699 | www.vidhald.is

**Tómstundafulltrúi í Strandabyggð – spennandi starf**

Sveitarfélagið Strandabyggð auglýsir laust til umsóknar starf tómstundafulltrúa. Um er að ræða fjölbreytt og skemmtilegt starf þar sem skapandi og skipulagðir einstaklingar sem hafa unun af samskiptum og samstarfi við ungt fólk ættu að blómstra.

**Markmið og verkefni**

- Hefur umsjón með og leiðir starf ungs fólks í sveitarfélaginu
- Umsjón og stefnumótun á sviði tómstunda-, íþrótta- og menningarmála
- Stuðningur við félagasamtök varðandi skipulag og stjórnun
- Vinnur að forvörnum á breiðum grunni
- Samningagerð
- Verkefna- og viðburðastjórnun

**Menntun, færni og eiginleikar**

- Háskólapróf í tómstunda- og félagsmálafræði eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Starfsreynsla af félagsstörfum með börnum og ungmennum
- Skipulags- og stjórnunarfærni
- Samskiptafærni og geta til að tjá sig í ræðu og riti
- Frumkvæði, jákvætt hugarfar og hugmyndaauðgi
- Hvetjandi og góð fyrirmynd

**Umsóknarfrestur er til 19. júní** og skulu umsóknir ásamt ferilskrá berast skrifstofu Strandabyggðar, Höfðagötu 3, 510 Hómavík eða á netfangið strandabyggd@strandabyggd.is. Nánari upplýsingar um starfið og sveitarfélagið fást á skrifstofu Strandabyggðar, sími 4513510 og á vefsíðunni www.strandabyggd.is.

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

## Embætti forstjóra þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga

Velferðarráðuneytið auglýsir laust til umsóknar embætti forstjóra stofnunar sem heyrir undir félags- og jafnréttismálaráðherra skv. 2. gr. laga um þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu nr. 160/2008. Forstjórinn starfar samkvæmt fyrirmælum laga, reglugerða og erindisbréfs sem ráðherra setur honum. Ráðherra skipar stofnuninni forstjóra til fimm ára í senn og stefnt er að því að umsækjandi geti hafið störf hinn 1. september 2017. Forstjóri skal hafa menntun, þekkingu og reynslu sem nýtist á starfssviði stofnunarinnar og við stjórnun hennar og rekstur skv. sömu grein laga.

Markmið Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga er að auka möguleika þeirra sem eru blindir, sjónskertir eða daufblindir til virkni og þátttöku á öllum sviðum samfélagsins til jafns við aðra, með áherslu á stuðning til náms, sjálfstæðs heimilishalds, virkra tómstunda og atvinnuþátttöku.

Forstjóri ber ábyrgð á rekstri stofnunarinnar og að starfsemi hennar sé í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Yfirgripsmikil þekking og reynsla af stefnumótun, stjórnun og rekstri sem nýtist á starfssviði stofnunarinnar.
- Þekking og reynsla af þeim málaflokkum sem heyra undir stofnunina.
- Þekking og reynsla á sviði opinberrar stjórnsýslu.
- Leiðtogahæfileikar.
- Metnaður og vilji til að ná árangri.
- Frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum og skipulagshæfni.
- Gott vald á íslensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Góð kunnátta í ensku og a.m.k. einu Norðurlandamáli.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

Sérstök hæfnisnefnd, skipuð þremur einstaklingum, mun meta hæfni umsækjenda og skila greinargerð til félags- og jafnréttismálaráðherra. Nefndin starfar skv. reglum nr. 393/2012 um ráðgefandi nefnd er meta hæfni umsækjenda um embætti við Stjórnarráð Íslands. Um embættið gilda lög nr. 115/2011 um Stjórnarráð Íslands og lög nr. 70/1996 um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna. Kjararáð ákvarðar laun forstjóra, sbr. lög nr. 47/2006.

Upplýsingar um starfið veitir Ellý Alda Þorsteinsdóttir, skrifstofustjóri, í síma 545 8100. Ráðuneytið hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um embættið. Umsóknir ásamt upplýsingum um starfsheiti, menntun og fyrri störf skulu berast velferðarráðuneytinu, Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík, eða í tölvupósti á póstfangið **postur@vel.**is eigi síðar en 3. júlí 2017. Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, sbr. reglur nr. 464/1996, um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun í embættið liggur fyrir.

*Velferðarráðuneytinu, 10. júní 2017*


# Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig

Umsækjendur, skráið ykkur á

**www.talentradning.is**



talent@talentradning.is
bryndis@talentradning.is
**Sími: 552-1600**

TALENT RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF


Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

## Forstöðumaður vettvangs- og ráðgjafarteymis, neyðarskýlis og húsnæðisúrræða fyrir utangarðsfólk

**Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða** auglýsir til umsóknar stöðu forstöðumanns Vettvangs- og ráðgjafateymis, neyðarskýlis og húsnæðisúrræða fyrir utangarðsfólks.

Markmið með þjónustu er að veita ráðgjöf og stuðning þeim sem eru og hafa verið í langtíma húsnæðisleysi.

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Stjórnun og fagleg ábyrgð á þjónustu vettvangs- og ráðgjafateymis, neyðarskýlis og búsetuúrræðum fyrir heimilislausa
- Fjárhagsleg ábyrgð á rekstri úrræðanna
- Yfirumsjón með daglegri þjónustu
- Ber ábyrgð á gerð starfs- og rekstraráætlana og framkvæmd þeirra
- Stjórnun starfsmannamála og ábyrgð á framkvæmd starfsmannastefnu
- Samstarf við samstarfsaðila
- Þátttaka í þverfaglegum teymum á þjónustumiðstöðinni
- Þátttaka í mótun og uppbyggingu á skipulagi þjónustunnar

**Hæfniskröfur**

- Háskólamenntun á sviði heilbrigðis-, mennta- eða félagsvísinda
- Reynsla af störfum með vímuefnasjúkum
- Reynsla af störfum með utangarðsfólki æskileg
- Reynsla af stjórnun
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Jákvætt viðmót og samstarfshæfni
- Frumkvæði, skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Áhugi og metnaður í starfi
- Hreint sakavottorð í samræmi við lög sem og reglur Reykjavíkurborgar.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags. Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigþrúður Erla Arnardóttir í síma 411-1600 eða með því að senda fyrirspurnir á sigthrudur.erla.arnardottir@reykjavik.is

**Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf**

**Umsóknarfrestur er til 19. júní nk.**

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavikurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

## Staða leikskólaráðgjafa á fagskrifstofu leikskólamála á skóla- og frístundasviði

**Skóla- og frístundasvið auglýsir eftir leikskólaráðgjafa til starfa á fagskrifstofu leikskólamála.**

Undir skóla- og frístundasvið heyrir rekstur leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva Reykjavíkurborgar, starfsemi Námsflokka Reykjavíkur og skólahljómsveita.

**Fagskrifstofa leikskólamála** leiðir nýbreytni og þróun leikskólastarfs í Reykjavíkurborg, annast eftirlit með starfsemi leikskóla og dagforeldra og veitir þeim ráðgjöf og stuðning.
Hlutverk hennar er enn fremur að undirbúa og taka þátt í stefnumótun skóla- og frístundaráðs, yfirfara og meta inntak skólanámskráa, starfsáætlana, framkvæmd innra mats og umbótaáætlana sem gerðar eru í kjölfar mats.
Starfsmenn fagskrifstofu veita ráðgjöf vegna samstarfs við foreldra, bera ábyrgð á og sitja í fjölmörgum starfshópum og þverfaglegum teymum, auk þess að taka þátt í hönnun á húsnæði og útileiksvæðum leikskóla.

**Helstu verkefni**

- Ráðgjöf og stuðningur við stjórnendur og starfsfólk leikskóla
- Frumkvæði að þróun og nýbreytni í leikskólastarfi
- Innleiðing nýjunga í leikskólastarfi
- Þátttaka í mati á leikskólastarfi
- Ráðgjöf og eftirlit með starfsáætlunum leikskóla
- Ráðgjöf og eftirlit með umbótaáætlunum leikskóla byggðum á ytra mati

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Leikskólakennaramenntun
- Viðbótarmenntun sem nýtist í starfi æskileg
- Þekking og reynsla af leikskólastarfi
- Sjálfstæði, frumkvæði og hæfni til að vinna í hópi
- Skipulagshæfni og metnaður til að ná árangri í starfi
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku
- Gott vald á ensku er kostur

Leitað er að hugmyndaríkum einstaklingi sem hefur víðtæka þekkingu á leikskólastarfi og áhuga á þróun og nýsköpun á þeim vettvangi.

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf ásamt leyfisbréf til að nota starfsheitið leikskólakennari og rökstuðningur fyrir hæfni í starfið.

**Umsóknarfrestur er til og með 26. júní 2017.**

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags stjórnenda leikskóla. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, skrifstofustjóri fagskrifstofu leikskólamála skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, í síma 411-1111 eða netfang ingibjorg.m.gunnlaugsdottir@reykjavik.is

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

HÚNAÞING VESTRA

## Leikskólakennarar – starf í spennandi umhverfi

Við leikskólann Ásgarð á Hvammstanga eru lausar stöður leikskólakennara / leiðbeinanda í 100% störf. Tvær stöður til frambúðar og ein staða tímabundið. Hugmyndafræði leikskólans byggir á kenningum Mihaly Csikszentmihalyi, flæði.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Umsækjendur þurfa að hafa lokið leikskólakennaranámi eða tilskilinni menntun. Ef ekki fæst leikskólakennari í starfið verður ráðinn leiðbeinandi tímabundið
- Reynsla af starfi með börnum
- Lipurð og færni í mannlegum samskiptum
- Sveigjanleiki og víðsýni
- Frumkvæði og samstarfsvilja

Kaup og kjör samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags. Í samræmi við jafnréttisstefnu Húnaþings vestra eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um störfin. Upplýsingar umskólastarfið má finna á www.asgardur.leikskolinn.is.

Umsóknafrestur er til 15. júlí næstkomandi og þurfa viðkomandi að hefja störf frá 15. ágúst eða eftir nánara samkomulagi. Umsókn ásamt ferilskrá og meðmælendum skulu berast skrifstofu Húnaþings vestra, Ráðhúsinu, Hvammstangabraut 5, 530 Hvammstanga eða rafrænt á leikskoli@hunathing.is

Frekari upplýsingar um starfið veitir Guðrún Lára Magnúsdóttir skólastjóri leikskóla í síma 451-2343 / 891-8264 eða Jenný Þórkatla Magnúsdóttir sviðsstjóri fjölskyldusvið í síma 771-4966.

**Hvammstangi í Húnaþingi vestra er stærsti þéttbýliskjarni sveitarfélagsins með um 600 íbúa en íbúar í Húnaþingi vestra eru 1.180. Hvammstangi er í alfaraleið, aðeins 6 km. frá þjóðvegi 1 og í u.þ.b. tveggja klst. akstursfjarlægð frá Reykjavík og Akureyri.**

**Í Húnaþingi vestra er til staðar öll almenn opinber þjónusta auk annarrar fjölbreyttrar þjónustu. Möguleikar til útivistar, íþrótta, afþreyingar og félagsstarfa eru fjölmargir og því er Húnaþing vestra góður búsetukostur fyrir fjölskyldufólk.**




GRINDAVÍKURBÆR

## Matráður óskast

**Grindavíkurbær auglýsir 80% stöðu matráðs í Miðgarði, þjónustumiðstöð eldri borgara í Grindavík frá og með 1. ágúst næstkomandi. Hlutverk matráðs er að hafa yfirumsjón með mötuneyti eldri borgara sem reiðir fram heitan mat í hádeginu alla virka daga.**

**Helstu verkefni og ábyrgð:**
- Yfirumsjón með eldhúsi
- Matseld og frágangur
- Skipulag matseðla
- Innkaup á matvörum og öðrum aðföngum

**Menntun, hæfni og reynsla**
- Menntun á sviði matreiðslu er æskileg
- Reynsla af umsjón mötuneytis er æskileg
- Skipulagshæfni og sjálfstæð vinnubrögð
- Lipurð, jákvæðni og hæfni í samskiptum
- Nákvæmni í vinnubrögðum

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við hlutaðeigandi stéttarfélag.

**Umsóknarfrestur er til og með 29. júní næstkomandi.**
**Nánari upplýsingar** veitir Stefanía Jónsdóttir í síma 426-8014 eða á netfanginu stefania@grindavik.is.




# Framkvæmdastjóri framkvæmdasviðs

Eik er meðal leiðandi fasteignafélaga á Íslandi og er skráð á hlutabréfamarkað. Félagið er í sókn og leitar því að öflugum og metnaðarfullum einstaklingi í starf framkvæmdastjóra framkvæmdasviðs.

„Í Kína er allt hægt og flest svo ófyrirsjáanlegt. Ég finn hvað Reykjavík er lítil þegar ég kem heim. Þar er samfélagið fyrirsjáanlegt. Nú eru allir heima komnir með hunda og helst hreinræktaða af dýru kyni. Ef silfur kemst í tísku eru allir komnir í silfur innan mánaðar. Hjarðhegðun er áberandi á Íslandi í samanburði við stórborgina Sjanghaí og það eina sem er fyrirsjáanlegt hér er að flestir hafa dökkt hár.“

Þau hjónin eru sammála um að hafa gefið syni sínum eitthvað einstakt með því að hafa flust til Kína.

„Við sáum strax sláandi mun á menntakerfinu. Hér er í lagi að vera klár og duglegur í skólanum og nemendur keppast við að gera sitt besta án þess að eiga á hættu að vera stimplaðir nördar. Auðvitað má segja að líf heima væri jafn gott og þar gæti hann vissulega eignast æskuvini en þetta er val og um leið og maður tekur ákvörðun um að flytja langt að heiman tekur maður líka annað burt. Það er enginn sem segir að það sé rétt eða rangt en við teljum að ákvörðunin hafi verið rétt. Víðsýni hans og heimur er nokkuð stærri en skólasystkinanna í Danmörku. Hann hefur séð hálfan heiminn og hver segir að það sé verra líf en hitt? Á móti þarf hann að vera fljótur að eignast vini í Kína því margir stoppa stutt og þá missir hann góðan vin.“



Ragna í Taphon-hofinu í Kambódíu með eiginmanni sínum Jan Kristensen og syni þeirra Oliver.



Japanskur matur er í dálæti og þennan nestisbakka keypti Ragna á leið í lest.



ÚRVALIÐ ER Í ICELAND
KJARNAFÆÐI NEW YORK FRAMPARTSSNEIÐAR 1199 KR. KG.
ÍSLAND LAMBA PRIME 3599 KR. KG.
KJARNAFÆÐI SIRLOIN LAMBALÆRISSNEIÐAR 1999 KR. KG.
KJARNAFÆÐI ARGENTÍNU LAMBALÆRISSNEIÐAR 2799 KR. KG.
ALI HUNANGS KÓTILETTUR 2099 KR. KG.
KJÖTBANKINN HELGARSTEIK MARINERUÐ 2099 KR. KG.
FJALLALÆRI KRYDDAÐ LAMBALÆRI 1999 KR.KG
ICELAND ER MEÐ ALLT Á GRILLIÐ
FJALLALAMB LÆRISSNEIÐAR 2999 KR. KG.
SS LAMBALÆRI BRAGÐ FRÁ ÍTALÍU STUTT - HÁLFÚRBEINAÐ 1499 KR. KG
SMASS HAMBORGARAR 499 KR. PK. 2x 120g
SS LAMBALÆRI BLÁBERJAKRYDDLEGIÐ STUTT - HÁLFÚRBEINAÐ 1499 KR. KG
ORA GRILLSÓSUR VERÐ FRÁ 429 KR. STK. 170g
SPARERIBS TULIPS 1499 KR. PK. 550g
ALI GRÍSAHNAKKI FERSKUR 1499 KR. PK. 550g
BEN & JERRY´S ALLAR TEG. 599 KR. PK. 500ml
MARS / SNICKERS 9 STK. Í PAKKA 299 KR. PK.
NONNI LITLI GRILLSÓSUR VERÐ FRÁ 299 KR. STK. 225ml
OPIÐ 24 TÍMA
Netgíró Betri leið til að borga
Iceland
OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA



„Það eru bara til tvenns konar hjólamenn. Þeir sem eru búnir að detta og þeir sem eiga eftir að detta,“ segir einn Grindjána um mikilvægi þess að losa sig við óttann. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

# Sögur af veginum




Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is


Undir hörðu yfirborðinu er mýkt og umhyggja fyrir samfélaginu. Meðlimir mótorhjólaklúbbsins Grindjána í Grindavík tóku á móti blaðamanni í félagsheimili sínu Virkinu og sögðu sögur af veginum. Og frá mikilvægi þess að standa upp eftir áföll og njóta ferðalagsins.

Virkið stendur við Ægisgötu í Grindavík. Þar sem áður var rækjuvinnsla Þorbjarnar er nú klúbbhús mótorhjólaklúbbsins Grindjána.

Blaðamaður leit inn í Virkið á þriðjudagskvöldi en þá er opið hús kl. 19.30 fyrir alla þá sem hafa áhuga á starfseminni. Þeir opna einnig klúbbhúsið fyrir bæjarbúa yfir vetrartímann og halda til dæmis jólagleði, þorragleði og vorgleði.

Tveir hávaxnir Grindjánar standa fyrir utan Virkið og spjalla. Þeir eru íklæddir leðurvestum með ísaumuðu merki Grindjána á bakinu. Framan á vestinu er félaganúmerið og nöfn þeirra. Stundum viðurnefni þeirra. Þetta kvöld eru til dæmis Lúsífer, Flúri, Rokkurinn, Púki, Engill og Kanslari stödd í Virkinu.

Í dag eru þrjátíu og fimm félagar í klúbbnum en alls hafa 99 félagar verið í Grindjánunum frá upphafi.

Aðstaðan við Ægisgötu var útbúin fyrir tveimur árum. Félagsmenn hjálpuðust að, þrifu, máluðu, rifu niður veggi og settu upp nýja veggi. Einn Grindjána, Georg, hlaut viðurnefni sitt, „Rokkurinn“, eftir endurbætur á húsinu. Aðstaðan er smekkleg, hlýleg. Þarna geyma félagsmenn hjólin sín, horfa saman á kvikmyndir, fá sér kaffi. Tja eða kannski eitthvað aðeins sterkara og ræða saman.

### Aðstoða bágstadda

Þeir eru sumir vígalegir. Flúraðir og með voðaleg viðurnefni. En undir hrjúfu yfirborðinu er mýkt. Grindjánarnir eru áberandi á Sjóaranum síkáta sem haldinn er núna um helgina. Um sjómannadagshelgina fer fram stærsta fjáröflun klúbbsins á hverju ári og það er alls konar góðgerðarstarf sem nýtur góðs af því. Grindjánarnir grilla pylsur og leyfa börnum að sitja á mótorfákunum. Þátttaka Grindjánanna er ómissandi hluti af hátíðarhöldum bæjarins.



Jonni, Árni, „Flúri“ og Mundi „Lúsífer“ ræða málin í Virkinu.

Þeir ræða ekkert í smáatriðum um góðgerðarstarfið. Vilja ekki ræða það af nærgætni við þá sem þiggja. En góðmennskan fréttist. Eitt árið heimsóttu þeir íþróttafélög fatlaðra og buðu fötluðum á rúntinn. Þeir hafa aðstoðað bágstadda í Grindavík með milligöngu kirkjunnar og annað. Listinn er lengri. Miklu lengri.

### Kanslarinn og engillinn

„Kanslarinn“ er Hrafnhildur Björgvinsdóttir, alltaf kölluð Hrabba. Hún og eiginmaður hennar, „Engillinn“ Davíð Friðriksson, eru tveir af stofnmeðlimum Grindjána og hafa verið að hjóla í tugi ára. Hrabba býður upp á kaffi úr lúxuskaffivél sem getur framleitt ótrúlega marga kaffidrykki. Hún stendur í svolitlum barkrók í setustofu Virkisins og útskýrir markmiðin með stofnun klúbbsins fyrir öllum þessum árum síðan. „Fyrst og fremst að hjóla saman, skemmta sér og öðrum og láta gott af sér leiða, og einnig að stuðla að bættri umferðarmenningu. Við vorum ellefu sem vorum stofnfélagar, og nú eru fimm eftir af upprunalegum stofnfélögum,“ segir Hrabba.

„Við vorum nýflutt hingað í bæinn og þekktum fáa hér en vissum af einum og einum sem var að hjóla,“ segir Davíð. „Já, og við buðum fólki einfaldlega að vera með okkur í klúbbi. Hingað kom fólk sem við þekktum ekkert. Það hefur margt breyst síðan þá,“ segir Davíð og lítur í kringum sig á vini sína, Grindjánana, sem eru mættir í Virkið.

### Öll í fullri vinnu

Meirihluti Grindjána býr í Grindavík. En nokkrir þó í grenndinni á Suðurnesjum og örfáir eru búsettir í Hafnarfirði. Í klúbbnum eru átta hjón. Tvenn þeirra eiga syni í klúbbnum.

Hrabba vinnur sem bókari hjá Héðni í Hafnarfirði og Davíð vinnur hjá pípulagningameistara.

Hörður starfar sem netagerðarmaður, er reyndar með verkstæði sitt rétt hjá klúbbhúsinu. Þar geyma félagsmenn hjólin sín þegar eitthvað mikið stendur til. Til dæmis brúðkaup. Tvenn hjón hafa gift sig í Virkinu í ár. „Við eigum Hörð í horni,“ segir Baldur, kallaður „Gráni“, um greiðvikni Harðar. „Gráni“ starfar í vélsmiðjunni í Grindavík.

Georg, „Rokkurinn“ sem fékk viðurnefnið við að gera upp Virkið, starfar við flugvélaeftirlit á Keflavíkurflugvelli.

„Ég vann nú í fjöldamörg ár við að prenta Fréttablaðið,“ segir Arnar Ólafsson. Á vestinu hans stendur „CB“, sem merkir einfaldlega að hann hafi átt Hondu CB. „Ég starfa nú hjá fyrirtæki sem heitir Vörumerking,“ segir Arnar sem segir prentiðnina því miður deyjandi iðngrein með hröðum tækniframförum. „Það má segja að sjúklingurinn sé á skurðarborðinu,“ segir hann um þróunina.

Guðjón Gíslason, kallaður Jonni, státar ekki af nokkru viðurnefni. Eiginkona hans Alla hans er kölluð „Prinsessan“.

„Ég er viðhaldsmaður í Bláa lóninu,“ segir Jonni.

„Ég hélt þú værir að þurrka einhverjum inni í klefa? Ég var að hugsa um að sækja um,“ segir Davíð og uppsker hláturrokur félaga sinna og Jonna.

„Þetta er öfund í honum,“ segir Inga við Jonna. Inga hefur viðurnefnið „Púki“ og starfar sem sjúkraliði á spítalanum í Keflavík og sem nuddari. „Það þorir enginn í nudd til mín, því þeir lenda kannski bara á spítala,“ gantast hún með.

Ingimundur Magnússon ber einna skuggalegasta viðurnefnið. „Lúsífer“ stendur á jakkanum hans. Hann er þó oftar kallaður Mundi og starfar hjá Ístaki. Grindjánar segjast nokkuð sammála um að viðurnefnið Lúsífer sé nokkurs konar öfugmæli.

„Það er þó alltaf einhver örlítil alvara á bak við,“ segir Inga og glottir. Við hlið Munda stendur Árni Kr. Ólafsson, „Flúri“. Hann skartar ótal húðflúrum, á höfði og handleggjum. Í horni setustofunnar hangir fallegt listaverk eftir hann. „Hann hefur flúrað nokkur okkar,“ skýrir Davíð frá.

**ÞAÐ ER SAMA HVAÐ ÞAÐ ER. ÁFÖLL EÐA ANNAÐ. ÞAÐ SKIPTIR MÁLI AÐ STANDA UPP, REISA SIG VIÐ OG HALDA ÁFRAM.**

Hrabba „Kanslari“

➡


SUMARKROPPIÐ
2017
NÓA
MEGA
KROPP
MEÐ KARAMELLUBRAGÐI
TAKMARKAÐ
MAGN
200 g
MEGA
SÆTT SUMAR



Inga „Púki“, Mundi „Lúsífer“, Davíð „Engill“, Hafdís og Hörður. Bragi og á bak við hann stendur Georg „Rokkurinn“. Við hlið hans Árni „Flúri“. Þá Bjarný, Hrabba „Kanslari“, Baldur „Gráni“, Jonni og Arnar „CB“.






Hrabba lítur í gestabókina og Hörður og Bragi ræða málin.

➡ Það er ekkert lítið fíflast þegar Grindjánar koma saman. Og þau eru augljóslega traustir vinir sem eru saman komin í Virkinu þetta kvöld.

Við hlið Ingu situr Bjarný, kona Arnars „CB“ sem starfar líka sem sjúkraliði. „Ég er líka ökukennari. Kenni þó ekki á hjól,“ svarar Bjarný spurð hvort hún nýti sér ekki örugglega ökukennarastarfið til að veiða inn nýliða í Grindjánana.

**Tóku frétt DV nærri sér**

Hafdís Jónsdóttir og Bragi Pálsson eru hjón. Þau eiga bæði son og tengdadóttur í Grindjánunum. Bragi starfar við akstur og Hafdís við bleikjuvinnslu. „Bleikjuvinnslan er nú bara í næsta húsi,“ segir Hafdís.

„Enda er allt hér, því þetta er nafli alheimsins,“ segir Inga „Púki“. Tengdadóttir Hafdísar er reyndar í inntökuferli sem stendur yfir í sex mánuði.

Hrabba útskýrir ferlið. „Það er sex mánaða inntökuferli. Fólk sækir um og þeir sem eru í stofnráði, ellefu elstu meðlimirnir, samþykkja félagsmenn inn. Í ferlinu þarf fólk að sýna sig og sanna.“

*Hvernig sýna þeir sig og sanna?* „Þeir þurfa nú allra helst að sýna áhuga og vera með. En líka að vinna fyrir klúbbinn.

Það eru engar kvaðir. Ef fólk kemur og sýnir þessu áhuga þá hljóta þeir greiða inngöngu,“ svarar Davíð.

*En þið sigtið úr fólk er það ekki?* „Jú, við gerum það og höfum lent í blöðunum út af því,“ segir Hafdís og rifjar upp frétt sem var sögð í DV fyrir nokkrum árum. Einum var synjað um inngöngu og sótti sá hinn sami um einkaleyfi á nafninu Grindjánar. „Leiðindamál sem tók á okkur,“ segir Davíð frá og bætir við að í fréttinni hafi misfarist að segja rétt frá og leiðréttingin sem Grindjánar vildu koma á framfæri hefði ekki ratað á síður DV.

**„Velkomin, bikers and bitches“**

Deginum áður en blaðamaður er í heimsókn sóttu flestir Grindjána svokallaða mótorhjólamessu. Árlegan viðburð þar sem hinir ýmsu mótorhjólaklúbbar ríða fákunum í fylkingu til Digraneskirkju. Kirkjan fyllist þá mótorhjólafólki íklæddu leðri og goretex. Presturinn, séra Gunnar Sigurjónsson er einnig íklæddur viðeigandi klæðnaði, í leðurvesti, og Grindjánar eru sammála um að prestskraginn fari einkar vel við leðrið.

„Presturinn ávarpar fyrst söfnuðinn. Velkomin, bikers and bitches. Þetta er svona hrá og rokkuð messa. Nokkuð sem allir verða að upplifa.

Presturinn varar gesti við áður en messuhaldið hefst. Hún gæti farið fyrir brjóstið á þeim sem leitast eftir hefðbundnara kirkjuhaldi,“ segir Hrabba.

„Hann tekur það fram að ef þú heldur að þú sért kominn í alvörumessu þá skulir þú standa upp og ganga út,“ segir Bragi.

„En fólk hefur nú látið sig hafa það og það eru margir sem tengjast engum mótorhjólaklúbbum sem mæta á hverju ári. Harðfullorðið fólk. Virðulegar konur á áttræðisaldri sem hafa bara virkilega gaman af þessu,“ segir Inga.

Mótorhjólamessan er viðamikið samstarfsverkefni sem gengur þvert á kirkjudeildir og mótorhjólaklúbba. Meðan messan er geta allir farið og fengið sér vöfflukaffi og ágóðinn rennur til hjálparstarfs kirkjunnar. Kirkjutónlistin er líka óhefðbundin. Síðustu ár hafa kirkjuveggir titrað af þungum bassahljómum. Eitt árið var það til dæmis Deep Purple, í ár var það öllu mildara því kántrítónlist ómaði í Digraneskirkju.

*En hvernig skyldu Grindjánarnir vera öðruvísi en aðrir mótorhjólaklúbbar á landinu?* „Ætli okkar sérstaða sé ekki sú að við erum mörg hjónafólk. Við erum ekki þessi hefðbundni hjólaklúbbur,“ segir Hrabba.

„Við erum meira eins og saumaklúbbur,“ segir Hafdís og kímir.

**Bjóða börnum og mömmum í túr**

Og fram undan er Sjóarinn síkáti. „Það er heljarinnar stuð,“ segir Hrabba frá. „Það voru 180 hjól í fyrra. Við keyrum inn í bæinn í hópkeyrslu og í gegnum hátíðarsvæðið. Við endum hér í Virkinu þar sem við bjóðum hjólafólkinu og öðrum upp á grillaðar pylsur. Um hálf fjögur förum við niður að fiskmarkaðnum og leyfum börnum að sitja á hjólunum í um það bil klukkustund milli 16-17. Það finnst þeim óskaplega spennandi,“ segir hún frá.

Grindjánarnir standa vel að viðburðinum og gæta fyllsta öryggis. Þeir festu kaup á hjálmum og öryggisbeltum vegna viðburðarins.

„Við þurftum náttúrulega að kaupa belti af því að við erum svo feitir, krakkarnir ná ekki að festa sig á okkur,“ segir Davíð og skellir upp úr.

„Við leyfum mömmunum líka að fara rúnt í lokin,“ segir Mundi, kallaður Lúsífer.

Hrabba hefur tvisvar sinnum slasast á hjólinu. Þau eru öll sammála um að það skipti máli að láta ekki óttann ná tökum á sér. „Ég fór á hausinn í Nesjavallabrekku árið 2007. Þá missti ég hjólið í lausamöl. Það kom sprunga í hjálminn. Í seinna skiptið datt ég á öfugan vegarhelming í hópslysi á Holtavörðuheiði árið 2014,“ segir Hrabba frá.

„Það fór betur á en horfðist,“ segir Arnar um fyrra slysið. „Já, ég var vel gölluð, ég slasaðist á ökkla en annars er í lagi með mig.“



Arnar vann við að prenta Fréttablaðið fyrir nokkrum árum.

**LÚSÍFER OG ENGILLINN REISTU HJÓLIÐ VIÐ RÉTT ÁÐUR EN JEPPI KOM Á MIKLUM HRAÐA AÐ HENNI ÞAR SEM HÚN LÁ Á VEGINUM.**

Arnar „CB“

„En þú hefðir getað dáið í seinna skiptið,“ minnir Inga á. „Það munaði engu.“

„Henni var bjargað af tveimur englum,“ segir Arnar og horfir til Lúsífers þar sem hann stendur við barkrókinn.

„Lúsífer og Engillinn reistu hjólið við rétt áður en jeppi kom á miklum hraða að henni þar sem hún lá á veginum,“ segir Arnar frá.

„Við vildum ekki þriðja engilinn í hópinn,“ segir Davíð og Hrabba brosir.

„Það eru bara til tvenns konar hjólamenn. Þeir sem eru búnir að detta og þeir sem eiga eftir að detta,“ segir Baldur.

„Það þýðir ekki að láta óttann ná tökum á sér. Það á við um allt,“ segir Arnar. „Já, það er sama hvað það er. Áföll eða annað. Það skiptir máli að standa upp, reisa sig við og halda áfram,“ segir Hrabba. „Ég hjólaði sjálf niður í Baulu eftir slysið. Ég man ekki eftir því. En ég er fegin að ég gerði það. En það er bara fyrir snarræði „Englanna“ sem ég er á lífi. Og svo er bara að halda áfram og njóta þess að vera til.“

„Það er nú ein regla hjólafólks. Að treysta engum. Bara sjálfum sér og félögunum,“ segir Arnar.



„Við elskum að hjóla úti í úti í náttúrunni þangað til við komum að túni þar sem er búið að bera á mykju,“ segir Davíð og skellir upp úr.

„Gatnakerfið er í slæmu standi og svo gera túristarnir okkur grikk,“ útskýrir hann.

**Túristar og dauðagildrur**

„Það er stórhætta í umferðinni af túristum sem eru að skoða náttúrufegurðina. Við vorum á leiðinni fjögur okkar austur á landsmót. Vorum á leið yfir blindhæð austur á fjörðum. Þar var lítill bíll stopp og dyrnar opnar. Á blindhæðinni stóðu ferðamenn og virtu fyrir sér útsýnið,“ segir Hrabba frá og segir lukkuna eina hafa afstýrt slysi.

„Ef maður sér Yaris eða gljáandi smábíl fram undan þá er maður farinn að negla niður,“ segir Baldur um bílaleigubíla ferðamanna í umferðinni.

„Við hjóluðum svo lengra þarna fyrir austan og þá voru þar túristar úti á miðri götu að klappa kindum,“ segir Hrabba og hristir höfuðið.

„Svo eru þeir um nætur með bílana stopp á miðri götu hér á Suðurnesjum að skoða norðurljósin. Þetta er stórhættulegt,“ segir Baldur.

*Og hvað er það, sem heillar svona mikið?* „Það er frelsið. Það er félagsskapurinn og það er útivistin. Að vera úti í náttúrunni. Það lyftir andanum,“ segir Hrabba.

„Já. Við elskum að hjóla úti í náttúrunni þangað til við komum að túni þar sem er búið að bera á mykju,“ segir Davíð og skellir upp úr.

„Já, þá fáum við náttúruna beint í æð!“ segir Hörður og Grindjánarnir liggja í hláturrokum.


TVÍBURAR.
EN EKKI EINEGGJA.
TIPO
TIPO
5 ÁRA ÁBYRGÐ
FRUMSÝNUM Í DAG NÝJAN FIAT TIPO 5 DYRA OG FIAT TIPO SKUTBÍL. FLOTTIR, VEL ÚTBÚNIR,RÚMGÓÐIR OG Á FRÁBÆRU VERÐI. ALLIR NÝIR FIAT BÍLAR ERU MEÐ 5 ÁRA ÁBYRGÐ. SÝNINGIN VERÐUR OPIN 12-17. KOMDU SKOÐAÐU OG REYNSLUAKTU. RJÚKANDI HEITT LAVAZZA KAFFI Á KÖNNUNNI.
FIAT TIPO 5 DYRA KOSTAR FRÁ 2.990.000 KR
THE FIAT TIPO. YOU DON'T NEED MUCH TO GET A LOT.
FIAT
fiat.is
Fiat Tipo er fáanlegur í tveimur útfærslum Easy og Lounge. Bílar á mynd eru í Lounge útfærslu.

# Allir þurfa HETJU

**Vinsældir Wonder Woman gætu haft merkileg áhrif í kvikmyndaiðnaði þar sem kvenkyns ofurhetjum hefur verið haldið niðri um árabil. Systkinin Hugleikur og Úlfhildur Dagsbörn spá í spilin og ræða um áhugaverðar kvenhetjur sem eiga skilið að komast á skjáinn, stórmerkilega sögu Wonder Woman og þörf mannfólksins til að spegla sig í hetju.**

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is





Hugleikur Dagsson



Úlfhildur Dagsdóttir

Kvikmyndin um Wonder Woman í leikstjórn Patty Jenkins fer sigurför um heiminn um þessar mundir og rakar inn tekjum í miðasölu.

Valdamiklir menn í kvikmyndabransanum hafa haldið því fram að til lítils sé að framleiða kvikmyndir byggðar á teiknimyndasögum með konum í aðalhlutverki. Þetta kom rækilega fram í Sony-lekanum svokallaða árið 2014 þegar birtir voru tölvupóstar framkvæmdastjóra Marvel, Isaac Ike Perlmutter, og fleirum. Í einum tölvupóstanna sem voru birtir telur framkvæmdastjórinn upp þær örfáu myndir sem hafa verið framleiddar og notar lélegt gengi þeirra sem rökstuðning fyrir því að hafa ekki konu í aðalhlutverki.

Í þessum sama leka voru einnig birt ummæli Aarons Sorkin sem hélt því fram að hlutverk kvenna í kvikmyndum væru ekki nærri því jafnerfið og hlutverk karla. Leikkonur væru ekki jafn verðugar og karlleikarar.

HRMPF!

Það er því ljóst að það þótti á brattann að sækja fyrir Wonder Woman og í kjölfar vinsældanna bíða í skugganum fleiri kvenkyns ofurhetjur eftir því að komast í slaginn á skjánum.

Systkinin Úlfhildur og Hugleikur Dagsbörn hafa bæði mikinn áhuga á myndasögum þó að sá áhugi hafi fundið sér ólíkan farveg hjá þeim. Úlfhildur hefur skrifað bókina Myndasagan, þar sem er að finna greinargott yfirlit yfir sögu myndasögunnar og úttekt á menningarlegri stöðu hennar. Hugleikur er landskunnur teiknimyndasöguhöfundur og hefur haft djúpstæðan áhuga á ofurhetjum síðan hann var lítill.

Wonder Woman fjallar um Díönnu Prince sem yfirgefur heimkynni sín og ferðast um Evrópu á tímum fyrri heimsstyrjaldarinnar. Tilurð ofurhetjunnar er afar áhugaverð.

„Ég hef helst lesið ofurhetjusögur í fræðiskyni og hef aðeins litið í Wonder Woman bækurnar. Það er skrautleg saga á bak við það hvernig Wonder Woman varð til," segir Úlfhildur frá. „William Marson vildi skapa kvenhetju sem væri góð fyrirmynd fyrir stelpur. Honum þótti stelpur vanta kvenfyrirmyndir sem höfðu völd. Hann á sér sjálfur áhugaverðan bakgrunn en hann bjó með tveimur konum, þeim Oliviu Byrne og Elizabeth, sem voru miklir femínistar. Þetta var á fjórða áratugnum svo fyrirkomulagið hefur verið einstaklega frjálslegt á þessum tíma. Í sögum Wonder Woman eru svo skemmtilegir BDSM undirtónar. Hún er vopnuð snörum sem hún notar ýmist sem svipur eða til að snara. Þá eru miklar bindingar. Ýmist er hún bundin eða hún að binda. Það er frjálslegt stuð í kringum Wonder Woman," segir Úlfhildur og segir skemmtilegt að sálfræðingur hafi álitið hana góða fyrirmynd ungra kvenna. „Það er engin spurning að svo frjálslegar fyrirmyndir voru þarfaþing á þessum tíma. Almennt séð var fólk á móti myndasögum á þessum tíma en þær voru þó vinsælar. Myndasögur fyrir konur, rómönsur og ástarævintýri nutu mikilla vinsælda. Þessu var öllu saman mótmælt af siðapostulum. Því þarna voru konur að fara gegn ríkjandi gildum. Konur á framabraut sem hugsuðu um vinnuna og ástarævintýri sín. Þetta frelsi kvenna í sögum þótt ekki heppilegt," segir Úlfhildur.

„Roz Kaveney skrifaði bráðskemmtilega bók um ofurhetjusögur. Í henni talar hún meðal annars um reiði vinkvenna sinna sem eru femínistar yfir því að hún læsi myndasögur. Af því þær væru svo kvenfjandsamlegar. Hún ræðir þessa reiði og hvernig hún finnur í teiknimyndasögum ákveðið frelsi. Í teiknimyndasögum er fólk í búningum, að einhverju leyti í felum og á jaðri samfélagsins. Hún ræðir þessa tengingu sem hún finnur, sem kona og samkynhneigð kona. Það er nefnilega með þessar sögur og margar aðrar að við leitum að hetju. Það sem einum finnst ósiðsamlegt finnst öðrum ekki, það sem einum finnst andfemínískt finnst öðrum þvert á móti," segir Úlfhildur. „Það verða alltaf til nýjar og nýjar hetjur sem bjóða upp á nýjar tegundir af samsömun. Hetjan deyr aldrei, segir Úlfhildur og nefnir nýjustu ofurhetjuna sem dæmi. „Ms. Marvel, þessi íslamska nýja ofurhetja er gott dæmi um það hvernig ofurhetjuímyndin getur tekið breytingum. Mér finnst alltaf mjög þreytandi þegar ofurhetjuheimurinn er einfaldaður. Hann er þvert á móti margslunginn," segir Úlfhildur.

„Peningar ráða öllu og gott gengi Wonder Woman breytir öllu. Það er „game changer"," segir Hugleikur og fagnar velgengninni. „Þetta þýðir væntanlega að núna vilja allir gera stelpuofurhetjumyndir og það er spennandi," segir hann og nefnir nokkrar af þeim kvenkyns ofurhetjum sem honum finnast spennandi um þessar mundir.

„Við munum bráðum sjá í sjónvarpi seríu um Squirrel Girl, eða Íkornastelpuna. Hún er með íkornakrafta og talar íkornamál. Hennar sérstaða felst í að hún er fyndin. Mér finnst skrýtið að það er ekki enn komin mynd um Black Widow, eða Svörtu ekkjuna. Það gæti orðið fyrirtaks njósnamynd. Ég held að Wonder Woman opni margar dyr, það bíða margar spennandi kvenhetjur þess að fá meira rými. Mér þætti rosalega gaman að sjá mynd um Ms. Marvel eða sjónvarpsseríu. Netflix ætti að ríða á vaðið. Ms. Marvel er spennandi ofurhetja, múslimastelpa frá New Jersey sem berst við vonda karla en þarf líka á sama tíma að skila heimavinnunni sinni," segir Hugleikur.

#$&?*

„Það gæti líka verið gaman að sjá mynd um Sex Criminals. Myndasögu sem fjallar um par, þótt fókusinn sé á stelpunni. Þau hafa bæði þá krafta að þegar þau fá fullnægingu þá stöðvast tíminn. Þau nota kraftana til að ræna banka og svoleiðis.

Þá gæti verið gaman að sjá mynd um She Hulk. Þótt að sjálfsögðu þá þyrfti hún nýtt nafn. Það dugar ekki að skella bara forskeytinu She fyrir framan. Hún er áhugaverður karakter, lögfræðingur sem lemur byggingar í millitíðinni. Ég held það sé líka verið að skella í mynd með nokkrum flottum hetjum, Cat Woman, Harley Quinn og Poison Ivey. Svo er Bat Girl alveg frábær. Ég mæli með sögum um hana sem kallast Batgirl of Burnside. Í þeim flytur Batgirl í hipsteraúthverfi Gothamborgar og vondu karlarnir herja í gegnum samfélagsmiðla."

Í uppáhaldi hjá Hugleiki eru líka sögurnar um Buffy the Vampire Slayer. „Hún á tuttugu ára afmæli og er helsta sjónvarpshetjan á eftir Wonder Woman. Buffy er mögnuð kvenhetja."

Hugleikur segir eins og systir hans, ofurhetjuna ódrepandi. „Hún deyr ekki. Áhugi á lestrarefni og myndum um ofurhetjur hefur ekkert dvínað. Þær áhugaverðustu eru breyskar, með sterkan persónuleika. Það er alltaf hægt að finna eitthvað til að tengja við. Fyrirbærið hetja er okkur stanslaus innblástur og það er af því að það er alltaf þörf á hetju."

En hvað með þá gagnrýni sem hefur komið fram á Wonder Woman. Að hún sé ekki femínísk hetja, heldur andstæðan?

„Mér finnst sú gagnrýni áhugaverð. Mér finnst öll umræða um teiknimyndasögur spennandi og eiga rétt á sér. Ég heyri líka sögur um stelpur sem tárast yfir bardagaatriðunum í myndinni. Af því þær hafa aldrei séð slík atriði áður. Það er magnað."

> **ÉG HEYRI LÍKA SÖGUR UM STELPUR SEM TÁRAST YFIR BARDAGAATRIÐUNUM Í MYNDINNI. AF ÞVÍ ÞÆR HAFA ALDREI SÉÐ SLÍK ATRIÐI ÁÐUR. ÞAÐ ER MAGNAÐ.**
> Hugleikur Dagsson




She Hulk þarf nýtt nafn að mati Hugleiks. Hún er lögfræðingur sem lemur byggingar að utan af kröftum.




Ms. Marvel, múslimastelpa frá New Jersey sem berst við vonda karla og þarf líka að klára heimavinnunna.




Frjálslegt stuð í kringum Wonder Woman, segir Úlfhildur um BDSM undirtóna í sögum um hana.



Peningar ráða öllu, segir Hugleikur, og segir velgengni Wonder Woman öllu breyta. Nú vilji allir gera stelpuofurhetjumyndir.



Sérstaða Íkornastelpunnar er að hún er fyndin.


Jóker
KÆLDU ÞIG UPP & NIÐUR
Jóker er seiðandi og ljúffengur vanillupinni frá Kjörís,
með salmíakfyllingu og hjúpaður sterkri lakkrísdýfu.
Kjörís



**Saga til næsta bæjar**

**Stefán Pálsson** skrifar um illþefjandi atvinnugrein.



# Auðæfi úr neðra

Vorið 1905 komst upp kvittur í Reykjavík um að fundist hefði gull í bæjarlandinu. Verktaki á vegum Reykjavíkurbæjar var þá að störfum í Vatnsmýrinni suðaustanverðri við að bora eftir neysluvatni. Vatnsleitin skilaði ekki tilætluðum árangri og fljótlega komust stjórnendur bæjarins að þeirri niðurstöðu að leiða yrði kalda vatnið til bæjarins alla leið frá Gvendarbrunnum. Þau vonbrigði gleymdust þó skjótt þegar fréttin barst af hinum væntanlega gullgróða.

Segja má að skammvinnt gullæði hafi brotist út í Reykjavík þessa vordaga, líkt og tónlistarmaðurinn Gunnar Þórðarson og skáldið Ólafur Haukur Símonarson rifjuðu upp löngu síðar í dægurlaginu „Gull“, sem Eiríkur Hauksson söng inn á plötu. Lóðaeigendur í bænum sáu fram á mikinn hagnað og stofnað var félag um málmleitina.

Hugmyndin um gullfund nánast í miðjum höfuðstaðnum virtist ekkert fráleit. Öllum voru í fersku minni frásagnir af gullævintýrum í Ameríku og ýmsir Vestur-Íslendingar voru sagðir hafa stórgrætt á gullleit í Klondike nokkrum árum fyrr. Sívaxandi hagkerfi Vesturlanda öskraði á hvers kyns málma og jarðefni og sífellt bárust fréttir af merkum uppgötvunum á sviði námugraftar víða um lönd. Hvers vegna ekki líka á Íslandi?

Nákvæmari rannsóknir á hinni meintu gullæð skiluðu litlum árangri. Líklega höfðu bormennirnir látið blekkjast af gylltu svarfi sem til hafði orðið við boranirnar sjálfar. Aðrir álitu að hrekkjalómar hefðu verið á ferðinni og bárust böndin að manni sem nýlega hafði komið frá Kanada. Hvað sem þeim vangaveltum líður dofnaði gullvon Reykvíkinga skjótt þótt stöku menn hafi ekki viljað gefa hana upp á bátinn fyrr en eftir tilraunaboranir á þriðja áratugnum.

En það var ekki bara í Reykjavík sem fréttir bárust af gullfundi árið 1905. Þá um sumarið taldi breskur verkfræðingur sig hafa fundið gull í Kröflu. Í kjölfarið falaðist enska námafyrirtækið sem maðurinn starfaði fyrir eftir kaupum á landi Reykjahlíðar í Mývatnssveit fyrir stórfé en fékk ekki. Fréttirnar af gullinu í Kröflu fóru furðu lágt í íslenskum blöðum, sem gátu þeirra rétt í framhjáhlaupi. Má telja að sú varfærni blaðamanna skýrist af hinu misheppnaða gullæði í Reykjavík skömmu fyrr.

Auk gullsins dýra sagðist sá breski hafi fundið blýhvítu, steinefni sem hafði mikilvægu hlutverki að gegna við málningarframleiðslu. Ekki kom þó til frekari rannsókna á þessum jarðefnum, enda hvarf enska fyrirtækið, Wallace & Co., úr landi skömmu síðar með skuldahala og rúið orðspor.

**Verðmætur útflutningur**

Það var hvorki gull né blýhvíta sem leiddi fulltrúa Wallace & Co. til Mývatnssveitar, heldur áætlanir um brennisteinsvinnslu. Þau áform eru hlekkur í langri keðju tilrauna til brennisteinsnýtingar á Íslandi. Í þeirri sögu skiptast á skin og skúrir. Þegar best lét skilaði brennisteinssala góðum hagnaði, en lítið mátti út af bera þar sem erfitt var að vinna hráefnið, flutningur kostnaðarsamur og markaðsverð sveiflukennt.

Íslendingar hafa flutt út brennistein allt frá tólftu öld. Í fyrstu var efnið notað til lækninga en þó mest í hernaði, ýmist til að framkalla svokallaðan „herbrest“, háværan hvell sem átti að skjóta andstæðingum skelk í bringu eða til að útbúa „gríska eldinn“ – sem var nokkurs konar eldvarpa sem notuð var í sjóorrustum til að kveikja í skipum óvinarins.

Með aukinni púðurframleiðslu á sextándu öld snarjókst eftirspurnin eftir brennisteini í Evrópu og verðið rauk upp í hvert sinn sem stórstyrjaldir brutust út. Helstu brennisteinsnámur álfunnar var að finna á Sikiley, en dönsku krúnunni fannst mikið til vinnandi að þurfa ekki að treysta á innflutning á þessari mikilvægu vöru.

Óvenjulegar jarðfræðilegar aðstæður þarf til að brennisteinsnámur myndist. Það gerist þar sem brennisteinsvetni streymir upp, gengur í samband við súrefni og myndar hreinan brennistein og vatn. Til að þessi blöndun heppnist má andrúmsloft ekki eiga of greiðan aðgang, heldur eru kjöraðstæðurnar í gljúpum og súrefnisríkum jarðvegi. Á Íslandi eru slíkar aðstæður helst í Krísuvík suðvestanlands og á nokkrum stöðum í Þingeyjarsýslu norðanlands.

Danakóngur eignaðist helstu brennisteinsnámur Norðurlands upp úr miðri sextándu öld og nýtti með góðum hagnaði. Mest var brennisteinstakan á Þeistareykjum, þar sem styst var til hafnar á Húsavík. Gengu gjöfulustu námurnar skjótt til þurrðar og slæm umgengni um þær kom í veg fyrir að brennisteinninn endurnýjaðist sem skyldi.

Erfiðleikar við vinnslu og óstöðugt verð gerðu það að verkum að lítil samfella var í brennisteinsnáminu. Hinir og þessir aðilar fengu vinnsluleyfi en héldu fæstir lengi út í einu. Innréttingarnar, iðnfyrirtækið sem Skúli Magnússon fógeti veitti forstöðu, hóf brennisteinshreinsun árið 1753 en fram að þeim tíma hafði allur brennisteinn verið sendur utan til hreinsunar. Fyrstu árin einbeitti fyrirtækið sér að námunum í Krísuvík, en þegar þær gengu til þurrðar hófst vinnsla fyrir norðan. Var brennisteinninn hreinsaður á Húsavík samfellt frá 1762 til 1852 og reyndist brennisteinsvinnslan einna farsælust af hinum fjölmörgu iðntilraunum sem Innréttingarnar brydduðu upp á.

**Eimreiðardraumar**

Hreinsunaraðferðirnar á Húsavík voru ófullkomnar og gengu helst út á að skola efnið með vatni og lýsi. Afurðin sem fékkst með þessum hætti þótti óvönduð og verðlítil. Snemma komu fram hugmyndir um að hreinsa brennisteininn með bræðslu, en þær komu ekki til framkvæmda. Árið 1852 var reksturinn orðinn svo veikburða og námasvæðin í slæmu ásigkomulagi að ákveðið var að hvíla þau um nokkurra ára skeið.

Um 1870 vaknaði enn áhugi á brennisteinsnýtingu í Mývatnssveit og voru þar á ferðinni breskir fjárfestar. Kaupsýslumaður að nafni Lock, sem landsmenn uppnefndu Brennisteins-Loka, fékk hálfrar aldar einkaleyfi á brennisteinsvinnslu árið 1872. Hugmynd hans var sú að leggja járnbraut frá Mývatnssveit til Húsavíkur til efnisflutninga. Ekkert varð úr brautarlagningunni og framleiðslan lognaðist út af nánast strax, sennilega vegna vanefnda erlendra samstarfsaðila.

Þessar áætlanir Locks voru dæmigerðar fyrir stóriðjuhugmyndir hérlendis undir lok nítjándu aldar og í byrjun þeirrar tuttugustu, þar sem landsmenn einblíndu ekki á mögulegar skatttekjur eða störf sem slíkar framkvæmdir myndu skapa, heldur var að miklu leyti horft til óbeins ágóða af samgöngumannvirkjum sem þær kölluðu á. Einkum voru margir spenntir fyrir járnbrautum.

Þegar Wallace & Co. fékk leyfið til brennisteinsvinnslu árið 1904, var eitt af skilyrðunum að ráðist yrði í lagningu járnbrautar innan tíu ára. Voru Norðlendingar raunar svo bjartsýnir að talað var um að verkið hæfist þegar á næsta sumri. Sáu bændur í Þingeyjarsýslu fram á mikla möguleika í flutningi afurða, auk þess sem vonir voru bundnar við að járnbrautir á vegum iðnfyrirtækja yrðu fyrsti vísirinn að stærra og víðtækara lestakerfi í landinu. Sem fyrr segir reyndist þó jafnlítið að marka loforð Bretanna þá og þrjátíu árum fyrr.

Næst var hreyft við hugmyndinni um brennisteinsvinnslu í Mývatnssveit á kreppuárunum. Stjórn Framsóknar og Alþýðuflokks skipaði Skipulagsnefnd atvinnuveganna sem falið var að gera fjölbreyttar tillögur um hvers kyns mögulega nýsköpun í framleiðslu landsmanna. Nefndin lét rannsaka vinnslumöguleika og söluhorfur fyrir brennistein. Í framhaldi af þeim athugunum var stofnað sérstakt fyrirtæki, Brennisteinsverksmiðjan sf. með þátttöku þriggja manna: efnaverkfræðingsins Jóns E. Vestdal og þeirra Þorvaldar Thoroddsen og Ragnars Jónssonar. Þeir síðarnefndu ráku saman Smjörlíkisgerðina Smára, sem Ragnar var einatt kenndur við.

Öfugt við fyrri tilraunir, stefndu félagarnir ekki að því að moka burt brennisteinsgrjóti til hreinsunar og vinnslu annars staðar, heldur hugðust þeir bræða brennisteininn í hitakatli í grennd við námurnar. Með því að snöggkæla brennisteinsgufuna frá katlinum myndi hreinn brennisteinn falla til jarðar sem fínn salli. Þannig fengist mun betri og verðmætari afurð.

Félagið reisti verksmiðjuhús í Bjarnarflagi á árunum 1938-9, samhliða því sem efnistaka á svæðinu hófs. Bræðsla hófst í lok ágúst 1939 og lofaði góðu. Á þriðja degi kom hins vegar í ljós hvílík mistök það voru að reisa húsið úr timbri. Hitinn frá katlinum leiddi til eldsvoða og verksmiðjan brann til kaldra kola.

Stjórnendur fyrirtækisins létu þennan mótbyr ekki á sig fá og fáeinum vikum síðar, í október, var búið að steypa upp nýtt vinnsluhús. Framleiðsla hófst þá þegar og voru starfsmenn í óða önn að undirbúa veislu til að fagna gangsetningunni þegar sprenging varð í kæliklefum hússins, veggir hrundu og gólf sprungu upp.

Enn var ráðist í viðgerðir, en þeim var ekki fyrr lokið en í ljós kom að botn bræðsluofnsins hafði gefið sig. Þar sem ofninn kom frá Þýskalandi reyndist ómögulegt að fá varahluti vegna stríðsins. Framleiðsla féll því niður yfir stríðsárin og þegar friður komst á voru markaðsaðstæður orðnar óhagstæðar með verðfalli á brennisteini.

Aðstandendur Brennisteinsverksmiðjunnar stórtöpuðu á tilrauninni, en voru þó ekki alveg af baki dottnir. Þeir lýstu áhuga sínum við ríkisvaldið að taka þráðinn upp að nýju, en þremenningarnir voru þó ekki hafðir með í ráðum árið 1952 þegar Íslenska brennisteinsvinnslan hf. var stofnuð í húsakynnum gamla fyrirtækisins. Þar var notast við einfaldari vinnsluaðferð sem gaf lakari vöru. Í ljós kom að tækjabúnaður var orðinn gamall og úr sér genginn auk þess sem ný bortækni vestur í Ameríku hafði gert brennisteinsvinnslu þar miklu ódýrari. Nýja fyrirtækið lagði því upp laupana eftir um tveggja mánaða starfstíma. Þar með lauk sögu einhverrar elstu framleiðslugreinar á Íslandi – að minnsta kosti í bili.






# 100% ánægja ...eða við endurgreiðum þér grillið!

## Ef þú kaupir OUTDOORCHEF grill hjá okkur færðu 30 daga reynslutíma með skilarétti

**Við erum svo viss um að viðskiptavinir okkar verði ánægðir með nýja OUTDOORCHEF grillið sitt að við gefum þeim 30 daga til að prófa grillið. Ef viðskiptavinir okkar eru ekki ánægðir með grillið geta þeir skilað því og fengið það endurgreitt!**

ATHUGIÐ: Aðeins eitt grill á viðskiptavin. Grillið á að verða þrifið og í heilu lagi. Bæklingar sem fylgdu grillinu eiga að vera með. Ekki er gerð krafa um að grillið sé í upprunarlegum umbúðum, og það mega vera merki um eðlilega notkun. Tilboðið gildir um öll grill frá OUTDOORCHEF sem keypt eru helgina 9. - 11. júní 2017. 30 daga skiluréttur frá kaupdegi.






BAUHAUS®

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - info@bauhaus.is - www.bauhaus.is



Systir okkar,
**Oddný Elva Hannesdóttir Gerstner**
andaðist að heimili sínu Madison, Alabama U.S.A. 26. maí sl.
Útförin hefur farið fram.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Sigurður Stefán Hannesson – Björn Einarsson**

FALLEGIR LEGSTEINAR
Á GÓÐU VERÐI
Verið velkomin
Bergsteinar
legsteinagerð
Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

Hreinsun & fegrun leiða 893 4034

Nærgætni, hlýja og virðing Við andlát ástvinar
ÚTFARARSTOFA ÚFR REYKJAVÍKUR
Ísleifur Jónsson Útfararstjóri Farsími 821 5353
Steinunn Magnúsdóttir Útfararþjónusta Farsími 861 3441
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA
Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utforin.is
Sverrir Einarsson Kristín Ingólfsdóttir

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

Við erum til staðar þegar þú þarft á okkur að halda
Snævar Jón Andrésson, umsjón útfara

Útfarar- og lögfræðiþjónusta
Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin.
Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.
ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA
Útfararstofa kirkjugarðanna
Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | útför.is



Mörður vinnur ötullega að því að gera heiminn betri. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Munu gróðursetja töfratré

**Aðstandendur verkefnisins Töfrastaða, sem snýst um sjálfbærni, taka í dag við landspildu utan við Þorlákshöfn undir athafnasetur sem nefnist Sandar suðursins.**

Verkefnið Töfrastaðir vinnur að því að bæta aðstæður fyrir plöntur, dýr og fólk og athafnasetrið Sandar suðursins er stærðar skref í þá átt,“ segir Mörður G. Ottesen, forsvarsmaður Töfrastaða sem taka við landspildu í dag í nágrenni Þorlákshafnar. Samningur um það verður handsalaður með viðhöfn en Mörður aðstoðar Gunnstein R. Ómarsson, bæjarstjóra Ölfushrepps, við að gróðursetja þar töfratré.

„Við erum að fá nokkra hektara lands þar sem nú er aðallega sandur, hraun, lúpína og pínulítið melgresi,“ útskýrir Mörður sem kveðst vilja hafa lúpínuna. „Ég vil allt lífrænt sem græðir landið, lúpínan vex ekki hátt út af vindinum hér og við munum örugglega skera hana niður einu sinni eða tvisvar yfir sumarið, þá myndar hún jarðveg. Svo fáum við einn farm af moltu á viku frá Íslenska gámafélaginu og síðan fáum við líka vörubretti og munum búa til skjól fyrir plöntur með þeim. Einnig fáum við eitthvað af kurli.“

> **Við kennum vistvæna hönnunaraðferð sem miðar að því að tengja saman mismunandi þætti í náttúrunni og byggja þannig upp sterkt lífkerfi.**

Til að festa vörubrettin þannig að þau fjúki ekki kveðst Mörður líka fá strigapoka utan af kaffibaunum. „Við munum festa pokana á vörubrettin og setja þyngsli í þá til að halda þeim niðri. Við reynum líka að hafa brettin þannig að þau brjóti vindinn því hann kemur úr öllum áttum og við verðum með bretti fyrir allar áttir. Það hentar okkur þar sem við kennum vistvæna hönnunaraðferð sem miðar að því að tengja saman mismunandi þætti í náttúrunni og byggja þannig upp sterkt lífkerfi.“

Fram undan eru líka viðburðir til fróðleiks og skemmtunar. „Við erum með ýmis námskeið og svo norrænu vistræktarhátíðina um miðjan júlí, þar verða um 80 fyrirlestrar og viðburðir. Þangað kemur margt fræðafólk og við fáum það til að fjölga hugmyndum okkar um hvernig best er að græða upp þetta land sem við erum með. Ein tilraunin felst í að nota kaffisekkina, hálffylla þá af mold, setja í þá fræ og kasta þeim á þekju þar sem vantar bindingu. Þá er hægt að raða saman plöntum sem henta vel saman,“ lýsir Mörður.

Hve margir vinna í Töfrastöðum? „Við erum fjögur á hverjum degi núna og hátt í 20 manns leggja til einhverja vinnu í hverri viku. Meirihlutinn er erlendur en auk mín eru þrír Íslendingar.“

**gun@frettabladid.is**



Alúðarþakkir til ykkar allra fyrir auðsýnda samúð, vináttu og hlýju við andlát og útför mannsins míns, föður okkar, tengdaföður og afa,
**Steingríms Pálssonar**
Ásvallagötu 5.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund fyrir einstaka umönnun hans og hlýju í okkar garð.

**Ingibjörg Pála Jónsdóttir**
**Hildur Steingrímsdóttir**
**Einar Steingrímsson**
**Þóra Steingrímsdóttir** **Haukur Hjaltason**
**Ragnhildur, Elín, Steinunn, Freyr og Halla**



**Arngrímur Vídalín Guðjónsson**
meistari í rennismíði og prófdómari, Holtagerði 4, Kópavogi,

er látinn.
Bálför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Arnar Guðjón Arngrímsson**
**Björgvin E. Vídalín Arngrímsson**
**Hólmfríður Vídalín Arngrímsdóttir**



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
**Kolbrún Ólafsdóttir**
Grandavegi 47, Reykjavík,

lést mánudaginn 29. maí.
Útför fer fram í Dómkirkjunni miðvikudaginn 14. júní klukkan 15.

**Áslaug Stefánsdóttir** **Einar Örn Kristinsson**
**Ingibjörg Þórðardóttir**
**Einar Baldvin Stefánsson** **Ragnhildur Steinbach**
**barnabörn og langömmubörn.**



Þökkum auðsýnda samúð vegna andláts og jarðarfarar móður okkar og tengdamóður,
**Steinunnar Ástgeirsdóttur**
Ártúni 8, Selfossi.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Arndís Ásta Gestsdóttir** **Þorsteinn Árnason**
**Sigríður Gestsdóttir** **Hrafnkell Karlsson**
**Jóna Bryndís Gestsdóttir** **Gunnar Vilmundarson**
**Garðar Gestsson** **Inga Þóra Karlsdóttir**
**Margrét Gestsdóttir** **Hörður Viðar Ingvarsson**
**Sigrún Gestsdóttir** **Guðgeir Veigar Hreggviðsson**

Domino's
TOYOTA

LANDSLEIKUR
ÞRIÐJUDAG 18:15
SPORT

Í OPINNI DAGSKRÁ

# ÍSLAND - BRASILÍA




SPORT BESTA SÆTIÐ
SÍMI 1817 | 365.IS | 365

MYND: MYNDASAFN KSÍ

## Merkisatburðir

**1935** AA-samtökin eru stofnuð
**1940** Noregur féll í hendur Þjóðverja í seinni heimsstyrjöldinni.
**1947** Saab framleiddi fyrsta bílinn sinn.
**1975 Karl 16. Gústaf Svíakonungur kom í opinbera heimsókn til Íslands.**
**1986** Fimm þúsund króna seðill var settur í umferð.
**1993** Steinboginn yfir Ófærufoss í Eldgjá, var fallinn þegar komið var að honum.





Afrekskonurnar komnar í Jöklasel á Skálafellsjökli. Tinna María Halldórsdóttir, Selma Benediktsdóttir, Elísabet Atladóttir, Elín Lóa Baldursdóttir, Októvía Edda Gunnarsdóttir, Íris Ragnarsdóttir Pedersen og Svanhvít Helga Jóhannsdóttir skála í kampavíni.

# Skorpin nef og nokkur sár

**Sjö konur fóru í skemmtiferð um endilangan Vatnajökul á skíðum og gekk vel þrátt fyrir mótvind og dimmviðri lengst af. Gufubað og bjór í Grímsvötnum bjargaði miklu.**

Mér líður ágætlega en við vorum þreyttar þegar við komum til byggða og með eymsli á fótunum eftir skóna, því flestar leigðum við skíði og skó hjá Evrest og því voru þeir okkur nýir.“ Þetta segir Svanhvít Helga Jóhannsdóttir nýkomin úr sex daga gönguferð langsum eftir Vatnajökli, ásamt sex öðrum konum. Allar eru þær jöklaleiðsögumenn hjá Íslenskum fjallaleiðsögumönnum. Hún segir þær hafa verið heldur óheppnar með veður. „Við fengum dálítið mikla austanátt beint á móti okkur, skafrenning og lítið skyggni en einn daginn sáum við til Kverkfjalla og Skaftafellsfjalla.“

Svanhvít á heima í Svínafelli í Öræfum og var ekki þrekaðri en það eftir jökulgönguna að hún dreif sig á dráttarvél í Ingólfshöfða með ferðamenn morguninn eftir. En nú er hún rukkuð um jöklaferðasögu.

> **Við mökuðum á okkur sólarvörn en það er ótrúlegt hvað maður getur sólbrunnið í skafrenningi og poku.**

„Við vorum keyrðar upp í Jökulheima 2. júní, lögðum á jökulinn upp úr hádegi og drógum farangurinn. Hæsti punktur ferðarinnar var Grímsfjall í um 1600 metrum en hækkunin er aflíðandi.

Við vorum með GPS tæki og notuðum áttavitann vel. Í dimmviðri dettur maður næstum í kyrrstöðu því maður veit ekki hvað er himinn og hvað er jörð. Það er því bæði svolítið andlega erfitt og seinlegt að komast áfram en um leið og maður sér, þó ekki sé nema ský á himninum, er ekkert mál að rata beint. Þetta var því lærdómsríkt.

Við stoppuðum í Grímsvötnum, skálinn var fullbókaður því Jöklarannsóknarfélagið var þar í árlegri ferð en við fengum góðar viðtökur. Okkur var sagt að skella okkur í gufubað og opna pakka sem beið okkar og í voru bjórar. Við elduðum mat og skíðuðum svo í tvo tíma áður en við tjölduðum. Að kvöldi sjötta dags komum við niður Skálafellsjökul og þar biðu okkar bílar.

Við vorum einum sólarhring lengur en áformað var, því við biðum af okkur vont veður. Alvarlegustu kvillarnir voru sólbruni, skorpið nef og nokkur sár og blöðrur á fótum. Við mökuðum á okkur sólarvörn en það er ótrúlegt hvað maður getur sólbrunnið í skafrenningi og poku.“ **gun@frettabladid.is**

---

✝



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa

**Guðmundar Bjarnasonar**
rafvirkjameistara
Klapparstíg 5a.

**Brynhildur Bjarnarson**
**Sturla R. Guðmundsson** · **Eyrún Ísfold Gísladóttir**
**Ingibjörg Guðmundsdóttir** · **Bergþór Guðjónsson**
**Elín Guðmundsdóttir** · **Páll Þormar**
**Hafsteinn Guðmundsson** · **Soffía Káradóttir**
**Jón Bjarni Guðmundsson** · **Brynhildur Pétursdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Hugheilar þakkir fyrir samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,

**Jóns Helga Hálfdanarsonar**
Heiðarbrún 16, Hveragerði.

Sérstakar þakkir til starfsfólks lyflæknisdeildar HSU Selfossi.

**Jóna Einarsdóttir**
**Inga Jónsdóttir** · **Þorgils Baldursson**
**Hálfdan Jónsson** · **Astrid Wormdal**
**afa- og langafabörn.**

---

✝



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Jóhannes Guðmundsson**
verkfræðingur,
Dalbraut 14, Reykjavík,
áður til heimilis að Laugalæk 48,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni, fimmtudaginn 1. júní. Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju í Reykjavík þriðjudaginn 13. júní kl. 13. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarfélög.

**Guðrún María Tómasdóttir**
**Tómas Jóhannesson** · **Pálína Héðinsdóttir**
**Helgi Jóhannesson** · **Gunnlaug H. Einarsdóttir**
**Sigríður Jóhannesdóttir** · **Skarphéðinn B. Steinarsson**
**Guðmundur Þ. Jóhannesson** · **Laufey Ása Bjarnadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Ástkær eiginkona mín, móðir og stjúpmóðir,

**Ásta Lilja Kristjánsdóttir**
frá Siglufirði,
til heimilis að Vesturgötu 7,

andaðist á lungnadeild Landspítalans 2. júní. Jarðarförin verður gerð frá Hallgrímskirkju mánudaginn 12. júní kl. 15.

Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hinnar látnu láti Samtökin ´78 njóta þess. Reikningsnr. 0513-26-78 Kennitala 450179-0439.

**Sigurður Jón Ólafsson**
**Melkorka Sigurðardóttir** · **Steinar Logi Sigurðsson**
**Rósa Huld Sigurðardóttir** · **Klara Dögg Sigurðardóttir**

---

✝



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Ragnar Hilmar Þorsteinsson**
múrarameistari,
Jötunsölum 2, Kópavogi,

lést á hjartadeild Landspítalans 7. júní.

**Kristín Hrefna Kristjánsdóttir**
**Guðlaug Ragnarsdóttir** · **Birgir Bjarnason**
**Kristján Hjálmar Ragnarsson** · **Kristjana Una Gunnarsd.**
**Sigríður Ragnarsdóttir** · **Trausti Gylfason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Benóný Benediktsson**
Borgarhrauni 7, Grindavík,

lést þriðjudaginn 6. júní á hjúkrunarheimilinu Víðihlíð, Grindavík. Útför auglýst síðar.

**Ása Lóa Einarsdóttir**
**Ellen Björnsdóttir**
**María Benónýsdóttir** · **Hörður Guðbrandsson**
**Edda Benónýsdóttir** · **Jóhann Örn Kristinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug vegna andláts og útfarar ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Sigríðar Sigurðardóttur**
Flögu II, Skaftártungu.

**Ásta Sigrún Gísladóttir**
**Vigfús Gunnar Gíslason** · **Lydía Pálmarsdóttir**
**Sigurður Ómar Gíslason** · **Þórgunnur María Guðgeirsdóttir**
**Jóna Lísa Gísladóttir** · **Örn Guðmundsson**
**Sigurgeir Bjarni Gíslason** · **Jóhanna Lind Elíasdóttir**
**Sverrir Gíslason** · **Fanney Ólöf Lárusdóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**

# Fernur eiga framhaldslíf

**Tappinn er unninn úr plöntum**

**Þegar mjólkin er búin er best að brjóta fernuna saman og skila henni í pappírsgám/-tunnu svo hún öðlist framhaldslíf**




**Pappinn er unninn úr trjám**

**Fernan gæti í framhaldinu orðið morgunkorns- eða pitsakassi**

## Umhverfisvænni umbúðir

Nýju mjólkurfernur MS eru framleiddar úr endurnýjanlegu hráefni úr plönturíkinu. Umbúðirnar eru þær umhverfisvænstu sem völ er á fyrir drykkjarmjólk en pappinn kemur úr ábyrgri skógrækt og plastið er unnið úr plöntum í stað olíu. Með þessari nýju aðferð er ekki gengið á takmarkaðar auðlindir jarðar við framleiðsluna og á sama tíma er dregið úr losun koltvísýrings út í andrúmsloftið.

FSC FORESTS FOR ALL FOREVER

*Sjá nánar á ms.is*

# KROSSGÁTA & ÞRAUTIR

## LÁRÉTT

**1** Þessi álma er fyrir aðkomufólk, af því er nóg (11)
**11** Verkunarmáttur virkar á þann sem virkar á þig (10)
**12** Átta mig á að sólarhringstími mundi líða (11)
**13** Leita grindar sem gæti orðið uppistaða skipulags (10)
**14** Ef tappapróf klikkar hættum við að reyna (11)
**15** Hér segir af fornri frægð, jafnvel ævafornri (9)
**16** Stríðnar dansa um stó, undir óma heitingar og sprengingar (11)
**17** Uppskrift fyrir hinar vegna hinnar sem var skrifuð upp (10)
**23** Næ tali af stærstu stjörnunni út frá skiptiborðinu (12)
**28** Ber ei virðingu fyrir neinu, því allt er einskis vert (9)
**29** Straumur játninga og bindandi forkaupssamninga (8)
**31** Fetum slóð hins íslenska léns hér eftir (9)
**32** Hér snýst allt um visku og kærleika (8)
**33** Fer í kringum stjórn og stjórnun (5)
**35** Ljóskúpull úr gleri geymir margra meina bót (9)
**38** Skapari Nýs lífs á sér draum um að komast í hús (6)
**39** Komum hálsum til heljar (6)
**41** Frá olíkum áhrifum eiturs til hreinsunar (10)
**42** Jón tuðra er skemmdur og úr skorðum (8)
**45** Komdu þér í skjól, Íbbi bróðir (4)
**46** Góður staður til skrifta fullyrði ég, svart á hvítu (9)
**47** Ætli högg hafi aðdráttarafl fyrir fólk í þessu liði? (8)
**48** Þetta góðgæti er á skrá, annað væri rugl (4)
**49** Máltöku verður ekki frestað með fólskubragði (9)

## LÓÐRÉTT

**1** Eldglas, segirðu? Ég segi brúsbokka! (9)
**2** Galdur guma má rekja til galdraguma (9)
**3** Setan eða legan? Í hvoru fólust mótmælin? (9)
**4** Ein mulin taug og ég ruglast á blæ brúnaljósa (9)
**5** Leysi allar þrautir einn, tveir og ex (9)
**6** Aftökutæki nefndarinnar blekkir ekki bráðsnjallan (9)
**7** Greiðir tvö misseri í bókasafni Selfoss og nágrennis (8)
**8** Næ ekki nógu langt með banvænan bita (8)
**9** Heil sveit gufaði upp og þið hörfið (8)
**10** Ræktaði tréð þrátt fyrir grikkina (8)
**18** Rambar alltaf á réttu ráðstefnurnar (7)
**19** Hin grimma gjá er víða um land (7)
**20** Hef það eftir allra traustustu og lærðustu mönnum (9)
**21** Raggi óskar mér til hamingju með þvertrén góðu (6)
**22** Símaokrið er þið þvælist milli landa er brátt úr sögunni (6)
**24** Sé móðuna hylja haf, hólma og hlíðarfót (9)
**25** Brennivín freka fer í hundskjaftinn villta (9)
**26** Tortryggi vímaðar á valdi óvissunnar (9)
**27** Flaðra út um allt ef smá leifar eru í boði (12)
**30** Einar velja hempur, aðrar efnisminni gopa (10)
**34** Á mér ímyndað tungumál sem ég þróa í frístundum (8)
**36** Gaf fría en ringlaða ókapafrændur (7)
**37** Rek asna sjálfur nema ég finni óruglaðan fagmann (7)
**40** Hef mína kú í grænlenskum konubát, sé hún í uppnámi (6)
**43** Hræri í Mats í krafti míns embættis (4)
**44** Hvað er þessi ráðvillti gaur að kvabba? (4)





**LAUSNARORÐ** Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist nokkuð sem flestir hafa með sér á ferðalögum (11). Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 15. júní næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „10. júní“.

Lausnarorð síðustu viku var

**B R A G Ð A R E F U R**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | 1 | | | 2 | 5 | | |
| | | 2 | | 5 | 9 | 8 | 1 | |
| | | | | | 3 | | 4 | 6 |
| | 6 | | 8 | | | | 2 | |
| | 5 | 8 | 1 | | 7 | | | 9 |
| | | | | 6 | | | | |
| 1 | 9 | 5 | | 4 | | | | |
| | | | | 7 | | | 3 | |
| 4 | | 7 | 9 | | | 1 | 8 | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 3 | | 1 | 9 | | | |
| 7 | 8 | | | | 6 | | | |
| | 2 | 4 | 7 | | 5 | | | |
| | 3 | | 5 | | | | 7 | |
| 2 | | 5 | | | 1 | | | |
| 1 | | 9 | | | 8 | 2 | | |
| | | | 6 | | 7 | 9 | 5 | |
| 4 | | 8 | | | | | 1 | |
| 5 | | | | | | | 8 | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | | 6 | | 2 | 4 | | |
| | 6 | 2 | 4 | | | 5 | 7 | |
| | | | | | | | 8 | |
| | | 6 | 8 | 4 | 7 | | | |
| | | | | | 1 | | 4 | 6 |
| | | 5 | 2 | | | | | 7 |
| | | | | 6 | 9 | | | |
| | 4 | | | 7 | | 1 | | |
| 6 | 1 | 7 | | | | | 3 | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 8 | 1 | 7 | 4 | 2 | 6 | 9 | 3 |
| 9 | 2 | 4 | 8 | 6 | 3 | 5 | 1 | 7 |
| 3 | 6 | 7 | 5 | 9 | 1 | 2 | 8 | 4 |
| 1 | 4 | 8 | 9 | 2 | 7 | 3 | 5 | 6 |
| 2 | 5 | 6 | 3 | 8 | 4 | 1 | 7 | 9 |
| 7 | 3 | 9 | 1 | 5 | 6 | 4 | 2 | 8 |
| 4 | 9 | 2 | 6 | 1 | 8 | 7 | 3 | 5 |
| 6 | 7 | 5 | 2 | 3 | 9 | 8 | 4 | 1 |
| 8 | 1 | 3 | 4 | 7 | 5 | 9 | 6 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 8 | 3 | 4 | 9 | 2 | 1 | 7 | 5 |
| 9 | 4 | 5 | 1 | 8 | 7 | 2 | 3 | 6 |
| 2 | 7 | 1 | 6 | 5 | 3 | 4 | 8 | 9 |
| 7 | 9 | 4 | 2 | 6 | 5 | 3 | 1 | 8 |
| 3 | 6 | 8 | 7 | 1 | 9 | 5 | 2 | 4 |
| 1 | 5 | 2 | 8 | 3 | 4 | 9 | 6 | 7 |
| 4 | 1 | 9 | 3 | 7 | 8 | 6 | 5 | 2 |
| 5 | 3 | 7 | 9 | 2 | 6 | 8 | 4 | 1 |
| 8 | 2 | 6 | 5 | 4 | 1 | 7 | 9 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 8 | 5 | 2 | 9 | 1 | 7 | 4 | 3 |
| 9 | 1 | 7 | 3 | 4 | 8 | 6 | 2 | 5 |
| 2 | 3 | 4 | 5 | 7 | 6 | 8 | 9 | 1 |
| 3 | 9 | 2 | 6 | 8 | 4 | 5 | 1 | 7 |
| 1 | 5 | 6 | 7 | 2 | 3 | 9 | 8 | 4 |
| 4 | 7 | 8 | 9 | 1 | 5 | 2 | 3 | 6 |
| 5 | 4 | 3 | 8 | 6 | 2 | 1 | 7 | 9 |
| 7 | 2 | 1 | 4 | 5 | 9 | 3 | 6 | 8 |
| 8 | 6 | 9 | 1 | 3 | 7 | 4 | 5 | 2 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.




FORLAGIÐ

**VEGLEG VERÐLAUN**
Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Löggan eftir Jo Nesbø** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Halldór Ármannsson Reykjavík.**

## Bridge Ísak Örn Sigurðsson

### Norðurlandamótið

Norðurlandamótið í bridge fór fram um síðustu helgi. Gestgjafarnir voru Danir og mótið fór fram í Horsens í Danmörku. Spilað var í opnum flokki og kvennaflokki og sendi Ísland lið í báða flokkana. Landslið Íslands í opnum flokki var skipað Helga Sigurðssyni, Hauki Ingasyni, Aðalsteini Jörgensen og Bjarna H. Einarssyni. Kvennalandsliðið var skipað Hörpu Fold Ingólfsdóttur, Sigþrúði Blöndal, Ingibjörgu Guðmundsdóttur og Sólveigu Jakobsdóttur. Landsliðið í opna flokknum byrjaði vel og var í forystu í fyrri hluta mótsins. Það gaf eftir í síðari hluta mótsins og endaði í fjórða sæti, en landslið Svíþjóðar vann keppnina með 119,05 stig. Landslið Dana endaði í öðru sæti með 106,55 stig, Noregur endaði í þriðja sæti með 104,79 stig og Ísland með 101,56 stig. Danska kvennalandsliðið vann kvennaflokkinn en íslenska kvennalið endaði í 6. sæti. Spil dagsins er úr mótinu. Ísland spilaði við Finna í opna flokknum í fyrstu umferð og græddi vel á þessu spili. Vestur gjafari og enginn á hættu.

**Norður**
♠ 108
♥ Á10
♦ G104
♣ K98754

**Vestur**
♠ K964
♥ K43
♦ K652
♣ 32

**Austur**
♠ DG7
♥ 9852
♦ 98
♣ DG106

**Suður**
♠ Á532
♥ DG76
♦ ÁD73
♣ Á

Finnar sátu í AV og Haukur og Helgi í NS. Vestur hóf sagnir á einum tígli með punktalitla hönd og átti eftir að sjá verulega eftir því. Sú opnun var pössuð yfir til Helga í suður sem doblaði. Haukur stökk í 3 lauf til að sýna einhvern styrk og Helgi reyndi 3 grönd sem austur doblaði vegna laufstyrk síns. Útspil vesturs var tígulfimma sem Helgi átti á gosann í blindum. Helgi þurfti ekki á laufinu að halda og spilaði næst tígli á drottningu. Vestur drap á kóng og skipti yfir í laufaþrist. Helgi átti slaginn á ás og og spilaði næst hjarta á ás og hjartatíu. Níu slagir fengust þannig, 1 á spaða, 3 á hjarta og tígul og 2 á lauf. Leikurinn vannst 35-19 í impum talið og þetta spil var 12 impa virði. Samningurinn var einnig 3 grönd á hinu borðinu sem fóru 1 niður.

## Skák Gunnar Björnsson

Horvat átti leik gegn Nikolice í Zabreb í Júgóslavíu árið 1951.

**Svartur á leik**

**1...Hh1+! 2. Bh3+ Bg3+! 3. Hxg3 Kf6 0-1.** Kramnik og Nakamura eru efstir á ofurmótinu í Noregi að loknum þremur umferðum. Fjórða umferð fer fram í dag.

**www.skak.is**: EM einstaklinga lýkur í dag.



# SEIÐANDI SUMARLESTUR




Híf opp! - Gamansögur af íslenskum sjómönnum
VILDARVERÐ: 2.799.-
Verð: 3.499.-




Eftirlýstur
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð: 3.899.-




Með lífið að veði
VILDARVERÐ: 2.999.-
Verð: 3.499.-




Morðið í Gróttu
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð: 3.899.-




Stofuhiti
VILDARVERÐ: 3.699.-
Verð: 4.299.-




Talin af
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð: 3.899.-




Brestir
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð: 3.899.-




Íslensk öndvegisljóð
VILDARVERÐ: 5.999.-
Verð: 6.999.-




Sagan af barninu sem hvarf
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð: 3.899.-




Gestir utan úr geimnum
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð: 3.899.-




Uggur og andstyggð í Las Vegas
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð: 3.899.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

PENNINN Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er til og með 11. júní eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

## Konráð og félagar á ferð og flugi 253

Bragi Halldórsson

„Þar fór í ver,“ sagði Konráð. „Okkur liggur svo mikið á en þurfum að komast í gegnum þetta völundarhús fyrst.“ Hann dæsti og bætti við vonsvikinn, „við verðum of sein.“ „Eins og ævinlega,“ sagði Kata.

Getur þú hjálpað félögunum að komast í gegnum þetta völundarhús?







Valva Nótt og Ása Georgía eru búnar að fara saman á hjólabrettanámskeið, karatenámskeið og í ballett. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Langar til að lækna

Þær Valva Nótt og Ása Georgía eru sex ára og bestu, bestu vinkonur.

Valva Nótt Ómarsdóttir og Ása Georgía Þórðardóttir Björnsson urðu vinkonur þegar þær hittust í Ísaksskóla síðasta haust. Þá settust þær í fimm ára bekk en eru orðnar sex ára núna. Þær voru kátar í útskriftarveislu skólans í síðustu viku, sungu og dönsuðu. Þær eru sammála um að lagið Sautján þúsund sólargeislar hafi verið skemmtilegast.

**En hvað ætluðu þær að gera næsta dag, þegar enginn skóli var lengur?**

**Ása:** Kannski fara í sund?

**Valva:** Jónína amma ætlar að kenna mér að lesa og ef ég verð dugleg þá fæ ég verðlaun. Ég ætla til hennar á morgun.

**Hittist þið vinkonurnar líka utan skólans?**

**Valva:** Já, já. Ég fékk einu sinni að gista hjá Ásu. Þá horfðum við á mynd og borðuðum popp.

**Hvað finnst ykkur langskemmtilegast að gera?**

**Ása:** Mér finnst skemmtilegast á hjólabretti. Við Valva fórum saman á hjólabrettanámskeið í vetur.

**Valva:** Svo fórum við líka á karatenámskeið og í ballett.

**Hvað ætlið þið að gera í sumar?**

**Saman:** Við ætlum í sumarskóla.

**Valva:** Ég fer líka örugglega norður á Húsavík.

**Ása:** Og ég í Birkihlíð. Það er sumarbústaður og ég fer þangað til að kasta steinum í vatnið og fara í hengirúmið.

**Hvað langar ykkur að verða þegar þið verðið stórar?**

**Valva:** Mig langar að verða læknir.

**Ása:** Mig langar að verða dýralæknir.

## Leikurinn

**Öll skip úr höfn/stórfiskaleikur**

Leikurinn hefst á því að allir raða sér upp við enda leiksvæðis, þar er höfn og hinum megin er önnur höfn. Einn leikmaður er „hann“ og stendur á miðju svæðinu. Þegar hann kallar „öll skip úr höfn“ eiga hinir að hlaupa þvert yfir svæðið og í hina höfnina. Þeir eiga að hlaupa helst sem næst „honum“ og þá reynir „hann“ að klukka sem flesta.

Í næsta leik eru þeir sem voru klukkaðir með „honum“ í liði og svo koll af kolli uns aðeins einn er eftir. Sá er „hann“ í næsta leik og reynir að klukka sem flesta.








## Lestrarhestur vikunnar Elva Qi Kristinsdóttir

**Hvað er skemmtilegast við bækur?** Það gerist margt í þeim og það eru flottar myndir.

**Hvaða bók lastu síðast og um hvað var hún?** Skúla skelfi. Hún var um Skúla að búa til sögur um heimsmet. Hún var skemmtileg.

**Manstu eftir fyrstu bókinni sem var í uppáhaldi hjá þér?** Ys og þys í Erilborg eftir Richard Scarry. Afi minn og amma þýddu hana á íslensku.

**Hvers lags bækur þykir þér skemmtilegastar?** Spennandi bækur eins og Óvættafór. Og ævintýrasögur.

**Í hvaða skóla gengur þú?** Ég var að klára 2. bekk í Vesturbæjarskóla. Inga Kristín var kennarinn minn.

**Ferðu oft á bókasafnið?** Dáldið mikið. Tvisvar í viku. Stundum oftar í skólanum mínum.

**Hver eru þín helstu áhugamál?** Fótbolti og sund. Mér finnst líka skemmtilegt að lesa. Stundum finnst mér gaman að spila á fiðlu með pabba mínum eða perla. Það er líka gaman að vera úti. Mér finnst líka skemmtilegt að smíða.




Elva Qi fékk einmitt í verðlaun bókina Ys og þys í Erilborg sem afi hennar og amma þýddu.

Að venju efna Borgarbókasafnið, Bókmenntaborgin og Forlagið til sumarlesturs á meðal barna. Fyrir hverja lesna bók skrá lesendur nafn sitt og titil bókarinnar á þar til gerða miða og setja í pott sem dregið er úr vikulega. Lestrarhestur vikunnar hlýtur bók að launum.


BORÐ- OG GÓLFVIFTUR
VERÐ FRÁ 3.495
30%
GÓLFVIFTA
40cm
VERÐ ÁÐUR... 5.995
TILBOÐ ......... 4.195
BORÐVIFTA
40cm
BORÐVIFTA
30cm
VERÐ ÁÐUR... 4.995
TILBOÐ ......... 3.495
20%
CONTIGO
KYNNINGAR
AFSLÁTTUR
HELGARSPRENGJA
20-70% AFSL.
byggtogbúið
KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS
ALLIR
HÁRBLÁSARAR
20% - 30%
GRILLÁHÖLD
30% - 50%
KUCHENPROFI
KJÖTHITAMÆLIR
ÞRÁÐLAUS DIGITAL
30%
VERÐ ÁÐUR... 6.995
TILBOÐ ......... 4.895
KUCHENPROFI
KJÚKLINGA
STANDUR
30%
VERÐ ÁÐUR... 6.995
TILBOÐ ......... 4.895
HAMBORGARAPRESSA
50%
VERÐ ÁÐUR... 1.295
TILBOÐ ............645
KUCHENPROFI
GRILLÁHÖLD
3STK
30%
VERÐ ÁÐUR...4.995
TILBOÐ .........3.495
50%
Scou KJÖTHITAMÆLIR DIGITAL
VERÐ ÁÐUR...3.995
TILBOÐ .........1.995
PIZZASTEINN Í GRIND
30sm
30%
VERÐ ÁÐUR...4.495
TILBOÐ .........3.145
BOHEMIA BJÓRGLÖS
50%
2 STK 550 ML
VERÐ ÁÐUR...1.995
TILBOÐ ............995
OBH
SMOOTHIE
TWISTER
25%
2 glös fylgja! BPA frítt.
VERÐ ÁÐUR...7.995
TILBOÐ .........5.995
ASA SELECTION
GERMANY
30%
CUISINE
KERAMIK
PÖNNUR
2stk 24 og 28cm
VERÐ ÁÐUR...15.995
TILBOÐ ...........4.995
70%
WMF
Char-Broil
GRILLSUMARIÐ
ER HAFIÐ
Frí heimsending
á höfuðborgarsvæðinu!
TRU-Infrared er byltingarkennd nýjung sem tryggir jafnari hitadreifingu,
útilokar að eldur logi upp yfir grindurnar og notar minna gas.
2ja brennara:
• 2 brennarar 6,2kw/klst
• Grillflötur: 47x47 cm
• HxBxD: 113x118x55
FULLT VERÐ ..... 79.995
TILBOÐ ........... 59.995
3ja brennara:
• 3 brennarar 8,8kw/klst
• Hliðarbrennari: 3,8kw
• Grillflötur: 67x47 cm
• HxBxD: 116x139x55
FULLT VERÐ ... 109.995
TILBOÐ ........... 94.995
4ja brennara:
• 4 brennarar 11,7kw/klst
• Hliðarbrennari: 3,8kw
• Grillflötur: 79x47 cm
• HxBxD: 120x150x55
FULLT VERÐ ... 139.995
TILBOÐ ......... 119.995

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur




Norðaustan 5-13 og úrkomulítið og bjart með köflum vestan- og norðanlands. Hiti 6 til 16 stig, hlýjast SV-til, en svalast á annesjum norðanlands.

## Heimurinn

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannah. 19° | Oslo 15° | Stokkhólmur 20° | Gautaborg 18° | Helsinki 18° | Þórshöfn 9° | Nuuk 7° |
| London 21° | Amsterdam 20° | París 25° | Berlín 20° | Madríd 32° | Brussel 21° | Róm 31° |
| Boston 17° | New York 19° | Orlando 24° | Moskva 19° | Singapúr 27° | Tókýó 21° | Sydney 14° |

SÓL OG SUMAR !

SIGLING KEISARALEIÐIN
30. júlí - 09. ágúst I 10 nætur




INDVERSKT SUMAR UM HAUST
14. - 25. nóvember I 11 nætur




Bjarmaland ferðaskrifstofa
www.bjarmaland.is sími 770 50 60
bjarmaland@bjarmaland.is




## Reykjavík



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 12° ↙6 | 12° ↓2 | 11° ↘6 | 11° ↓3 | 11° →4 |

## Ísafjörður



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 6° ↙6 | 3° ↙7 | 9° ←5 | 4° ↙7 | 9° ↙5 |

## Akureyri



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 9° ↙5 | 4° ↘4 | 9° ↓3 | 9° ←4 | 7° ↘3 |

## Egilsstaðir



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 5° ↓9 | 8° ↓7 | 7° ↓3 | 6° ↙4 | 6° ↓5 |

## Kirkjubæjarklaustur



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 13° ↙6 | 12° ↗9 | 11° ←8 | 10° ←9 | 16° ↘3 |

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



markhönnun ehf

# nettó

## Nýtt í **Nettó**

### Lífrænar kaffiblöndur

Peter Larsen Kaffe®



LÍFRÆNA BLANDAN
MALAÐ - 400 GR.
**759 KR**

ÖKOLOGISK FAIRTRADE
MALAÐ - 400 GR.
**898 KR**

ÖKOLOGISK FAIRTRADE
GRÓFMALAÐ - 400 GR.
**898 KR**

## Kaffi **baunir**

Mikið úrval af gæða baunum.



CAFÉ ESPRESSO
400 GR.
**759 KR**

MEXICO CHIAPAS
200 GR.
**898 KR**

EÞÍÓPÍA BAUNIR
200 GR.
**898 KR**

MOCCA BAUNIR
ESPRESSO 200 GR.
**898 KR**

KENYA AA BAUNIR
200 GR.
**898 KR**

## Kaffi **blöndur**

Finndu þína uppáhalds blöndu.



GRÁA BLANDAN
MALAÐ - 400 GR.
**498 KR**

RAUÐA BLANDAN
MALAÐ - 500 GR.
**759 KR**

SANTOS COLOMBIA
BAUNIR - 500 GR.
**779 KR**

JAVA COLOMBIA
BAUNIR - 500 GR.
**779 KR**

## **Skyndi**kaffi



CLASSIC
ÖKOLOGISK - 100 GR.
**898 KR**

KOFFEIN FRI
ÖKOLOGISK - 100 GR.
**998 KR**

**www.netto.is**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Búðakór • Grandi • Mjódd • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Iðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



# Gefur okkur von þrátt fyrir vonleysi mannkyns

**Sjón varð fyrir skömmu þriðji rithöfundurinn til þess að leggja verk inn í Framtíðarbókasafn skosku listakonunnar Katie Paterson í Osló. Þar mun verkið liggja ólesið fram til ársins 2114.**



Katie Paterson, Sjón og Anne Beate Hovind í skóginum utan við Ósló þar sem bækur Framtíðarbókasafnsins gróa og skáldið afhenti verk sitt til varðveislu.
KATIE PATERSON, FUTURE LIBRARY 2014-2114/PHOTO ©BJØRVIKA UTVIKLING BY KRISTIN VON HIRSCH

Það var dásamleg tilfinning að fá að deila titlinum. Án þess að fá að deila titlinum hefði þetta orðið óbærilegt. En með því að deila honum þá er það á einhvern hátt staðfesting á því að maður sé búinn að gera eitthvað og að eitthvað raunverulegt sé þarna í kassanum sem verður ekki opnaður fyrr en eftir 97 ár,“ segir rithöfundurinn Sjón sem fyrir skömmu varð þriðji höfundurinn til þess að leggja verk inn í Framtíðarbókasafn Óslóborgar sem er afsprengi hugmyndar skosku listakonunnar Katie Paterson.

Framtíðarbókasafnið byggir á því að á sérstökum stað í skóglendi Óslóborgar hefur verið plantað 1.000 trjám sem fá það hlutverk í framtíðinni að verða nýtt til pappírsframleiðslu eftir hundrað ár, á hundrað verkum jafn margra höfunda. Árlega í eina öld leggur höfundur inn verk til safnsins en fyrsta árið var það Margaret Atwood, þá David Mitchell og nú þriðja árið er komið að Sjón. Verkin verða geymd ólesin í sérstöku herbergi í nýju borgarbókasafni í Ósló, sem er í byggingu um þessar mundir, fram til ársins 2114, þegar þau munu í fyrsta sinn koma fyrir augu lesenda, annarra en skapara sinna. En höfundum er einungis heimilt að deila titli verka sinn með samtímamönnum og titillinn á verki Sjón er:

**VII**
*Þegar enni mitt strýkst við kjólfald engla*

*eða*

*Nokkuð um fallturninn, rússíbanann, snúningsbollana*
*og önnur tilbeiðslutæki frá tímum síðiðnvæðingarinnar*

## Frá hugmynd til veruleika

Þessi stóri titill sem er í raun eins og ljóð í sjálfu sér gleður Katie Paterson sem segir gaman að fá að gefa lesendum svona smá smakk á verki sem nú fái að liggja í dvala í 97 ár.

Katie Paterson er eins og skógur hugmynda, uppsprettan virðist óþrjótandi, allt getur sprottið. Framtíðarbókasafnið er ein af þeim hugmyndum og hún segir að fyrir fimm eða sex árum hafi hún setið í lest og verið að teikna trjáhringi í teikniblokkina sína. „Síðan kom þessi tenging á milli trjáhringja, kafla og bókar. Mér fannst þetta vera augljóst og skildi ekkert í mér að hafa aldrei séð hvað þetta liggur beint við. Bók er tré. Hún þróast og þroskast á ólíkan máta en myndar svo þessa einstöku heild þar sem engar tvær bækur eru eins. Væri ekki dásamlegt að rækta bók eins og við ræktum tré? Og ekki bara eina bók heldur heilan skóg af bókum.

Svona byrjaði þetta en hugmyndin að láta nýjan höfund rækta nýja bók á hverju ári kom dálítið seinna. Með því finnst mér eins og hver og einn höfundanna sé orðinn að kafla í þessu stóra heildarverki eða safni. Eitthvað sem er plantað í jörð fyrir komandi kynslóðir,“ segir Katie og bætir við að það sé nú ekki endilega vandinn að fá slíka hugmynd því annað sé að láta hana verða að veruleika. „Það var á því stigi sem Anne Beate kom til sögunnar. Hún er einstök kraftaverkakona.“

Anne Beate Hovind er þekkt framkvæmdakona og stuðningsaðili við listir í Noregi og það var hún sem bar hitann og þungann af því að gera hugmynd Katie að veruleika. En Katie segir að upphafið að kynnum þeirra megi rekja til þess að henni hafi verið boðið á ráðstefnu um hægt rými, það er að segja rými sem vex og mótast á löngum tíma. „Innan þessa verkefnis var verið að styrkja listsköpun út frá þessari hugmynd, að verkin fengju tíma. Mættu vaxa inn í það rými sem þeim var úthlutað og mig minnir að við höfum verið eitthvað að vinna í skóginum þegar þessi litla og dálítið galna hugmynd kom aftur upp í kollinum á mér.

Ég stundi þessari hugmynd upp við Anne Beate og blessunarlega þá býr hún yfir þeirri sýn og því hugrekki sem fáir sem styðja við listir hafa í raun og veru. Hún greip hugmyndina á lofti og nokkrum árum síðar tókst henni að sannfæra borgaryfirvöld í Ósló um að láta okkur eftir skóglendi. Það var ekki fyrr en í framhaldi af því sem við fórum að biðja rithöfunda um að taka þátt og planta trjám.“

## Hefur hjálpað mér að skilja

Það var mildur og fallegur dagur í skóginum rétt utan við Ósló þegar Sjón afhenti verkið sitt til varðveislu í Framtíðarbókasafninu. Fjöldi fólks safnaðist saman, sumir langt að komnir, og við athöfnina söng Ásgerður Júníusdóttir, eiginkona Sjón, tvö lög við undirleik Marion Herrera hörpuleikara og það var dálítið íslenskt sumar í lofti. Þetta var falleg stund og Sjón segir að á göngunni inn í skóginn hafi hann áttað sig á því að þetta verk var unnið eins og sáning.

„Ég tók við þessu fræi frá Katie síðastliðið haust og svo var það að spíra innra með mér langt fram eftir í vetri. Anne Beate spurði mig á leiðinni inn í skóg hvort það væri komið sumar á Íslandi og þá gerði ég mér grein fyrir þessu, að ég hafði sáð að hausti og nú væri sprotinn kominn í ljós þarna í skóginum,“ segir Sjón hugsi og bætir við að það sé merkilegt með þetta verkefni að það sé eins og það framleiði myndlíkingar.

„Það framleiðir tengsl og það felur í sér svo mikla orku vegna þess að það á heima í raunverulegum skógi. Núna þegar ég hef séð, snert og talað við þessi litlu tré, þá finn ég þessa orku. Þetta er að sönnu einstakur fundur hugar og handar. Hins andlega og hins náttúrulega. Og það er þess vegna sem verkefnið framleiðir myndlíkingar án fyrirhafnar.“

Á fundi með bókasafnsgestum seinna um daginn, fyrir fullu húsi, minntist Sjón líka á að það hefði komið honum á óvart hvað það fól í sér margar spurningar að skrifa verk sem enginn ætti eftir að fá að lesa fyrr en eftir öll þessi ár og að honum gengnum. „Ég vona að ég verði ekki eini höfundurinn sem finnst þetta vera erfitt ferli. Fyrst fannst mér þetta dálítið ógnvænlegt en svo gerði ég mér grein fyrir því að á næsta ári á ég fjörutíu ára höfundarafmæli. Mín fyrsta bók kom út sumarið 1978 þegar ég var sextán ára gamall. Þess vegna hugsaði ég með mér hvað við hugsum ólíkt um tímann eftir því hvar við erum stödd í lífinu. Þetta er eins og einhver sagði: Hvers vegna óttumst við að hætta að vera til en erum aldrei hrædd við að við höfum aldrei verið til? Þannig að þetta verkefni hefur hjálpað mér að skilja hvernig við hugsum fram og aftur um tímann.“



Katie Paterson við einn af græðlingunum sem eftir hundrað ár verða að pappír bókanna á Framtíðarbókasafninu.

## Lesblind í bókaskógi

Katie Paterson er myndlistarkona, list hennar er fyrst og fremst sjónræn og upplifunarkennd, en skyldi hún alltaf hafa sótt í bækur, verið lestrarhestur eins og þar stendur? „Það er nú það. Ég er bullandi lesblind sem er auðvitað frekar kaldhæðið,“ segir Katie og hlær sínum bjarta hlátri en Sjón segir að það hafi samt ekki komið honum á óvart, því það sé ekki óalgengt að snjallir myndlistarmenn séu einmitt lesblindir. „Finnbogi Pétursson, Sigurður Guðmundsson og margir fleiri snjallir myndlistarmenn eru einmitt lesblindir en búa yfir þessari einstöku færni til þess að tjá hug sinn og tilfinningar með sjónrænum hætti.“

Katie segir að hún hafi ekki einu sinni komist að því að hún væri lesblind fyrr en á síðasta ári í skóla. „Þetta var alveg að fara með mig. Ég skildi ekki hvað þetta var með mig og orð. Þau eru þarna á blaðinu en af hverju vilja þau ekki koma heil í hausinn á mér?

En ég elska að lesa. Það tekur mig bara lengri tíma en aðra og ég þarf að hafa meira fyrir því. Ég þarf að gefa mig alla í lesturinn og ég kemst ekki upp með að hlaupa yfir eitt né neitt. En fyrir vikið þá er ég líka ansi vandfýsin á það sem ég les. En þetta verkefni sem hefur nú tekið nokkur ár í þróun og á eftir að endast mér ævina á enda hefur gefið mér góða afsökun fyrir því að leggjast í lestur. Skoða verk höfunda frá öllum heimshornum en núna erum við komin með stjórn þar sem hugmyndirnar streyma inn og satt best að segja fallast mér nánast hendur yfir öllum þeim bókum sem ég þarf að lesa á næstunni,“ segir Katie skellihlæjandi.

„En núna finnum við líka að ➡

ego dekor

# MIKIÐ ÚRVAL AF FALLEGUM HÚSGÖGNUM




MODESTO LEÐURHORNSÓFI
Stærð: 300X210cm
Verð: 399.900,-

GIRASOLE STÆKKANLEGT BORÐ - HVÍTT MATT
Stærð: 180(240)X100cm
Verð: 158.000,-



STÆKKANLEGT BORÐ - HVÍTT HÁGLANS
Stærð: 160(248)X100cm Verð: 199.000,-
Stærð: 200(288)X110cm Verð: 219.000,-



ARES 3JA SÆTA SÓFI
Breidd: 206cm
Verð: 133.000,-
TILBOÐSVERÐ: 119.700,-



SEAL HORNSÓFI
Stærð: 285X196cm
Verð: 245.000,-
TILBOÐSVERÐ: 220.500,-



GRANDOIS TUNGUSÓFI
Stærð: 305X175cm
Verð: 239.000,-
TILBOÐSVERÐ: 215.100,-

Opið mán - fös: 10.00 - 18.00
Opið um helgina: Lau 10.00 - 16.00 Sun: Lokað

Ego Dekor - Bæjarlind 12
www.egodekor.is

höfundar vilja fá að vera með,“ segir Sjón. „Ég efast ekki um að þessi bókmenntaskógur á eftir að vaxa og dafna. Verða eftirsóttur áfangastaður höfunda á komandi árum. Tilfinningin sem það skilur eftir sig að þessi fallegi skógarstígur á eftir að vera genginn af hundrað höfundum, öllum í sömu erindagjörðum, er sterk. Þetta verður okkar pílagrímsganga á einhvern máta,“ segir Sjón en Katie bætir við að hún komist ekki frá hugmyndinni um að hann hafi látið bók vaxa innra með sér eins og tré vex úr jarðvegi. „Allt byrjaði þetta eins og lítill græðlingur sem náði að festa rætur og svo vex það og dafnar, rætur þess fléttast við rætur hinna trjánna, rétt eins og höfundarnir tengjast allir á einn eða annan hátt, eru hluti af eina og sama bókmenntaskóginum.“

### Sameiginlegur jarðvegur

Sjón tekur undir þetta og segir að vissulega finni hann til sérstakra tengsla við þá höfunda sem tilheyri Framtíðarbókasafninu. „En það sérstaka við okkur þrjú sem njótum þess að vera fyrstu græðlingarnir í skóginum er að við höfum öll hist. Við Margaret Atwood unnum saman að viðburði í Louisianasafninu í Danmörku og þar hittumst við Katie líka fyrst. Mánasteinn var nýkominn út í Danmörku og Margaret var þar að kynna síðasta hluta trílógíunnar sinnar. Við vorum sett saman upp á svið þar sem við áttum í fjörugum samræðum í ríflega klukkustund að tala um heimsvæðingu og Sci-Fi kvikmyndir og bara allt mögulegt.“

„Og þið sunguð bæði,“ rifjar Katie upp með bros á vör. „Alveg rétt,“ svarar Sjón. „Hún píndi mig til þess að syngja, það er ekkert hægt að neita svona konu,“ segir Sjón og hlær. „En við David höfum líka hist og unnum aðeins saman á bókmenntahátíð fyrir ekki svo löngu og mér finnst það skemmtileg tilhugsun að við skulum tengjast með þessum hætti í þessum stóra heimi. Við erum öll afar ólíkir höfundar en það er engu að síður ákveðinn sameiginlegur jarðvegur sem við deilum og nú er hann ekki aðeins hugmynd heldur veruleiki.“

Sjón og Katie kynntust á áðurnefndri ráðstefnu í Louisiana-listasafninu. „Ég sá þarna þessa ungu, skosku listakonu sem gekk á milli höfunda og rétti þeim lítið kort og svo kom hún til mín og sagði mér frá Framtíðarbókasafninu. Þegar ég kom heim þá fletti ég þessu upp og gerði mér strax grein fyrir því að ég þekkti fyrri verk hennar og var hrifinn af þeim. Ég skrifaði henni því strax og sagði henni að hafa mig endilega í huga. Tveimur eða þremur árum síðar fékk ég svo þennan dásamlega tölvupóst sem létti af mér byrði afbrýðiseminnar út í aðra höfunda og núna líður mér miklu betur,“ segir Sjón léttur og hlær við tilhugsunina.



Það var létt yfir skáldinu í skóginum við afhendingu verksins.



Marion Herrera hörpuleikari lék undir söng Ásgerðar Júníusdóttur við afhendingu verksins við mikla hrifningu.

**TVEIMUR EÐA ÞREMUR ÁRUM SÍÐAR FÉKK ÉG SVO ÞENNAN DÁSAMLEGA TÖLVUPÓST SEM LÉTTI AF MÉR BYRÐI AFBRÝÐISEMINNAR ÚT Í AÐRA HÖFUNDA OG NÚNA LÍÐUR MÉR MIKLU BETUR.**

Sjón

### Vann á Íslandi

Katie segir að Sjón hafi snemma verið henni ofarlega í huga enda hafi hún sterk tengsl við Ísland og að sum verka hennar byggi á þeirri reynslu. „Eftir að ég lauk minni fyrstu prófgráðu í Edinborg var ég á höttunum eftir vinnu. Ég fór á vinnumiðlunina og var látin setjast fyrir framan tölvuskjá og byrja að leita en af einhverjum ástæðum leiddi það mig til Íslands. Ég hafði alltaf verið spennt fyrir því að ferðast til Íslands svo tveimur dögum seinna var ég á leiðinni til Íslands þar sem ég vann á Fosshóteli á Norðausturlandi á pínulitlum stað þar sem var ekkert að finna annað en fiskeldisstöð, bensínstöð og hóp af listnemum sem bráðvantaði vinnu. Það var bjart allan sólarhringinn svo við skemmtum okkur ansi vel en í framhaldinu vann ég allmörg verk sem tengjast Íslandi og dvöl minni þar.“

Katie hefur á orði að það fylgi því sérstök tilfinning að horfa aftur til þessa tíma á Íslandi í ljósi þess að hún hafi verið að taka við verki frá íslenskum höfundi inn í Framtíðarbókasafnið. Verkefni sem þegar hafi farið langt fram úr hennar björtustu vonum. „Væntingarnar voru reyndar afar litlar fyrir fimm árum þegar ég ætlaði að leggja þetta frá mér eða kannski í mesta lagi leyfa því að vera með í bók um hugmyndir sem ég er að vinna að. Þannig að þetta gleður mig óendanlega mikið. Verkið er hluti af alvöru skógi í alvöru borg sem hefur tekið verkinu fagnandi. Er í höndunum á fólki sem ég treysti til þess að klára verkefnið sem er auðvitað lykilatriði. Það er ekkert sjálfgefið.

Málið er að ef ég hefði ekki trú á þessu þá gæti ég ekki hugsað mér að biðja höfunda um að taka þátt því það felur í sér svo mikla skuldbindingu. Skuldbindingu fyrir höfundana og fyrir borgina inn í framtíð sem við vitum ekkert um.“

Sjón tekur undir þetta og segir að það sé í raun magnað að það hafi tekist að finna þessu verki farveg. „Þetta verk fann Anne Beate og það er mikilvægt að það komi fram að hún er manneskja sem hefur djúpan skilning á listrænni hlið verksins og tekur það í fangið á sama tíma og hún býr yfir færni, þekkingu og drifkrafti til þess að láta þetta verða að veruleika. Hún hefur hæfileikann til þess að fá fólk í lið með sér og til að mynda það að í nýja bókasafninu sem er verið að byggja hérna í Ósló verði sérstakt herbergi tileinkað þessu verkefni felur í sér svo mikla framtíðarsýn. Það er hennar verk, þessi framtíðarsýn og óþrjótandi kraftur.“

### Hefur dimma sýn

Sjón bætir við að það sé líka mikilvægt að höfundar finni hvaða merkingu verkið hefur fyrir þá persónulega og í þeirra samtíma. „Margaret Atwood hefur sagt að fyrir henni standi Framtíðarbókasafnið fyrir von. Ég ætla að segja að fyrir mér sé það frábær fyrirmynd að því hvað við getum gert þegar við vinnum saman og í þágu framtíðarinnar.“

Sjón bendir einnig á að fyrir okkar samtíma sé Framtíðarbókasafnið auðvitað hápólitískt verkefni. Katie tekur undir þetta og segir það vissulega rétt og að auki þá hafi verkefnið gjörbreytt hugmyndum hennar og væntingum til þess hvað er mögulegt og hvað ómögulegt. „Ég trúi ekki hversu vel þetta hefur gengið. Það er svo oft í þessum geira að það þarf að yfirstíga endalaust margar hindranir en þetta hefur í raun flogið áfram.

Það verður líka að hrósa íbúum í Ósló í þessu samhengi,“ segir Sjón og minnir á að í Ósló er mikill skilningur á umhverfismálum og mikill vilji fólks til þess að leggja sitt af mörkum. „Þetta hugarfar hentaði þessari hugmynd, þessu verki, og ég held að fáar þjóðir hefðu tekið þessu svo opnum örmum.“

Þetta jákvæða viðhorf sem Sjón hefur til Óslóarbúa endurspeglar kannski þá jákvæðu sýn sem hann setti fram varðandi framtíðina við afhendingu verksins. „Já, ætli það megi ekki segja það,“ svarar hann. „Almennt séð hef ég samt afar dimma sýn á mannkynið,“ bætir hann við og hlær. „Ég held að okkur sé ekki viðbjargandi að svo ótal mörgu leyti. En velgengni mannkyns á þessari jörð ætti þó þrátt fyrir allt að veita okkur einhverja von. Svartsýni mun ekki fleyta okkur fram á við í þeirri stöðu sem við erum í varðandi umhverfið. Þannig að þó að ég sé níhílisti þá held ég að með því að varpa svona litlum, klikkuðum hugmyndum á borð við Framtíðarbókasafnið út í heiminn þá getum við gert hann betri. Þetta ætti að gefa okkur von þrátt fyrir vonleysi mannkyns.“







Fjölskyldudagur Forlagsins
Fiskislóð 39
laugardaginn 10. júní
kl. 13 – 15
BERNSKUBREK ÆVARS VÍSINDAMANNS
GESTIR ÚR UTAN GEIMNUM
ÆVAR ÞÓR BENEDIKTSSON
ÆVAR kl. 13.00
VILBORG pólfari fer með krakka í útileiki kl. 14–15
ÚTILÍFSBÓK FJÖLSKYLDUNNAR
Ævar og Vilborg kynna og árita bækurnar sínar
Gefins plaköt
Kveikt verður á grillinu kl. 13
Pylsur og djús *
* á meðan birgðir endast
Íspinnar, kaffi, kleinur og popp*
ALLIR SEM VERSLA FÁ BÓK AÐ GJÖF!
ANDLITSMÁLUN
í boði Sirkuss Íslands
kl. 13.15 – 15
FORLAGIÐ
LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA
Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–18 | laugardaga 11–15 | www.forlagid.is

LAUGARÁS BÍÓ
midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar




SAMBÍÓIN SAMbio.is
KAUPTU BÍÓMIÐANN Í SAMBÍÓ APPINU




| ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| THE MUMMY | KL. 5:30 - 8 - 10:20 |
| THE MUMMY VIP | KL. 8 |
| WONDER WOMAN 2D | KL. 2 - 5 - 8 - 10:55 |
| WONDER WOMAN 2D VIP | KL. 10:20 |
| BAYWATCH | KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 |
| PIRATES 3D | KL. 2:30 - 5:15 - 8 - 10:45 |
| PIRATES 2D VIP | KL. 2:30 - 5:15 |
| KING ARTHUR 2D | KL. 10:45 |
| SPARK ÍSL TAL | KL. 1:30 - 3:30 |
| GUARDIANS OF THE GALAXY 2D | KL. 5:15 - 8 |
| BEAUTY AND THE BEAST 2D | KL. 2:30 |

| EGILSHÖLL | |
|---|---|
| THE MUMMY | KL. 3 - 5:40 - 8 - 10:20 |
| WONDER WOMAN 2D | KL. 2 - 5 - 7:50 - 10:40 |
| BAYWATCH | KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 |
| PIRATES 2D | KL. 2 - 5 - 7:50 - 10:30 |

| KEFLAVÍK | |
|---|---|
| THE MUMMY | KL. 5:30 - 8 |
| WONDER WOMAN 3D | KL. 10:20 |
| BAYWATCH | KL. 8 |
| PIRATES 3D | KL. 2:30 |
| PIRATES 2D | KL. 5:15 - 10:30 |
| SPARK ÍSL TAL | KL. 2:15 |

| KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | |
|---|---|
| WONDER WOMAN 3D | KL. 1:20 - 4:20 - 7:20 - 10:15 |
| BAYWATCH | KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 |
| PIRATES 2D | KL. 1:45 - 4:30 - 7:15 - 10 |
| SPARK ÍSL TAL | KL. 1 |

| AKUREYRI | |
|---|---|
| WONDER WOMAN 3D | KL. 8 - 10:55 |
| BAYWATCH | KL. 5:30 - 8 |
| PIRATES 3D | KL. 2:30 - 5:15 |
| PIRATES 2D | KL. 10:30 |
| SPARK ÍSL TAL | KL. 3 |

SPARBÍÓ MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU KR.950

# Hvað? Hvenær? Hvar? Laugardagur

hvar@frettabladid.is

## 10. JÚNÍ 2017

### Tónlist

**Hvað?** Skúli og Ólöf
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi
Tónleikar með Ólöfu Arnalds og Skúla Sverrissyni í Mengi. 2.500 krónur miðinn, seldir við innganginn eða í gegnum booking@mengi.net.

**Hvað?** Babies tónleikar
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Húrra
Hressu kisurnar í Babiesflokknum ætla að trylla allt enn einu sinni. Því þekkið þetta. Frítt er inn á þessa sumartónleika.



**Moses Hightower heldur útgáfutónleika í Lucky Records.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**Hvað?** Moses Hightower með útgáfuparti
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Lucky Records
Hljómsveitin Moses Hightower sendi frá sér sína þriðju breiðskífu í gær og ætlar af því tilefni að halda útgáfupartí í Lucky Records í kvöld. Nýja platan, sem ber heitið Fjallaloft, verður til sölu.

**Hvað?** Dynfari útgáfutónleikar
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Gauknum
Dynfari fagnar útgáfu fjórðu breiðskífu sinnar, The Four Doors of the Mind, með tónleikum. Sérstakir gestir verða hljómsveitin Auðn sem hefur gert garðinn frægan á tónlistarhátíðum á borð við Hróarskeldu, Wacken, Inferno og Roadburn.

**Hvað?** Dillalude á Prikinu
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Prikinu
Það er ekki á hverjum degi sem allir meðlimir Dillalude nást saman í bænum. Sláum því upp veislu og eru allir velkomnir og frítt inn að vanda. Góð upphitun fyrir Secret Solstice.

### Sýningar

**Hvað?** Carrie hryllingssýning – Late Night Screening!
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Bíó Paradís
Yfirnáttúrulegir hæfileikar menntaskólastúlkunnar Carrie (Sissy Spacek) hjálpa henni að klekkja á skólasystrum sínum er þær niðurlægja hana á skólaballi. Ein af bestu myndunum sem byggðar eru á sögum Stephens Kings. Myndin verður sýnd á Hryllingskvöldi í kvöld.

# Sunnudagur

## 11. JÚNÍ 2017

### Uppákomur

**Hvað?** Sunnudagsjóga
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Lofti
Frítt sunnudagsjóga undir leiðsögn Viktors Más. Allir velkomnir en þátttakendur eiga að mæta með sína eigin mottu.

**Hvað?** Götumarkaður við Borgarstíg
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Framnesvegi
Á sjómannadaginn verður þessi árlegi götumarkaður haldinn á millistígnum okkar, Borgarstíg, þar sem bakgarðar húsa við Framnesveg og Seljaveg mætast. Nágrannar við Borgarstíg gera sér glaðan dag ásamt vinum og vandamönnum.

**Hvað?** Breiðholt Festival 2017
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Ystaseli 37
Listahátíðin Breiðholt Festival veður haldin í kringum skúlptúrgarð Hallsteins Sigurðssonar, í hjarta Seljadals. Breiðholt Festival er menningarhátíð sem gerir listamönnum sem tengjast Breiðholti og þeirri fjölbreyttu listsköpun sem fram fer í hverfinu hátt undir höfði. Í boði verður fjölbreytt úrval listviðburða; tónlist, myndlist, innsetningar, danslist, leikhús. En að auki verður matarmarkaður, gestum boðið upp á „float“ í Ölduselslaug og sitthvað fleira.

**Hvað?** Kristallasýning og -sala
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Jógasal Ljósheima
Vegleg kristallasýning og -sala þar sem gestir finna hundruð tegunda kristalla og steina, stórra sem smárra, frá öllum heimshornum. Allir steinar sem seldir eru í Ljósheimum eru sérvaldir af kristallakonunni Selinu Woolf en Selina verður einmitt á staðnum til að veita ráðleggingar.

**Hvað?** Kaffislippur 2 ára
**Hvenær?** 07.00
**Hvar?** Kaffislippur
Kaffislippur fagnar 2 ára afmæli og af því tilefni verður Togarakaffi (uppáhellt), bananabrauð og fleira á tilboði. Margrét Arnardóttir kemur og spilar á harmmóníku fyrir gesti og gangandi.

### Fyrirlestrar

**Hvað?** Hvernig er að alast upp í SOS Barnaþorpi?
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Center Hotel Plaza
Daliborka Matanovic flúði stríðið í Bosníu ásamt fjölskyldu sinni þegar hún var ung stelpa. Þegar Daliborka nálgaðist unglingsárin missti hún báða foreldra sína og eftir sátu þau systkinin munaðarlaus í Króatíu. Hún þurfti að sjá um yngri systkini sín en fljótlega eignuðust þau nýtt heimili hjá SOS Barnaþorpunum í Króatíu og ólust þar upp. Hún mun halda fyrirlestur.

### Tónlist

**Hvað?** Sunnudjass / Daníel Friðrik Böðvarsson
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Bryggjunni Brugghúsi
Gítarleikarinn Daníel Friðrik Böðvarsson kíkir heim frá Berlín til að gleðja tónelska. Hann fær í lið með sér Andra Ólafsson bassaleikara og Magnús Trygvason Eliassen trymbil.

LAUGARÁS BÍÓ
Ódýrt í bíó
midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar




TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

SAMBÍÓIN SAMbio.is




SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓANNA
KR. 950




BIO ★ PARADIS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| Knight Of Cups | 17:30 |
